

Stjórnartíðindi

1944 - A-deild

Útgáfa 1.0.1 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu

Á milli bls. 52 og 53 er litmynd af fána á stöng, og er hún ekki hluti af blaðsíðuröðinni.

Galli á bls. 149.

Í útg. 1.0.1 voru skannaðar nýjar síður nr. IX-X, 39, og 43-45, en þær voru áður álitnar gallaðar.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

STJÓRNARTÍÐINDI

1944

A-DEILD

REYKJAVÍK 1944
RÍKISPRENTSMÍÐJAN GUTENBERG



Efnisyfirlit.

| Nr. | Dagsetning | Fyrirsögn | Blaðsíðutal |
|-----|------------|---|-------------|
| 1 | 21. jan. | Lög um lestrarfélög og kennslukvikmyndir | 1—2 |
| 2 | S. d. | Lög um ófriðartryggingar | 2—8 |
| 3 | 4. febr. | Auglýsing um að út séu gefnir nýir 500 króna banka- seðlar samkvæmt lögum um Landsbanka Íslands. | 9 |
| 4 | 11. febr. | Auglýsing frá fjármálaráðuneytinu, er varðar inn- heimtu á veitingaskatti | 9 |
| 5 | 9. marz | Lög um breyting á lögum nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði | 10 |
| 6 | S. d. | Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1944 | 10 |
| 23 | S. d. | Ríkisstjórabréf um frestun á fundum Alþingis | 34 |
| 24 | 19. marz | Auglýsing um staðfesting ríkisstjóra Íslands á breyt- ingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, nr. 47 frá 30. júní 1942 | 34 |
| 7 | 24. marz | Lög um breyting á lögum nr. 42/1943, um dýrtíðar- ráðstafanir | 11 |
| 8 | S. d. | Lög um breyting á lögum nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verkvið landlæknis og störf héraðslækna, og lögum um breyting á þeim lög- um, nr. 58 7. maí 1940 og nr. 52 30. júní 1942 . | 11—13 |
| 9 | S. d. | Lög um stuðning við nýbyggingu fiskiskipa | 13—15 |
| 10 | S. d. | Hafnarlög fyrir Siglufjarðarkaupstað | 16—19 |
| 11 | S. d. | Hafnarlög fyrir Bolungavík | 19—22 |
| 12 | S. d. | Lög um breyting á hafnarlögum fyrir Ísafjörð, nr. 34 frá 19. júní 1922 | 22—23 |
| 13 | S. d. | Lög um lendingarbætur í Breiðdalsvík | 23—25 |
| 14 | S. d. | Lög um lendingarbætur í Höfnum í Gullbringusýslu | 25—27 |
| 15 | S. d. | Lög um breyting á lögum nr. 32 11. júní 1942, um váttryggingarfélög fyrir vélbáta | 27 |
| 16 | S. d. | Lög um breyting á lögum nr. 88 frá 1941, um girð- ingar til varnar gegn útbreiðslu næmra sauðfjár- sjúkdóma og heimild til samþykktu um fjárskipti | 28 |
| 17 | S. d. | Lög um tilhögun atkvæðagreiðslu um þingsályktun um niðurfelling dansk-íslenzka sambandslagasam- ningsins frá 1918 og lýðveldisstjórnarskrá Íslands . | 28—30 |

| Nr. | Dagsetning | Fyrirsögn | Blaðsíðatal |
|-----|------------|---|-------------------------|
| 18 | 24. marz | Lög um réttindi danskra ríkisborgara á Íslandi | 31 |
| 19 | S. d. | Lög um breyting á lögum nr. 32 19. maí 1930, um Menntaskóla á Akureyri | 31 |
| 20 | S. d. | Lög um breyting á lögum nr. 98 9. júlí 1941, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna | 32 |
| 21 | S. d. | Lög um að gjafir til barnaspítala skuli dregnar frá skattskyldum tekjum gefenda við álagningu skatta til ríkis og bæjar eða sveitar | 32 |
| 22 | S. d. | Lög um breyting á lögum nr. 69 27. júní 1941, um sparisjóði | 33 |
| 27 | 30. marz | Auglýsing um lækkun aðflutningsgjalda á kornvörum og sykri | 36 |
| 25 | 26. apríl | Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 6 9. janúar 1935, um tekjuskatt og eignarskatt | 34—35 |
| 26 | S. d. | Bráðabirgðalög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að kaupa eignir setuliðsins á Íslandi | 35—36 |
| 28 | 26. maí | Ríkisstjórabréf um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda laugardaginn 10. júní 1944 | 37 |
| 29 | 31. maí | Bráðabirgðalög um heimild fyrir Þjóðhátíðarnefnd lýðveldisstofnunar á Íslandi til að taka í sínar hendur umráð yfir bifreiðum 16.—18. júní 1944 . | 37 |
| 30 | 14. júní | Ríkisstjórabréf um að Alþingi skuli koma saman á Þingvöllum | 38 |
| 31 | S. d. | Lög um leigunám veitingasala o. fl. á Hótel Borg í Reykjavík til veizlufagnaðar á lýðveldishátíðinni . | 38 |
| 32 | 16. júní | <i>Sambands slit Íslands og Danmerkur:</i> I. Þingsályktun um niðurfelling dansk-íslenska sambandslagasamningsins frá 1918 II. Auglýsing um niðurstöður atkvæðagreiðslu 20.—23. maí 1944 III. Þingsályktun um niðurfelling dansk-íslenska sambandslagasamningsins frá 1918 | 39 39—40 40 |
| 33 | S. d. | <i>Lýðveldissjórnarskrá:</i> I. Auglýsing um niðurstöður atkvæðagreiðslu 20.—23. maí 1944 II. Þingsályktun um gildistöku Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands III. Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands IV. Úr gerðabók sameinaðs Alþingis 1944 | 41 42 42—51 51 |
| 34 | S. d. | Lög um þjóðfána Íslendinga | 52—54 |
| 35 | S. d. | Forsetaúrskurður um skjaldarmerki Íslands | 54 |
| 36 | S. d. | Lög um breyting á 85. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febr. 1940 | 55 |
| 37 | S. d. | Lög um laun forseta Íslands | 55—56 |
| 38 | 20. júní | Forsetabréf um þingfrestun | 56 |

| Nr. | Dagsetning | Fyrirsögn | Blaðsíðutal |
|-----|------------|--|-------------|
| 39 | 8. júlí | Forsetaúrskurður um merki forseta Íslands | 56 |
| 40 | S. d. | Forsetaúrskurður um fána forseta Íslands | 57 |
| 41 | S. d. | Forsetabréf um heiðursmerki vegna endurreisnar lýð- veldisins | 57 |
| 42 | 11. júlí | Forsetabréf um hina íslenzku fálkaorðu | 58—59 |
| 43 | 24. júlí | Auglýsing um forsetakjör | 60 |
| 44 | 17. ágúst | Forsetaúrskurður um fánadaga o. fl. | 60 |
| 45 | S. d. | Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til fram- haldsfunda | 61 |
| 46 | 23. ágúst | Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands | 61 |
| 47 | 2. sept. | Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn úr utan- för og hafi aftur tekið við stjórnarstörfum | 61 |
| 48 | 14. sept. | Reglugerð um diplomatisk vegabréf | 62—63 |
| 49 | 21. sept. | Forsetaúrskurður um breytingu á ríkisstjóraúrskurði 16. des. 1942, um breytingu um stundarsakir á konungsúrskurði 29. des. 1924, um skipun og skipt- ing starfa ráðherra o. fl. | 63 |
| 50 | 10. okt. | Lög um lendingarbætur á Hvalskeri við Patreksfjörð | 64—65 |
| 51 | S. d. | Lög um lendingarbætur í Örlygshöfn við Patreksfjörð | 66—67 |
| 52 | 12. okt. | Lög um breyting á lögum nr. 73 4. júlí 1942, um Brunabótafélag Íslands | 68 |
| 53 | S. d. | Lög um lendingarbætur á Sæbóli í Aðalvík | 69—70 |
| 54 | S. d. | Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1945 með viðauka | 71 |
| 55 | 17. okt. | Lög um lendingarbætur á Látrum í Aðalvík | 71—73 |
| 56 | 21. okt. | Forsetaúrskurður um skipun og skipting starfa ráð- herra o. fl. | 73—74 |
| 57 | 31. okt. | Lög um tilraunastöð í jarðrækt á Reykhólum | 75 |
| 58 | S. d. | Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja hálfá Skáldalækjareyju í Svarfaðardal og eyðijörðina Hvarfsdal í Skarðshreppi í Dalasýslu | 75—76 |
| 59 | S. d. | Lög um lækningaleyfi til handa dr. Karl Kroner | 76 |
| 60 | S. d. | Lög um bæjarstjórn í Ólafsfirði | 76—80 |
| 61 | S. d. | Lög um byggingarmálefni Reykjavíkur | 80—82 |
| 62 | 27. nóv. | Lög um nýbyggingarráð | 82—83 |
| 63 | 1. des. | Lög um breyting á ljósmæðralögum, nr. 17 19. júní 1933 | 83 |
| 64 | S. d. | Lög um heilsuverndarstöðvar | 83—84 |
| 65 | S. d. | Lög um breyting á lögum nr. 99 16. des. 1943, um ábyrgð ríkissjóðs á tjóni, sem hlýzt af veru her- liðs Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi | 85 |
| 75 | 20. des. | Lög um breyting á hafnarlögum fyrir Akureyrarkaup- stað nr. 62 3. nóv. 1915 | 163—164 |
| 76 | S. d. | Lög um Hjúkrunarkvinnaskóla Íslands | 164—165 |
| 77 | S. d. | Lög um breyting á lögum nr. 21 14. júní 1929, um hafnargerð á Skagaströnd | 165—166 |
| 66 | 28. des. | Lög um breyting á og viðauka við lög nr. 36 30. júlí | |

| Nr. | Dagsetning | Fyrirsögn | Blaðsíðutal |
|-----|------------|---|-------------|
| | | 1909, um laun háskólakennara, og um breyting á lögum nr. 21 1. febr. 1936, um Háskóla Íslands . | 85—86 |
| 67 | 28. des. | Lög um breyting á lögum nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði | 86 |
| 68 | S. d. | Hafnarlög fyrir Ólafsfjörð | 86—89 |
| 69 | S. d. | Lög um lendingarbætur í Djúpavogi | 89—91 |
| 70 | S. d. | Lög um lendingarbætur í Selárdal í Ketildalahreppi | 91—93 |
| 71 | 30. des. | Lög um breyting á hafnarlögum fyrir Neskaupstað nr. 66 4. júlí 1942 | 93—94 |
| 72 | S. d. | Fjárlög fyrir árið 1945 | 95—162 |
| 73 | S. d. | Lög um veiting ríkisborgararéttar | 162—163 |
| 74 | S. d. | Lög um breyting á lögum nr. 39 30. júní 1942, um breyting á lögum nr. 26 13. jan. 1938, um bændaskóla | 163 |

Yfirlit

eftir stafrófsröð.

| Nr. | Dagsetning | Fyrirsögn | Blaðsíðutal |
|--------------------------------|------------|---|-------------|
| Alþingi. | | | |
| 23 | 9. marz | Ríkisstjórabréf um frestun á fundum Alþingis | 34 |
| 28 | 26. maí | Ríkisstjórabréf um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda laugardaginn 10. júní 1944 | 37 |
| 30 | 14. júní | Ríkisstjórabréf um að Alþingi skuli koma saman á Þingvöllum | 38 |
| 38 | 20. júní | Forsetabréf um þingfrestun | 56 |
| 45 | 17. ágúst | Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda | 61 |
| Bankamál. | | | |
| 3 | 4. febr. | Auglýsing um að út séu gefnir nýir 500 króna banka-seðlar samkvæmt lögum um Landsbanka Íslands . | 9 |
| Brunabótafélag Íslands. | | | |
| 52 | 12. okt. | Lög um breyting á lögum nr. 73 4. júlí 1942, um Brunabótafélag Íslands | 68 |
| Bæjarmálefni. | | | |
| 60 | 31. okt. | Lög um bæjarstjórn í Ólafsvík | 76—80 |
| 61 | S. d. | Lög um byggingarmálefni Reykjavíkur | 80—82 |
| Bændaskóli. | | | |
| 74 | 30. des. | Lög um breyting á lögum nr. 39 30. júní 1942, um breyting á lögum nr. 26 13. jan. 1938, um bændaskóla | 163 |
| Dýrtíðarráðstafanir. | | | |
| 7 | 24. marz | Lög um breyting á lögum nr. 42/1943, um dýrtíðarráðstafanir | 11 |
| 20 | S. d. | Lög um breyting á lögum nr. 98 9. júlí 1941, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna | 32 |

VIII

| Nr. | Dagsetning | Fyrirsögn | Blaðsíðatal |
|--------------------------|------------|--|-------------|
| Einkamálalöggjöf. | | | |
| 5 | 9. marz | Lög um breyting á lögum nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði | 10 |
| 67 | 28. des. | Lög um breyting á lögum nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði | 86 |
| Fáninn. | | | |
| 34 | 17. júní | Lög um þjóðfána Íslendinga | 52—54 |
| 40 | 8. júlí | Forsetaúrskurður um fána forseta Íslands | 57 |
| 44 | 17. ágúst | Forsetaúrskurður um fánadaga o. fl. | 60 |
| Fasteignasala. | | | |
| 58 | 31. okt. | Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja hálfá Skáldalækjareyju í Svarfaðardal og eyðijörðina Hvarfsdal í Skarðshreppi í Dalasýslu | 75—76 |
| Fjárlög. | | | |
| 72 | 30. des. | Fjárlög fyrir árið 1945 | 95—162 |
| Forsetinn. | | | |
| 37 | 17. júní | Lög um laun forseta Íslands | 55—53 |
| 39 | 8. júlí | Forsetaúrskurður um merki forseta Íslands | 56 |
| 40 | S. d. | Forsetaúrskurður um fána forseta Íslands | 57 |
| 43 | 24. júlí | Auglýsing um forsetakjör | 60 |
| Fræðslumál. | | | |
| 1 | 21. jan. | Lög um lestrarfélög og kennslukvikmyndir | 1—2 |
| Hafnarlög. | | | |
| 10 | 24. marz | Hafnarlög fyrir Siglufjarðarkaupstað | 16—19 |
| 11 | S. d. | Hafnarlög fyrir Bolungavík | 19—22 |
| 12 | S. d. | Lög um breyting á hafnarlögum fyrir Ísafjörð, nr. 34 frá 19. júní 1922 | 22—23 |
| 75 | 20. des. | Lög um breyting á hafnarlögum fyrir Akureyrarkaupstað, nr. 62 3. nóv. 1915 | 163—164 |
| 77 | S. d. | Lög um breyting á lögum nr. 21 14. júní 1929, um hafnargerð á Skagaströnd | 165—166 |
| 68 | 28. des. | Hafnarlög fyrir Ólafsfjörð | 86—89 |
| 71 | 30. des. | Lög um breyting á hafnarlögum fyrir Neskaupstað, nr. 66 4. júlí 1942 | 93—94 |
| Háskólinn. | | | |
| 24 | 19. marz | Auglýsing um staðfesting ríkisstjóra Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, nr. 47 frá 30. júní 1942 | 34 |

IX

| Nr. | Dagsetning | Fyrirsögn | Blaðsíðatal |
|--|------------|--|-------------|
| 66 | 28. des. | Lög um breyting á og viðauka við lög nr. 36 30. júlí 1909, um laun háskólakennara, og um breyting á lögum nr. 21 1. febr. 1936, um Háskóla Íslands . | 85—86 |
| Hegningarlög. | | | |
| 36 | 17. júní | Lög um breyting á 85. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febr. 1940 | 55 |
| Heiðursmerki. | | | |
| 41 | 8. júlí | Forsetabréf um heiðursmerki vegna endurreisnar lýðveldisins | 57 |
| 42 | 11. júlí | Forsetabréf um hina íslensku fálkaorðu | 58—59 |
| Heilbrigðismál. | | | |
| 8 | 24. marz | Lög um breyting á lögum nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna, og lögum um breyting á þeim lögum nr. 58 7. maí 1940 og nr. 52 30. júní 1942 | 11—13 |
| 59 | 31. okt. | Lög um lækningaleyfi til handa dr. Karl Kroner ... | 76 |
| 64 | 1. des. | Lög um heilsuverndarstöðvar | 83—84 |
| 76 | 20. des. | Lög um Hjúkrunarkvinnaskóla Íslands | 164—165 |
| Hjúkrunarkvinnaskóli, sjá heilbrigðismál. | | | |
| Landbúnaður. | | | |
| 16 | 24. marz | Lög um breyting á lögum nr. 88 frá 1941, um girðingar til varnar gegn útbreiðslu næmra sauðfjár-sjúkdóma og heimild til samþykktu um fjárskipti | 28 |
| 57 | 31. okt. | Lög um tilraunastöð í jarðrækt á Reykhólum | 75 |
| 74 | 30. des. | Lög um breyting á lögum nr. 39 30. júní 1942, um breyting á lögum nr. 26 13. jan. 1938, um bændaskóla | 163 |
| Leigunám. | | | |
| 29 | 31. maí | Bráðabirgðalög um heimild fyrir Þjóðhátíðarnefnd lýðveldisstofnunar á Íslandi til að taka í sínar hendur umráð yfir bifreiðum 16.—18. júní 1944 . | 37 |
| 31 | 14. júní | Lög um leigunám veitingasala o. fl. á Hótel Borg í Reykjavík til veizlufagnaðar á lýðveldishátíðinni . | 38 |
| Lendingarbætur. | | | |
| 13 | 24. marz | Lög um lendingarbætur í Breiðdalsvík | 23—25 |
| 14 | S. d. | Lög um lendingarbætur í Höfnum í Gullbringusýslu | 25—27 |
| 50 | 10. okt. | Lög um lendingarbætur á Hvalskeri við Patreksfjörð | 64—65 |
| 51 | S. d. | Lög um lendingarbætur í Örlygshöfn við Patreksfjörð | 66—67 |
| 53 | 12. okt. | Lög um lendingarbætur á Sæbóli í Aðalvík | 69—70 |

| Nr. | Dagsetning | Fyrirsögn | Blaðsíðatal |
|---|------------|--|-------------|
| 55 | 17. okt. | Lög um lendingarbætur á Látrum í Aðalvík | 71—73 |
| 69 | 28. des. | Lög um lendingarbætur í Djúpavogi | 89—91 |
| 70 | S. d. | Lög um lendingarbætur í Selárdal í Ketildalahreppi | 91—93 |
| Ljósmaður. | | | |
| 63 | 1. des. | Lög um breyting á ljósmaðralögum, nr. 17 19. júní 1933 | 83 |
| Lýðveldisstofnun. | | | |
| 17 | 24. marz | Lög um tilhögun atkvæðagreiðslu um þingsályktun um niðurfelling dansk-íslenska sambandslagasamningsins frá 1918 og lýðveldisstjórnarskrá Íslands . | 28—30 |
| 30 | 14. júní | Ríkisstjórabréf um að Alþingi skuli koma saman á Þingvöllum | 38 |
| 32 | 16. júní | <i>Sambandslit Íslands og Danmerkur:</i> I. Þingsályktun um niðurfelling danzk-íslenska sambandslagasamningsins frá 1918 | 39 |
| | | II. Auglýsing um niðurstöður atkvæðagreiðslu 20.—23. maí 1944 | 39—40 |
| | | III. Þingsályktun um niðurfelling danzk-íslenska sambandslagasamningsins frá 1918 | 40 |
| 33 | S. d. | <i>Lýðveldisstjórnarskrá:</i> I. Auglýsing um niðurstöður atkvæðagreiðslu 20.—23. maí 1944 | 41 |
| | | II. Þingsályktun um gildistöku stjórnarskrár lýðveldisins Íslands | 42 |
| | 17. júní | III. Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands | 42—51 |
| | | IV. Úr gerðabók sameinads Alþingis 1944 | 51 |
| 34 | S. d. | Lög um þjóðfána Íslendinga | 52—54 |
| 35 | S. d. | Forsetaúrskurður um skjaldarmerki Íslands | 54 |
| 39 | 8. júlí | Forsetaúrskurður um merki forseta Íslands | 56 |
| 40 | S. d. | Forsetaúrskurður um fána forseta Íslands | 57 |
| 41 | S. d. | Forsetabréf um heiðursmerki vegna endurreisnar lýðveldisins | 57 |
| Lækningaleyfi, sjá heilbrigðismál. | | | |
| Nýbyggingarráð. | | | |
| 62 | 27. nóv. | Lög um nýbyggingarráð | 82—83 |
| Ófriðarráðstafanir. | | | |
| 2 | 21. jan. | Lög um ófriðartryggingar | 2—8 |
| Ríkisborgaréttur. | | | |
| 18 | 24. marz | Lög um réttindi danskra ríkisborgara á Íslandi | 31 |
| 73 | 30. des. | Lög um veiting ríkisborgaréttar | 162—163 |

| Nr. | Dagsetning | Fyrirsögn | Blaðsíðutal |
|-------------------------------|------------|--|-------------|
| Ríkisstjórn. | | | |
| 43 | 24. júlí | Auglýsing um forsetakjör | 60 |
| 46 | 23. ágúst | Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands | 61 |
| 47 | 2. sept. | Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn úr utanför og hafi aftur tekið við stjórnarstörfum | 61 |
| 49 | 21. sept. | Forsetaúrskurður um breytingu á ríkisstjóraúrskurði 16. des. 1942, um breytingu um stundarsakir á konungsúrskurði 29. des. 1942, um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl. | 63 |
| 56 | 21. okt. | Forsetaúrskurður um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl. | 73—74 |
| Sambandslagasamningur. | | | |
| 17 | 24. marz | Lög um tillöggun atkvæðagreiðslu um þingsályktun um niðurfelling dansk-íslenska sambandslagasamningsins frá 1918 og lýðveldisstjórnarskrá Íslands . | 28—30 |
| 32 | 16. júní | <i>Sambands slit Íslands og Danmerkur:</i> I. Þingsályktun um niðurfelling dansk-íslenska sambandslagasamningsins frá 1918 | 39 |
| | | II. Auglýsing um niðurstöður atkvæðagreiðslu 20.—23. maí 1944 | 39—40 |
| | | III. Þingsályktun um niðurfelling dansk-íslenska sambandslagasamningsins frá 1918 | 40 |
| Setuliðsmál. | | | |
| 26 | 26. apríl | Bráðabirgðalög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að kaupa eignir setuliðsins á Íslandi | 35—36 |
| 65 | 1. des. | Lög um breyting á lögum nr. 99 16. des. 1943, um ábyrgð ríkissjóðs á tjóni, sem hlýzt af veru herliðs Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi | 85 |
| Siglingar, skip. | | | |
| 9 | 24. marz | Lög um stuðning við nýbyggingu fiskiskipa | 13—15 |
| 15 | S. d. | Lög um breyting á lögum nr. 32 11. júní 1942, um váttryggingarfélög fyrir vélbáta | 27 |
| Skattar, tollar. | | | |
| 4 | 11. febr. | Auglýsing frá fjármálaráðuneytinu, er varðar innheimtu á veitingaskatti | 9 |
| 7 | 24. marz | Lög um breyting á lögum nr. 42/1943, um dýrtíðar-ráðstafanir | 11 |
| 6 | 9. marz | Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1944 | 10 |
| 20 | 24. marz | Lög um breyting á lögum nr. 98 9. júlí 1941, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna | 32 |

| Nr. | Dagsetning | Fyrirsögn | Blaðsíðutal |
|--------------------------------|------------|---|-------------|
| 21 | S. d. | Lög um, að gjafir til barnaspítala skuli dregnar frá skattskyldum tekjum gefenda við álagningum skatta til ríkis og bæjar eða sveitar | 32 |
| 25 | 26. apríl | Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 6 9. janúar 1935, um tekjuskatt og eignarskatt | 34—35 |
| 27 | 30. marz | Auglýsing um lækkun aðflutningsgjalda á kornvörum og sykri | 36 |
| 54 | 12. okt. | Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1945 með viðauka | 71 |
| . Skjaldarmerki Íslands. | | | |
| 35 | 17. júní | Forsetaúrskurður um skjaldarmerki Íslands | 54 |
| Skólamál. | | | |
| 19 | 24. marz | Lög um breyting á lögum nr. 32 19. maí 1930, um Menntaskóla á Akureyri | 31 |
| 24 | 19. marz | Auglýsing um staðfesting ríkisstjóra Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, nr. 47 frá 30. júní 1942 | 34 |
| 76 | 20. des. | Lög um Hjúkrunarkvinnaskóla Íslands | 164—165 |
| 74 | 30. des. | Lög um breyting á lögum nr. 39 30. júní 1942, um breyting á lögum nr. 26 13. jan. 1938, um bændaskóla | 163 |
| Sparisjóðir. | | | |
| 22 | 24. marz | Lög um breyting á lögum nr. 69 27. júní 1941, um sparisjóði | 33 |
| 33 | 17. júní | Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands | 42—51 |
| Vegabréf. | | | |
| 48 | 14. sept. | Reglugerð um diplomatisk vegabréf | 62—63 |
| Vélbátar, sjá siglingar, skip. | | | |

L Ö G

1

21. jan.

um lestrarfélög og kennslukvikmyndir.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég samkvæmt 4. gr. laga nr. 120 30. des. 1943, um breyting á lögum nr. 57 29. des. 1937, um lestrarfélög og kennslukvikmyndir, og lögum nr. 75 1942, um breyting á þeim lögum, hef látið fella meginmál hinna fyrstnefndu laga og laga nr. 75 1942 inn í texta laga nr. 57 1937, og gef þau hér með út svo breytt sem lög um lestrarfélög og kennslukvikmyndir:

1. gr.

Lestrarfélög utan þeirra kaupstaða eða kauptúna, þar sem amts-, bæjar- eða sýslubókasöfn eru starfandi og kennslukvikmyndasafn, er stofna skal að tilhlutun fræðslumálastjórnarinnar, skulu njóta styrks samkvæmt lögum þessum. Þó er heimilt að greiða styrk lestrarfélögum í kauptúnum, þótt sýslubókasafn sé þar starfandi, ef það hefur eigi samskonar bókakost.

2. gr.

Ríkissjóður greiðir árlega kr. 50000.00 — fimmtíu þúsund krónur — í styrktarsjóð lestrarfélaga, sem er undir stjórn fræðslumálastjóra.

Skemmtanaskatt skal innheimta með 15% álagi, og skulu tveir þriðju hlutar álagsins renna til kennslukvikmyndasafns, en þriðjungur þess til styrktarsjóðs lestrarfélaga. Um innheimtu álagsins fer samkvæmt lögum um skemmtanaskatt.

3. gr.

Stjórn lestrarfélags, er styrks vill njóta, sendir fræðslumálastjóra í lok hvers starfsárs reikning yfir tekjur og gjöld félagsins á árinu, ásamt félagsmannaskrá. Enn fremur skýrslu um bókaútlán á árinu, þar sem tilgreint sé, hversu margar bækur hafa verið lánaðar út á árinu og hve mörgum félagsmönnum. Skýrslunni fylgi skrá um bækur, sem félagið hefur eignast á árinu.

4. gr.

Styrkur til lestrarfélags er bundinn því skilyrði, að fyrir liggi yfirlýsing hreppnefndar í þeim hreppi, þar sem félagið starfar, um að hreppurinn eða sýslan styrki félagið með a. m. k. jafnhárru upphæð og því verði úthlutað sem aðalstyrk úr styrktarsjóði lestrarfélaga fyrir það ár, sem um er að ræða.

5. gr.

Fræðslumálastjóri úthlutar styrk til lestrarfélaga ár hvert, svo fljótt sem auðið er, fyrir næsta ár á undan, eftir því sem tekjur sjóðsins hrökkva til.

6. gr.

Úthluta skal tekjum sjóðsins milli lestrarfélaga hlutfallslega eftir tekjum þeirra, og má greiða hverju þeirra fjárhæð, sem nemur allt að helmingi af samanlögðum félagsmanna- og afnotagjöldum og styrk úr hrepps- og sýslusjóði. Þó má eigi greiða neinu félagi hærri fjárhæð en sem svarar 10 kr. á heimili og 4 kr. fyrir hvern þann félagsmann, sem er umfram tölu heimilanna og árgjald hefur greitt.

1 Enn fremur má veita lestrarfélagi aukastyrk, ef tekjur sjóðsins leyfa, og skal 21. jan. miða hann við bókakaup, útlán bóka og aðra aðstöðu.

7. gr.

Fræðslumálastjóri ákveður um skýrsluskil lestrarfélaga.

8. gr.

Lestrarfélögum, sem styrkhæf eru samkvæmt lögum þessum, skal senda árlega ókeypis eitt eintak hverju af Alþingistíðindum, Stjórnartíðindum, skýrslum hagstofunnar, Lagasafni, Hæstaréttardómum, skýrslum ríkisskólanna, Lögbirtingablaðinu, prentuðum álitum millipinganeftnda og öðrum opinberum skýrslum, er ríkið og stofnanir þess gefa út. Stofnanir þær, er gefa út rit þessi, skulu annast útsendingu þeirra.

9. gr.

Eigi er styrkhæft lestrarfélag með færri félagsmönnum en 10. Ef starfsemi lestrarfélags virðist vera í miklu ólagi, er fræðslumálastjóra heimilt að svipta það styrk, unz starfseminni hefur verið komið í viðunandi horf.

10. gr.

Kennslumálaráðuneytið setur nánari reglur um lestrarfélög og kennslukvikmyndasafn, sem styrks njóta samkvæmt lögum þessum.

Kennslukvikmyndasafnið er eign ríkisins, en í reglugerð skal ákveða um ihlutun þeirra skóla og félaga, sem safnið nota, um stjórn þess og árstíllög eða leigur fyrir myndir.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 21. janúar 1944.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Einar Arnórsson.

2

21. jan.

L Ö G

um ófriðartryggingar.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég samkvæmt 12. gr. laga nr. 91 16. desember 1943, um breytingu á lögum nr. 97 9. júlí 1941, um ófriðartryggingar, hef látið færa hin fyrrnefndu lög inn í meginmál laga nr. 97 9. júlí 1941, og gef þau hér með út að nýju svo breytt:

I. KAFLI

Stofnun tryggingarinnar.

1. gr.

Setja skal á fót stofnun til að standa straum af tjóni af völdum hernaðar á fasteignum, skipum og lausafé landsmanna, sem ekki er tryggt gegn tjóni af völdum ófriðar eða fæst bætt á öðrum vettvangi. Stofnunin nefnist Ófriðartryggingin.

Stofnunina skal þó ekki setja á fót fyrr en eitthvert hernaðartjón hefur að hönd- 2
um borið, og koma lög þessi að engu leyti til frankvæmda fyrr en slíkt tjón hefur 21. jan.
átt sér stað.

Trygging sú, er lög þessi fjalla um, nær ekki til þeirra fjármuna í landinu, sem eru í eigu erlendra manna eða stofnana, nema slíkir aðilar séu hér heimilisfastir og greiði hér öll almenn gjöld, eða ef um umboðssölu á erlendum vörubirgðum hér á landi er að ræða, og sá aðili, sem selur þær, er heimilisfastur og greiðir öll almenn gjöld hér á landi.

2. gr.

Stofnunin starfar í fjórum deildum, fasteignadeild, skipadeild, véla- og tækja- deild og lausafjártryggingadeild. Hafa þær sameiginlega stjórn og bera sameiginlega stjórnarkostnað og annan kostnað af rekstri stofnunarinnar, en að öðru leyti hafa þær aðskilinn fjárhag. Atvinnumálaráðuneytið skiptir rekstrarkostnaði stofnunarinnar á deildir hennar.

II. KAFLI

Fasteignatryggingin.

3. gr.

Atvinnumálaráðuneytið ákveður, hvað telja skuli tryggingarskyld mannvirki.

Eigendur eða umráðamenn tryggingarskyldra mannvirkja, sem ekki eru í skyldu- tryggingu fyrir eldsvoða, eru skyldir til að senda Ófriðartryggingunni tilkynningar um þau, þegar er hún hefur tekið til starfa.

4. gr.

Landið allt er eitt tryggingarsvæði, en ráðuneytið ákveður með reglugerð eða auglýsingu skiptingu fasteignanna í áhættuflokka með mismunandi iðgjöldum.

5. gr.

Iðgjöld reiknast af brunabótaverði. Húseignir og mannvirki, sem ekki eru virt til brunabóta, skal stjórn stofnunarinnar láta virða sérstaklega, og á sama hátt og til brunabóta væri, með aðstoð brunatryggingarfélaga húseigna, sem starfa á hverjum stað, og skal gera viðaukaskrá yfir þau við brunatryggingarskrárnar.

6. gr.

Áfallnar bætur eða eftirstöðvar þeirra ávaxtast með 5% á ári frá því er tjónið varð og þangað til þær eru greiddar að fullu. Vextir þessir ganga fyrst og fremst til greiðslu vaxta af kröfum þeim, sem tryggðar eru með þinglesnum veðrétti í fasteign þeirri, er skemmzt hefur eða eyðt, og greiðast þeir á umsömdum gjalddögum veðskuldarinnar. Jafnframt vöxtum greiðast afborganir af hinum þinglesnu veðskuldum, og skal draga þær frá bótunum, er þær verða endanlega greiddar. Þó greiðist ekki hærri árleg afborgun af neinni slíkri skuld en sem svarar $\frac{1}{20}$ hluta hennar, eins og hún var þegar fasteignin skemmist eða eyðist, og eigi hærri árlegir vextir en 5%, og geta veðhafar eigi krafizt frekari greiðslu meðan fasteignin er ónothæf eða bætur eigi greiddar að fullu. Færast greiðsla skuldarinnar aftur um tilsvarendi tíma, sem þarf til að ljúka því af henni með umsömdum afborgunum, sem með þessu móti kann að hafa vangreiðzt, meðan fasteignin var ónothæf eða bætur ekki greiddar að fullu.

Verði eitthvað afgang af téðum 5% vöxtum, þegar greiddir hafa verið vextir af veðkröfum samkv. framansögðu, greiðist það til eiganda fasteignarinnar í lok hvers árs.

2

21. jan.

7. gr.
Bætur, þar með talið vextir og afborganir samkvæmt 6. gr., greiðast með iðgjöldum, sem krafín eru af öllum tryggðum húseignum og mannvirkjum, einnig þeim, sem orðið hafa fyrir ófriðartjóni.

Hámark iðgjaldanna samtals er 10% af þeim upphæðum, sem iðgjöld reiknast af. Ef þessi takmörkun hefur í för með sér, að ekki er hægt að bæta ófriðartjónið að fullu, skulu bætur greiddar úr ríkissjóði eftir því, sem fé verður veitt til þess í fjárlögum

8. gr.

Iðgjöld skulu innheimt, þegar ófriðartjón gefur tilefni til, og geta þau numið allt að 1% á ári af matsverðinu. Innheimtumenn brunabótagjalda innheimta þau eftir sömu reglum og þessi gjöld.

Iðgjöld hafa lögtaksrétt og veð í fasteignum næst á eftir opinberum gjöldum. Ef innheimt eru meiri iðgjöld en nægja til að bæta ófriðartjón og allan kostnað að fullu, skal endurgreiða það, sem umfram er, hlutfallslega eftir greiddum iðgjöldum.

9. gr.

Bætur greiðast að jafnaði ekki fyrr en ófriðnum er lokið, sbr. þó 35. gr. og 6. gr. Ráðuneytið ákveður, að fengnum tillögum tryggingarstjórnarinnar, hverjar bætur skuli greiddar, þegar byggingar eða mannvirki eru ekki endurreist eða er breytt verulega.

10. gr.

Bætur greiðast eigandanum, ef engar þinglýstar kröfur hvíla á eigninni eða hafa verið tilkynntar Ófriðartryggingunni og viðurkenndar af eiganda

Sama máli gegnir, þó að þinglýstar kröfur hvíli á eigninni eða hafi verið tilkynntar og viðurkenndar, ef byggingar eða mannvirki eru endurreist, enda sé réttur veðhafa að fullu tryggður, að dómi tryggingarstjórnarinnar. Ella skal greiða kröfuhöfum bætur á undan eiganda og í þeirri röð, sem veð þeirra segja til.

11. gr.

Ef hús er endurreist, eiga leigutakar, sem voru í eldra húsinu, forgangsrétt að leigu í hinu nýja húsi með sömu kjörum og áður, þó með þeim breytingum, sem nauðsynlegar verða að teljast vegna breyttra aðstæðna. Þessa réttar er þó því aðeins hægt að neyta, að völ sé á svipuðu húsnæði og áður í húsinu.

III. KAFLI

Skipatryggingin.

12. gr.

Skýlt er að tryggja hjá Ófriðartryggingunni öll islenzk skip, sem eingöngu stunda fiskveiðar við strendur landsins og flutninga hér við land í þágu innlendra aðila, önnur en strandferðaskip ríkisins. Eigendur og umráðamenn þeirra skipa, sem ekki eru tryggð samkv. lögum nr. 32 11. júní 1942, skulu senda Ófriðartryggingunni tilkynningu um þau, þegar er hún tekur til starfa.

13. gr.

Skip skal ófriðartryggja fyrir sömu fjárhæð og þau eru váttryggð fyrir hjá vélbátaábyrgðarfélagi. Nú er skip ekki váttrygt hjá vélbátaábyrgðarfélagi, og skal það þá metið af trúnaðarmönnum Ófriðartryggingarinnar, sem eru hinir sömu og trúnaðarmenn vélbátaábyrgðarfélaganna, hver á sínu svæði, eftir því sem við getur átt. Upphæð tryggingar fer eftir sömu reglum og hjá vélbátaábyrgðarfélagunum. Stjórn

Ófriðartryggingarinnar hefur sams konar rétt til yfirmats og endurmats og stjórn 2
Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum hefur samkvæmt l. nr. 32 frá 1942.

21. jan.

14. gr.

Vélbátaábyrgðarfélögum er skylt að hafa á hendi innheimtu iðgjalda, hverju á sínu tryggingarsvæði, undir umsjón Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum. Iðgjaldið getur numið allt að 1% á ári, frá því að Ófriðartryggingin tekur til starfa, en þó ekki yfir 4% af tryggingarfjárhæðinni, nema sérstaklega verði ákveðið með lögum.

15. gr.

Ráðuneytið ákveður þóknun til vélbátaábyrgðarfélaganna fyrir aðstoð þá, er þau veita samkvæmt lögum þessum.

16. gr.

Um bætur fyrir tjón á skipum fer eftir sömu reglum og um bætur fyrir sjóttjón samkvæmt l. nr. 32 frá 1942, um vátrygging vélbáta. Skal ríkissjóður leggja fram fé til bótanna, og endurgreiðist það af iðgjöldum, eftir því sem þau hrökkva til. Að öðru leyti gilda ákvæði fasteignatrygginga, sbr. II. kafla laga þessara, að svo miklu leyti sem við á.

IV. KAFLI

Véla- og tækjetryggingin.

17. gr.

Skyll er eigendum eða umráðamönnum að tryggja allar vélar og tæki, sem ekki eru tryggð í fasteignatryggingunni, sbr. 3. gr., og eru að minnsta kosti 2000 króna virði, á einum og sama stað.

Setja má nánari reglur um það, hvað telja beri tryggingarskyldar vélar og tæki samkvæmt lögum þessum.

Eigendur eða umráðamenn tryggingarskyldra véla og tækja eru skyldir til að senda Ófriðartryggingunni tilkynningar um slíkar vélar og tæki jafnskjótt sem hún hefur tekið til starfa.

18. gr.

Tryggingarupphæð véla og tækja er brunabótaverðið, nema annað sé tiltekið af tryggingartaka og samþykkt af tryggingarstjórninni.

19. gr.

Brunatryggingarfélögum er skylt að hafa á hendi innheimtu iðgjaldanna. Hámark iðgjalda er 10% af tryggingarupphæðunum og geta numið allt að 2% á ári.

20. gr.

Ráðuneytið ákveður þóknun til brunatryggingarfélaga fyrir aðstoð þá, er þau veita samkvæmt lögum þessum.

21. gr.

Að öðru leyti gilda ákvæðin um fasteignatrygginguna, að svo miklu leyti sem þau geta átt við.

V. KAFLI

Lausafjártryggingin.

22. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, ef til þess kemur, sbr. 1. gr., að tjón verði af völdum ófriðarins á vörubirgðum eða öðru lausafé í landinu, sem ekki er tryggt samkvæmt

- 2 1V. kafla þessara laga, að leggja aukagjald á allar innfluttar vörur og sérstakt út-
21. jan. flutningsgjald á allar útfluttar vörur. Gjaldi þessu, sem ekki má nema meira en 2% af verði varanna, sbr. 23. gr., skal verja til þess að bæta tjón á vörubirgðum og öðru lausafé landsmanna innan lands, sem hlýzt af hernaði í landinu, sbr. 34. gr., að því leyti, sem þessir fjármunir eru ekki tryggðir á annan hátt fyrir slíku tjóni.

23. gr.

Nú verður tjón af völdum hernaðar á munum þeim, sem um ræðir í þessum kafla, og ákveður þá ríkisstjórnin, sbr. 1. gr., að innheimta skuli gjöld þau, sem um ræðir í 22. gr., frá og með næsta degi eftir að henni berst tilkynning eða hún verður á annan hátt áskynja um tjónið. Ákveður hún þá jafnframt, hvert hundraðsgjald skuli greiða og hversu lengi, eða hvort það skuli innheimt um óákveðinn tíma, þangað til annað verði ákveðið. Gjöldin skulu þá lögð á verð aðfluttra og útfluttra vara eftir sömu reglum og verðtollur og útflutningsgjald, og skulu þau innheimt af innheimtumönnunum ríkissjóðs, á sama hátt og verðtollur og útflutningsgjald, og greidd ásamt þeim tollum til ríkissjóðs, sem svo greiðir þau Ófriðartryggingunni. Fjármálaráðuneytið gefur innheimtumönnum ríkissjóðs fyrirmæli um innheimtu gjaldanna, eftir því sem þörf gerist.

24. gr.

Rétt til bóta á hver sá, sem hefur orðið fyrir ófriðartjóni á verðmætum þeim, sem um ræðir í þessum kafla.

Frá matsupphæð tjónsins dregst, þegar um lausafé, annað en vörubirgðir, er að ræða, $\frac{1}{4}$ hluti, þó svo, að frádrátturinn nemi eigi hærri upphæð en 5000 krónum hjá sama manni eða fyrirtæki, og greiðast bætur fyrir tjónið með þeim frádrætti.

Frá matsupphæð vörubirgða skal draga $\frac{1}{20}$ hluta, og greiðast bætur fyrir tjónið með þeim frádrætti.

25. gr.

Tjón það, sem um ræðir í þessum kafla, skal að jafnaði ekki bætt nema að hálfu samkvæmt 24. gr. þegar er það hefur verið gert upp. Hinn helmingur tjónsins greiðist að styrjöldinni lokinni.

Nú færir eigandi glataðra eða skemmdra vörubirgða sönnur á, að hann muni biða stórfelldan fjárhagslegan hnekki, ef hann fær ekki útborgaðar frekari bætur en að framan greinir, og er þá stjórn Ófriðartryggingarinnar heimilt að greiða meiri bætur og jafnvel bæta tjónið að fullu, sérstaklega ef ætla má, að ekki sé unnt með öðru móti að afla nýrra birgða nógu fljótt.

Sá hluti bótanna, sem ekki greiðist fyrr en að styrjöldinni lokinni, ávaxtast með 5% á ári til greiðsludags, og fer um greiðslu vaxta og afborgana af lánunum, sem tryggð kunna að vera með handveði eða þinglýstu sjálfsvörzluveði í hinum skemmdu eða glötuðu munum, á sama hátt og segir í 6. gr. um fasteignaveðslán, eftir því sem við getur átt.

26. gr.

Nú verður svo stórkostlegt tjón á fjármunum þeim, sem um ræðir í þessum kafla, að eigi þykir fært að bæta það að fullu samkvæmt fyrirmælum 24. gr., og skal það þá bætt að því, sem á vantar, úr ríkissjóði, eftir því sem fé verður veitt til þess í fjárlögum.

VI. KAFLI

Stjórn Ófriðartryggingarinnar.

27. gr.

Nú verður ríkisstjórnin áskynja um verulegt, sbr. 36. gr., bótaskyld tjón samkvæmt lögum þessum, og gerir hún þá þegar ráðstafanir til þess, að Ófriðartrygg-

ingin taki til starfa. Skipar atvinnumálaráðuneytið þriggja manna nefnd til að veita 2 tryggingunni forstöðu, en Brunabótafélagi Íslands skal falið að annast daglegar 21. jan. framkvæmdir.

28. gr.

Tryggingarstjórnin ræður matsmenn og aðra starfsmenn eftir þörfum. Skrifstofumenn til viðbótar starfslíði sínu ræður þó stjórn Brunabótafélags Íslands að því leyti, sem fast starfsfólk félagsins kemst ekki yfir hin daglegu störf, sem því eru falin.

29. gr.

Atvinnumálaráðuneytið ákveður þóknun stjórnar Ófriðartryggingarinnar. Enn fremur ákveður ráðuneytið, hvað Brunabótafélagi Íslands skuli greitt fyrir störf þess í þágu Ófriðartryggingarinnar.

VII. KAFLI

Almenn ákvæði.

30. gr.

Brunatryggingarfélögum er skylt að aðstoða við skrásetningu þeirra fasteigna, véla og tækja, sem tryggja ber samkvæmt 3. og 17. gr. Einnig ber þeim að veita Ófriðartryggingunni vitneskju um, hvort lausafé, sem um ræðir í V. kafla laga þessara og glatazt hefur eða skemmt af völdum ófriðarins, hefur verið tryggt gegn eldsvoða hjá þeim, og þá fyrir hve háa upphæð. Enn fremur ber þeim að veita aðrar þær upplysingar um hlutaðeigandi lausafé, sem óskað verður eftir og þau geta veitt.

31. gr.

Tjón skal tilkynna Ófriðartryggingunni áður en vika er liðin frá því er það varð. Fjárkröfur eru fyrndar, ef eigandi eða umráðamaður hinna skemmdu eða glötuðu eigna hefur ekki fært sönnur á réttmæti þeirra, áður en þrjú mánuðir eru liðnir frá því, er hann tilkynnti tjónið og bar fram kröfu um bætur.

32. gr.

Pegar tryggingarstjórnin fær tilkynningu eða berst vitneskja um tjón, er ætla má, að falli undir trygginguna, skal hún strax gera ráðstafanir til þess að fá úr því skorið, hvort um ófriðartjón sé að ræða, og láta meta skaðann.

Um mat á tjóni og ákvörðun bótagreiðslu fer eftir þeim reglum, er gilda um brunatjón, að svo miklu leyti sem þær geta átt við.

33. gr.

Ófriðartjón telst hvers konar eyðilegging eða skemmdir á hinu tryggða, sem orsakast beint eða óbeint af hernaði, þar með talin hlutleysibrot og borgaraóeirðir meðan á ófriðnum stendur og í sambandi við hann. Þetta nær þó ekki til skemmda eða óhagræðis, sem menn kunna að verða fyrir vegna vistar hins brezka setuliðs í landinu. Ríkisstjórnin ákveður, hvenær því ástandi, sem að framan greinir, telst vera lokið.

34. gr.

Að svo miklu leyti sem tryggingin bætir ófriðartjón eignast hún kröfur um bætur, sem hinn tryggði kann að eiga á hendur öðrum skaðabótaskyldum aðilum.

35. gr.

Pegar sérstaklega stendur á, getur stjórn Ófriðartryggingarinnar, ef allir stjórnarmenn eru því samþykkir, ákveðið að bæta í einstökum tilfellum og að nokkru leyti

21. jan. 2 tjón, sem um ræðir í II. og IV. kafla, áður en endanleg uppgerð á tjóni hefur farið fram. Þó skal að jafnaði ekki þá þegar greiða meira en hálfar bætur.

Skilyrði fyrir slíkri undanþágu er, að endurbætur á hinu skemmda byrji þegar í stað og sé lokið innan tiltekins tíma.

Ef bæta þarf tjón samkv. II. og IV. kafla eða greiða vexti og afborganir samkv. 6. gr., sbr. 21. gr., og innheimt iðgjöld hrökkva ekki fyrir þeim greiðslum, er Ófriðartryggingunni heimilt að taka — til bráðabirgða — lán gegn veði í iðgjöldunum.

Nú þarf að bæta tjón samkv. V. kafla þessara laga, og innheimt gjöld samkv. 24. gr., sbr. 22. gr., hrökkva ekki fyrir þeim greiðslum, og er þá ríkisstjórninni heimilt að taka lán eða veita nauðsynlegar tryggingar fyrir láni, er Ófriðartryggingin tekur, til þess að hægt sé að bæta ófriðartjón á vörubirgðum eða öðru lausafé eins fljótt og nauðsyn ber til.

Allur kostnaður við lán eða tryggingar samkvæmt þessari grein skal greiddur á sama hátt og tjónið sjálft.

36. gr.

Nú verður svo lítið tjón, sem bæta þarf samkvæmt lögum þessum, að ríkisstjórninni þykir ekki ástæða til að stofna Ófriðartrygginguna, og greiðir þá ríkissjóður, að styrjöldinni lokinni, bætur fyrir það og kostnað allan, sem leiðir af því. Komi hins vegar verulegt tjón fyrir, skal kostnaður við Ófriðartrygginguna greiddur á sama hátt og það.

Verði afgangur, þegar allt tjón er bætt samkvæmt V. kafla þessara laga, af verðtolti þeim og útflutningsgjaldi, sem innheimt kann að hafa verið samkvæmt kaflanum, rennur sá afgangur í ríkissjóð.

37. gr.

Heimili og varnarþing Ófriðartryggingarinnar er í Reykjavík.

38. gr.

Öll skjöl varðandi ófriðartryggingar eru stimpilfrjáls. Enn fremur skal Ófriðartryggingin undanþegin sköttum og útsvörum til ríkis og bæjarfélags.

39. gr.

Ráðuneytið getur sett reglugerð um framkvæmd þessara laga eftir því, sem þörf þykir

40. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum allt að 1000 kr., nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum. Skal fara með mál út af slíkum brotum sem almenn lögreglumál.

41. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 21. janúar 1944.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Vilhjálmur Þór.

AUGLÝSING

3

4. febr.

um að út séu gefnir nýir 500 króna bankaseðlar samkvæmt lögum um Landsbanka Íslands.

Stjórn Landsbanka Íslands hefur samkvæmt lögum nr. 10 frá 15. apríl 1928, gefið út handa Landsbankanum 500 króna seðla með svofelldri gerð:

Seðlarnir eru jafnir 100 króna seðlum Landsbankans að stærð, 10×15 cm. Framan á þá er prentað gildi þeirra, og er talan tilgreind með bókstöfum, í þrem orðum, og fyrir neðan þau í tveim línum: Samkvæmt lögum nr. 10, 15. apríl 1928. Landsbanki Íslands. Eru þessi orð öll með dökkgrænum lit á marglitum grunnfleti með brugðnu skrautverki; umhverfis hann eru tvennir grænir bekkir með skrautgreinum. Fyrir ofan er letrað nafn bankans: Landsbanki Íslands, en undir því stendur nafn formanns bankaráðsins og nafn eins af bankastjórunum, og eru þau nöfn með rithönd þeirra. Vinstra megin við orðin er prentuð brjóstmynd Jóns Sigurðssonar, en hægra megin er mynd Jóns Eiríkssonar sem vatnsmerki í hvítum, kringlóttum reit. Á öll horn er prentuð talan 500, er táknar gildi þessara seðla, og er hún með ljósgrænum lit í dökkgrænum, ferhyrndum reit. Aftan á seðlunum er hinn hvíti, kringlótti reitur, með mynd Jóns Eiríkssonar sem vatnsmerki vinstra megin, en hægra megin er prentuð mynd af alþingisstaðnum gamla, Þingvelli við Óxará. Er myndin í kringlótttri umgerð og upphafsstafir bankans, L og Í, skrautlega dregnir, hvor til sinnar handar. Grunnflöturinn umhverfis er með brugðnu skrautverki og yzt umgerð með skrautgreinum í, en innan við hana er talan 500 í hverju horni í kringlóttum skildi með skrautverki umhverfis í ferhyrndum reit. Öll bakhliðin er prentuð með grænum lit.

Þetta er almenningi gert kunnugt hér með.

Viðskiptamálaráðuneytið, 4. febrúar 1944.

Björn Ólafsson.

Torfi Jóhannsson.

AUGLÝSING

4

11. febr.

frá fjármálaráðuneytinu, er varðar innheimtu á veitingaskatti.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 124 30. desember 1943, um breyting á lögum nr. 99 19. júní 1933, um veitingaskatt, hefur ráðuneytið ákveðið, að undanþáguhámarksverð það, kr. 1.25, sem um getur í 2. gr. nefndra laga nr. 99 1933, skuli, þar til er öðru vísi verður ákveðið, vera kr. 5.00.

Fjármálaráðuneytið, 11. febrúar 1944.

F. h. r.

Magnús Gíslason.

Einar Bjarnason.

L Ö G

5
9. marz

um breyting á lögum nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

Upphaf 7. tölul. 32. gr. laganna skal orða svo:

Hafi enn fremur 3 ár samtals verið skrifstofustjóri Alþingis eða fulltrúi í skrifstofu þess, skrifstofustjóri eða fulltrúi í stjórnarráðinu, fulltrúi héraðsdómara, þar á meðal borgardómara, borgarfégeta og sakadómara í Reykjavík, eða fulltrúi lögreglustjórans þar, lögreglustjóri eða bæjarstjóri o. s. frv.

Gjört í Reykjavík, 9. marz 1944.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Einar Arnórsson.

L Ö G

6
9. marz

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1944.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 31. maí 1927 skal árið 1944 heimilt að innheimta af kvikmyndasýningum með 200% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi. Þó skulu leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegnar álagningunni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 9. marz 1944.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Einar Arnórsson.

L Ö G

7

um breyting á lögum nr. 42/1943, um dýrtíðarráðstafanir.

24. marz

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

Á eftir 4. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Verð það á landbúnaðarafurðum, sem ákveðið er af nefndinni, skal teljast meðalverð, sem ekki raskar ákvörðunum um mismunandi verð til framleiðenda innan mjólkurverðjöfnunarsvæða samkvæmt lögum nr. 1 frá 7. jan. 1935, um meðferð og sölu mjólkur og rjóma, og breytingum á þeim lögum, nr. 66 frá 1937, né ákvæðum um misjafnt verð innan einstakra vöruflokka samkvæmt þeim reglum og ákvörðunum um gæðamat, sem gilda á hverjum tíma.

Gjört í Reykjavík, 24. marz 1944.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Þórðarson.

L Ö G

8

um breyting á lögum nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna, og lögum um breyting á þeim lögum, nr. 58 7. maí 1940 og nr. 52 30. júní 1942.

24. marz

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. Á eftir 5. tölul. 1. gr. laga nr. 44 1932 komi nýr liður:

Suður-Snaðfellsneshérað: Miklaholtshreppur, Staðarsveit, Breiðavíkurhreppur.

Íbúar í Miklaholtshreppi eiga þó jöfnum höndum tilkall til héraðslæknisins í Stykkishólshéraði.

2. Úr 6. tölul. (Ólafsvíkurhérað) falli burt orðin „Staðarsveit, Breiðavíkurhreppur“.

3. Úr 7. tölul. (Stykkishólshérað) falli burt orðin „og Miklaholtshreppur“.

4. Á eftir 8. tölul. (Dalahérað) kemur:

Íbúar Skarðs- og Klofningshreppa eiga þó jöfnum höndum tilkall til héraðslæknis í Stykkishólmi.

2. gr.

a. Úr 20. tölul. 1. gr. sömu laga falli burt orðin „og Óspakseyrarhreppur“, og úr 21. tölul. falli burt orðin „og Bæjarhreppur í Strandasýslu“.

- 8 b. Á eftir 20. tölul. kemur nýr tölul.:
 24. marz **Borðeyrarhérað:** Bæjarhreppur, Óspakseyrarhreppur og Staðarhreppur.
 Læknissetur á Borðeyri.

3. gr.

35. og 36. töluliður 1. gr. sömu laga orðist svo:
 35. **Bakkagerðishérað:** Borgarfjarðarhreppur. Læknissetur í Bakkagerðisþorpi.
 36. **Egilsstaðahérað:** Jökuldalshreppur, Hlíðarhreppur, Tunguhreppur, Hjaltastaðarhreppur, Eiðahreppur, Vallahreppur, Fellahreppur, Fljótsdalshreppur og Skriðdalshreppur. Læknissetur á Egilsstöðum.

4. gr.

- Í stað 47. tölul. 1. gr. sömu laga koma tveir töluliðir, svo hljóðandi:
 a. **Eyrarbakkahérað:** Stokkseyrarhreppur og Eyrarbakkahreppur. Læknissetur á Eyrarbakka.
 b. **Selfosshérað:** Villingaholtshreppur, Hraungerðishreppur, Gaulverjabæjarhreppur, Sandvíkurhreppur, Ölfushreppur, Selvogshreppur og Grafningshreppur. Læknissetur að Selfossi.

5. gr.

- a. Tveir fyrstu efnismálsliðir laga nr. 58 7. maí 1940 orðist svo:
 2. **Hafnarfjarðarhérað:** Hafnarfjarðarkaupstaður, Bessastaðahreppur og Garðahreppur. Læknissetur í Hafnarfirði.
 3. **Álafosshérað:** Sá hluti Reykjavíkurkaupstaðar, sem er ekki í Reykjavíkurhéraði, Mosfellshreppur, Kjósarhreppur, Kjalarneshreppur og Þingvallasveit. Læknissetur að Álafossi.
 b. **Grímsneshérað** í síðasta málslið greinarinnar verði: Laugaráshérað.

6. gr.

Við 1. gr. laga nr. 44 1932 skulu enn fremur gerðar eftirfarandi orðabreytingar og leiðréttingar:

Við 1. tölulið: Liðurinn orðist svo:

- Reykjavíkurhérað: Reykjavíkurkaupstaður að Grafarvogi, Grafarheiði og Reynisvatnsheiði og Seltjarnarneshreppur. Læknissetur í Reykjavík.
- 3. — Skipaskagahérað verði: Akraneshérað.
 Ytri-Akraneshreppur verði: Akraneskaupstaður.
- 4. — Borgarfjarðarhérað verði: Kleppjárnshreppur.
 — 8. — Dalahérað verði: Búðardalshérað.
- 15. — Hólshérað verði: Bolungavíkurhérað.
- 19. — Reykjarfjarðarhérað verði: Árneshérað.
- 20. — Hrófbergshreppur verði: Hrófbergshreppur, Hólmavíkurhreppur.
- 21. — Miðfjarðarhérað verði: Hvammstangahérað.
 Húnavatnssýsla vestan Gljúfurár verði: Vestur-Húnavatnssýsla að undanskildum Staðarhreppi.
- 22. — Húnavatnssýsla austan Gljúfurár verði: Austur-Húnavatnssýsla.
- 27. — Svarfdælahérað verði: Dalvíkurhérað.
- 29. — Liðurinn orðist svo:
 Grenivíkurhérað: Grýtubakkahreppur, Draflastaðasókn í Hálsahreppi og þeir bæir í sama hreppi, sem eiga kirkjusókn að Laufási. Læknissetur á Grenivík.

- Við 30. tölulið: Reykdælahérað verði: Breiðamýrarhérað. 8
- 31. — Tjörneshreppur, Húsavíkurhreppur verði: Reykjahreppur, 24. marz
Húsavíkurhreppur, Tjörneshreppur.
- 32. — Öxarfjarðarhérað verði: Kópaskershérað.
- 33. — Þistilfjarðarhérað verði: Þórshafnarhérað.
- 38. — Norðfjarðarhérað verði: Neshérað.
- 39. — Reyðarfjarðarhérað verði: Eskifjarðarhérað.
- 40. — Fáskrúðsfjarðarhérað verði: Búðahérað.
Læknissetur á Fáskrúðsfirði verði: Læknissetur í Búðarþorpi í
Fáskrúðsfirði.
- 41. — Berufjarðarhérað verði: Djúpavogshérað.
Beruneshreppur og Geithellnahreppur verði: Beruneshreppur,
Búlandshreppur og Geithellnahreppur.
- 42. — Hornafjarðarhérað verði: Hafnarhérað.
- 43. — Síðuhérað verði: Breiðabólstaðarhérað.
- 44. — Mýrdalshérað verði: Víkurhérað.
- 46. — Rangárhérað verði: Stórolfshvolshérað.

7. gr.

Í stað orðanna „allt að fjórum aðstoðarlæknum“ í lögum nr. 52 30. júní 1942 komi: allt að fimm aðstoðarlæknum, og í stað orðanna í sömu lagagrein „einn aðstoðarlækni í hverjum landsfjórðungi“: að minnsta kosti einn aðstoðarlækni í hverjum landsfjórðungi. Egilsstaðahérað skal ganga fyrir öðrum héruðum um aðstoðarlækna.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1945. Núverandi héraðslæknir í Fljótsdalshéraði skal eiga þess kost að verða héraðslækni í hinu nýja Egilsstaðahéraði. Núverandi héraðslækni í Eyrarbakkahéraði skal og gerður kostur á að verða héraðslækni í hvoru sem hann vill hinna nýju Eyrarbakka- eða Selfosshéraða.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi, skal fella 1.—4. og 6. gr. þeirra ásamt 1. og 2. gr. l. nr. 21 13. júní 1937, 1. gr. laga nr. 58 7. maí 1940, með áorðnum breytingum, og lög nr. 52 30. júní 1942, með áorðnum breytingum, inn í meginmál laga nr. 44 23. júní 1932 og gefa þau út af nýju með fyrirsögninni: Læknaskipunarlög.

Gjört í Reykjavík, 24. marz 1944.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Þórðarson.

L Ö G

um stuðning við nýbyggingu fiskiskipa.

24. marz

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fé það, sem veitt er úr framkvæmdasjóði ríkisins til smíða fiskiskipa, skal leggja í sjóð, er nefnist styrktar- og lánasjóður fiskiskipa. Fé úr honum skal verja svo

9 sem segir í lögum þessum, annaðhvort sem beinum styrkjum eða vaxtalausum lánnum til skipakaupa.

2. gr.

Enginn getur fengið styrk né lán samkvæmt lögum þessum, nema skip séu smíðuð samkvæmt teikningu, er atvinnumálaráðuneytið hefur samþykkt og Fiskifélag Íslands hefur mælt með. Sama gildir um vél skipsins. Smíði skipanna fari fram undir eftirliti þeirra, er atvinnumálaráðuneytið ákveður.

3. gr.

Atvinnumálaráðherra skipar 5 manna nefnd, er hefur á hendi úthlutun fjár úr sjóðnum, að fengnum tillögum stjórnar Fiskifélags Íslands. Skulu 4 þeirra skipaðir samkvæmt tilnefningu þingflokkanna, einn af hverjum flokki, en formaður án tilnefningar.

Nú óskar einhver styrks eða vaxtalaus láns til þess að láta smíða fiskiskip, og skal hann þá senda nefndinni umsókn um það. Umsókninni skal fylgja efnahagsreikningur umsækjanda og vottorð skattstjóra eða formanns skattanefndar um það, hver hafi verið aðalatvinna umsækjanda síðustu tvö ár. Enn fremur skal fylgja skýrsla um stærð skipsins, fyrirhugaða vélartegund og stærð og upplýsingar um umsamið eða áætlað kostnaðarverð.

4. gr.

Þegar styrkur eða vaxtalaust lán eru veitt, skulu að öðru jöfnu sitja fyrir útgerðarmenn, sjómenn, félög sjómanna og útgerðarmanna, er stundað hafa útgerð eða fiskveiðar sem aðalstarf, enn fremur bæjar- eða sveitarfélög, sem láta smíða skip til atvinnuaukningar í bænum eða hreppsfélaginu. Við ákvörðun um styrkveitingu eða lánveitingu skal taka tillit til efnahags umsækjanda.

5. gr.

Upphæð styrks má ekki vera hærri en 75000 kr. á skip, og má styrkurinn ekki nema meira en 25% af byggingarkostnaði skipsins.

Lán verða aðeins veitt gegn 2. eða 3. veðrétti. Með þau að viðbættum lánnum með betri veðrétti ekki nema meira en 85% af byggingarkostnaði skips, þó aldrei hærri en 100 þús. kr. Lánið sé vaxtalaust til 10—15 ára og greiðist með jöfnum afborgunum.

Nú hafa verið veitt vaxtalaus lán, og skal innheimtu þeirra hagað þannig, að hennar vegna þurfi ekki að verða stöðvun á rekstri hjá hlutaðeigandi skuldunaut, enda hafi fullrar hagsýni verið gætt í rekstrinum og fé ekki dregið út úr honum til annarra hluta.

6. gr.

Sala á bát, sem styrk hefur hlotið eða vaxtalaust lán samkvæmt lögum þessum, er óheimil, nema atvinnumálaráðuneytið hafi ritað samþykki sitt á afsalið og jafnframt ákveðið, hvort styrkurinn eða lánið eða hluti þar af skuli endurgreiðast.

Sé verðmæti báta, þegar sala fer fram, jafnmikið eða meira en kostnaðarverðið, skal endurgreiða styrkinn að fullu. Að öðrum kosti skal endurgreiða mismuninn á verðmæti bátsins, miðað við verð þegar selt er, og þeirrar fjárhæðar, sem upphaflega var fyrir bátinn goldin af eiganda sjálfum. Sé verðmætið minna en upphaflega var fyrir bátinn goldið af eiganda að frádreginni styrkupphæð, skal eigi krefjast endurgreiðslu á styrknum.

Leita skal ráðherra tillagna Fiskifélags Íslands um þessa framkvæmd.

Nú óskar eigandi skips, er styrk eða lán hefur hlotið samkvæmt lögum þess-

um, að selja það, og skal þá hlutaðeigandi sveitarfélag hafa forkaupsrétt að skipinu að öðru jöfnu.

9
24. marz

Kvöð þessari skal þinglýsa.

7. gr.

Nú er skipi, sem styrkur eða lán hefur verið veitt til samkvæmt lögum þessum, eigi haldið úti til fiskveiða eða fiskflutninga, eða skipið hefur verið tekið til annarra afnota meira en 6 mánuði, og getur þá atvinnuáráðherra krafizt endurgreiðslu að fullu á styrk eða láni að fengnum tillögum Fiskifélags Íslands og sveitarstjórnar þar, sem skipið er skrásett.

8. gr.

Styrkur eða lán samkvæmt lögum þessum greiðist ekki fyrr en fiskibáturinn er fullbúinn og hefur verið skoðaður af skipaskoðunarmönnum eða umboðsmönnum atvinnuáráðuneytisins.

9. gr.

Fiskveiðasjóður Íslands sér um útgáfu skuldabréfa fyrir lánnum og tekur við greiðslu afborgana.

Gerir Fiskveiðasjóður Íslands atvinnuáráðherra árlega skil fyrir innheimtum afborgunum, og skal fé þetta greitt til baka í sjóðinn.

Störf þessi annast Fiskveiðasjóður án sérstakrar þóknunar svo og um útborgun styrkja eftir ákvörðun ráðherra.

10. gr.

Þeir, sem njóta styrks eða lána samkvæmt lögum þessum, skulu skyldir að láta reikningaskrifstofu sjávarútvegsins í té reikninga yfir rekstur skipanna í því formi, er reikningaskrifstofan ákveður.

11. gr.

Nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara getur ráðherra sett með reglugerð að fengnum tillögum Fiskifélags Íslands.

12. gr.

Ákvæði 6. gr., 7. gr. og 10. gr. þessara laga ná einnig til þeirra styrkja, sem hér eftir verða veittir samkvæmt lögum nr. 34 2. apríl 1943, um fiskveiðasjóð Íslands.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 24. marz 1944.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Vilhjálmur Þór.

HAFNARLÖG

fyrir Siglufjarðarkaupstað.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Til hafnargerðar í Siglufjarðarkaupstað veitist úr ríkissjóði $\frac{1}{3}$ kostnaðar, eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefur samþykkt, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, allt að kr. 1000000.00, gegn $\frac{2}{3}$ hlutum frá hafnarsjóði Siglufjarðar.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að kr. 2000000.00 lán, er hafnarsjóður Siglufjarðar kann að fá til hafnargerðar. Framlagið úr ríkissjóði og ábyrgð þessi er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem atvinnuáráðuneytið samþykkir.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans hvort heldur er grjót, mól eða önnur jarðefni og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefur í för með sér, allt gegn því, að fullkomnar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaður við matið greiðist úr hafnarsjóði Siglufjarðarkaupstaðar. Nú vill annar hvor málsaðila ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga, frá því er matsgerð var lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsgerðinni verður ekki breytt meir en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði Siglufjarðarkaupstaðar.

4. gr.

Hafnarmerki skulu ákveðin í reglugerð.

5. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki né fylla upp eða dýpka út frá landi nema eftir tilögum hafnarnefndar og með samþykki bæjarstjórnar Siglufjarðarkaupstaðar. Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa í tvennu lagi, og heldur hafnarnefndin öðru eintakinu. Hafnarnefndin afgreiðir síðan málið til bæjarstjórnarinnar.

Sá, sem hefur fengið slíkt leyfi, er skyldur að halda mannvirkinu svo við, að engin hætta stafi af því. Þessi ákvæði gilda og um þær bryggjur og mannvirki, sem þegar hafa verið gerð á hafnarsvæðinu.

Brot gegn þessari grein varða sektum frá 20—20000 kr., og hafnarnefnd getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda.

Nú hefur bryggja eða annað mannvirki í sjó fram legið ónotað 5 ár samfleytt, og er þá hafnarnefnd heimilt að taka það burt án endurgjalds til eiganda. 10
24. marz

6. gr.

Nú hefur bæjarstjórn samkvæmt tillögum hafnarnefndar ákveðið endurbyggingu á mannvirkjum einstaklinga sunnan Eyrarinnar og undir Hafnarbökkum, í sambandi við dýpkun Siglufjarðarhafnar á tilteknu svæði, og skal þá leitað umsagnar leigutaka lóða þeirra, er til greina koma í hvert sinn. Samþykki meiri hluti leigutaka, að í endurbyggingu á eignum þeirra skuli ráðizt, skal leitað staðfestingar atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, og er samþykkið fyrst bindandi fyrir alla aðila, þegar ráðuneytið hefur staðfest, að framkvæmdirnar skuli gerðar. Þeir leigutakar, er um ræðir, skulu þá skyldir til að byggja á sinn kostnað, að frádregnu framlagi rikissjóðs til verksins, fyrirstöðupil fyrir lóð sinni, þegar bæjarstjórn krefst þess, en uppfylling innan við fyrirstöðupilið annast bæjarfélagið með uppgrefti úr höfninni gegn endurgjaldi lóðaleigutaka, eftir því sem um semst. Þilið skal byggt á þeim stað, er skipulags-teikning vitamálastjóra ákveður, og að styrkleika eftir fyriræmum hans, enda skipi vitamálastjóri eftirlitsmann með framkvæmd verksins.

Ef lóðaleigutaki tregðast við að framkvæma fyriræmi bæjarstjórnar, er hún gefur samkvæmt lögum þessum, getur bæjarstjórn látið framkvæma verkið. Kostnaður við það hvílir sem lögveð á leiguréttindum og öllum fasteignum á lóð viðkomanda á eftir þeim skuldbindingum, sem á þeim hvíla og þinglýst hefur verið fyrir 15. sept. 1943. Skal kostnaðurinn endurgreiðast á næstu 10 árum, eftir að verkið var framkvæmt.

Verðhækkun, sem verður á viðkomandi fasteign við þessar aðgerðir og ekki fæst frádregin sem viðhaldskostnaður, er ekki fasteignaskattskyld í bæjarsjóð í næstu 10 ár.

Nú hefur leigutaki greitt atkvæði móti framkvæmd verksins, og skal hann þá þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. málsg. eiga rétt á, að hafnarsjóður Siglufjarðar kaupí lóðarréttindi hans ásamt mannvirkjum, sem þeim fylgja, og skal verðmæti hvors tveggja ákveðið með mati, svo sem mælt er fyrir í 3. gr., ef ekki næst samkomulag á annan hátt.

Atvinnumálaráðuneytið sker úr ágreiningi, sem verða kann milli bæjarstjórnar og lóðarleigjanda út af framkvæmdum samkvæmt grein þessari.

Jafnóðum og umræddum aðgerðum er lokið, er bæjarstjórn skylt að halda dýpi, er skipulagsuppdráttur sýnir, á þeim hluta hafnarinnar, er skip þurfa að fara um til að komast að bryggju við þá leigulóð, er búið er að framkvæma fyrirskipaðar aðgerðir á, þó ekki nær en að bryggjuhaus miðað við bryggjulengd, er skipulagsuppdráttur gerir ráð fyrir.

Verðhækkun á lóðum einstaklinga, er á þeim kann að verða fyrir aðgerðir hins opinbera, skal ekki tekin til greina, ef bæjarfélagið síðar meir þarf að kaupa þær lóðir.

Atvinnumálaráðuneytið skal með reglugerð kveða nánar á um framkvæmd ákvæða greinar þessarar og þar á meðal gefa fyriræmi um tilhögun atkvæðagreiðslu þeirrar, er um ræðir í 1. málsg., að fengnum tillögum bæjarstjórnar Siglufjarðar.

7. gr.

Bæjarstjórn Siglufjarðar hefur á hendi stjórn hafnarmálefna undir yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

8. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd. Í hafnarnefnd eiga sæti 5 menn. Skal nefndin kosin til sama tíma og á sama hátt og aðrar

10 fastanefndir, er bæjarstjórn kys. Heimilt er að kjósa í nefndina 2 menn, er ekki 24. marz eiga sæti í bæjarstjórn.

9. gr.

Eignum hafnarinnar má aðeins verja í þarfir hafnarinnar.
Bæjarsjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðs og ber ábyrgð á eignum og fé hafnarinnar.

10. gr.

Bæjarstjórn má ekki án leyfis ráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðs eða kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka stærri lán eða lán til lengri tíma en svo, að þau verði borguð af tekjum þess árs, sem í hönd fer, né endurnýja slík lán eða fresta afborgunartímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

11. gr.

Til þess að standa straumi af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarmannvirka og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, sem hér segir:

1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem eru gerð samkvæmt 5. gr.
2. Af skipum og bátum, sem hafna sig á Siglufjarðarhöfn, og farmi þeirra:
 - a. Lestagjald.
 - b. Vitagjald.
 - c. Vörugjald. — Undanskildar eru þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annarra hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
 - d. Bryggjugjald af skipum þeim, er leggjast við bryggjur í höfninni.
 - e. Festargjald af skipum, er nota festar hafnarinnar.
 - f. Leiðsögugjald.

Gjöld þessi sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar skulu ákveðin í reglugerð, sem bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar semur og atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið staðfestir.

Herskip og skemmtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarinnar samkvæmt tölulíð 2. a og b.

12. gr.

Nú má álita, að tekjur af gjaldstofnum þeim, sem heimilaðir eru í 11. gr., hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, og getur þá hafnarnefndin með sérstöku leyfi atvinnumálaráðuneytisins fyrir hvert ár ákveðið, að leggja megi aukagjald á aðflutningsgjaldskyldar og útflutningsgjaldskyldar vörur. Gjaldið má þó ekki fara fram úr 4% af gjöldum þeim, er greiða ber í rikissjóð af vörunum. Gjald þetta innheimtir hafnarnefnd.

Þetta gjald sem og gjöldin samkvæmt 11. gr. má taka lögtaki.

13. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir bæjarstjórn frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Bæjarstjórn skal hafa fullsamið áætlunina fyrir lok nóvembermánaðar og senda hana síðan atvinnumálaráðuneytinu til samþykktar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á einstökum gjalda- og tekjulíðum.

14. gr.

Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

15. gr.

10

24. marz

Nú hefur bæjarstjórn í hyggju einhverjar meiri háttar framkvæmdir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykkis atvinnumálaráðuneytisins þarf til, og skal hún þá senda ráðuneytinu sérstaka tillögu um það efni. Skál það gert svo tímanlega, að samþykki ráðuneytisins geti komið til, áður en hún lætur fjárhagsáætlun hafnarnefndar frá sér fara.

16. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sé að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar eða fara fram úr áætlunum fjárhæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það bæjarstjórn í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndar, skál þegar leitað samþykkis ráðuneytisins til þess, að víkja megi frá áætluninni. Fyrr má ekki framkvæma verkið né stofna til tekjuhallans.

17. gr.

Við lok hvers reikningsárs og ekki síðar en fyrir lok febrúarmánaðar skál bæjarstjórn gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á liðna árinu og efnahagsreikning hennar. Reikningana skál endurskoða og úrskurða á sama hátt og bæjarreikningana.

18. gr.

Að öðru leyti skál ákveða með reglugerð, er hafnarnefnd semur, bæjarstjórn samþykkir og ráðuneytið staðfestir, allt það, er lýtur að greiðri og hættalausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru, er höfninni viðvikur og við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni 20—1000 krónur.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í bæjarsjóð.

19. gr.

Með mál þau, er rísa út af brotum á lögum þessum og reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim, skál farið að hætti opinberra mála.

20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru jafnframt úr gildi numin hafnarlög fyrir Siglufjarðarkauptún, nr. 64 3. nóv. 1915.

Gjört í Reykjavík, 24. marz 1944.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Vilhjálmur Þór.

HAFNARLÖG

fyrir Bolungavík.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Til hafnargerðar í Bolungavík veitist úr ríkissjóði ½ kostnaðar, eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefur samþykkt, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, allt að 720000 kr. — sjö hundruð og tuttugu þús. kr. — gegn ½ frá hafnarsjóði Bolungavíkur.

11

24. marz

11

24. marz

2. gr.
Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 1080000 kr. — einnar millj. og áttatíu þús. kr. — lán, er hafnarsjóður Bolungavíkur kann að fá til hafnargerðarinnar, gegn ábyrgð sveitarsjóðs Hólshrepps og sýslunefndar Norður-Ísafjarðarsýslu. Tillagið úr ríkissjóði og ábyrgð ríkissjóðs er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkiu og reikningshald sé falið manni, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans hvort heldur er grjót, mól eða önnur jarðefni og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefur í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaður við matið greiðist úr hafnarsjóði Bolungavíkur. Nú vill annar hvor málsaðili ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði Bolungavíkur.

4. gr.

Hafnarmerki skulu ákveðin í reglugerð.

5. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, né fylla upp eða dýpka út frá landi, nema eftir tillögum hafnarnefndar og með samþykki hreppsnefndar Hólshrepps. Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa í tvennu lagi, og heldur hafnarnefnd öðru eintakinu. Hafnarnefnd afgreiðir síðan málið til hreppsnefndar.

Sá, sem fengið hefur slíkt leyfi, skal skyldur að halda mannvirkinu svo við, að engin hætta stafi af því. Þessi ákvæði gilda og um þær bryggjur og önnur mannvirki, sem þegar hafa verið gerð á hafnarsvæðinu.

Brot gegn þessari grein varða sektum, frá 500—20000 kr., og hafnarnefnd getur látið nema hurt mannvirkið á kostnað eiganda.

6. gr.

Hreppsnefnd Hólshrepps hefur á hendi stjórn hafnarmálefnaanna undir yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

7. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd. Í hafnarnefnd sitja 3 menn. Skal nefndin kosin á sama hátt og til sama tíma og aðrar fastanefndir, er hreppsnefnd kýs. Heimilt er þó að kjósa í nefndina menn, er ekki eiga sæti í hreppsnefnd.

8. gr.

Eigum hafnarsjóðs má aðeins verja í þarfir hafnarinnar. Sveitarsjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðs, og hreppsnefnd hefur ábyrgð á eignum hafnarinnar.

9. gr.

11
24. marz

Hreppsnefnd má ekki án leyfis ráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðs, eða kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka stærri lán eða lán til lengri tíma en að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, né endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

10. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, er hér segir:

1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem gerð eru samkvæmt 5. gr.
2. Af skipum og bátum, er hafna sig á Bolungavíkurhöfn, og farmi þeirra:
 - a. Lestagjald.
 - b. Vitagjald.
 - c. Vörugjald. — Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annarra hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
 - d. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
 - e. Festargjald af skipum, sem nota festar hafnarsjóðs.
 - f. Allt að 2% af andvirði afla þeirra skipa og báta, sem heimili eiga í kaup-túninu og leggja þar afla á land eða hafa þar uppsátur.

Gjöld þessi, sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar, skulu ákveðin í reglugerð, sem hreppsnefnd Hólshrepps semur og atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið staðfestir, og skal í henni ákveða, hver skuli greiða þau og innheimta.

Herskip og skemmtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarinnar samkvæmt töluð 2 a og b.

11. gr.

Nú má álita, að tekjur af gjaldstofnum þeim, sem heimilaðir eru í 10. gr., hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, og getur þá hreppsnefnd, með sérstöku samþykki atvinnumálaráðuneytisins fyrir hvert ár, ákveðið, að leggja megi aukatoll á aðflutningsgjaldskyldar og útflutningsgjaldskyldar vörur. Gjaldið má þó aldrei fara fram úr 4% af tolli þeim, er greiða ber í ríkissjóð. Gjald þetta innheimtir hafnarnefnd. Gjald þetta, sem og gjöldin samkvæmt 10. gr., má taka lögtaki.

12. gr.

Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

13. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir hreppsnefnd frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Hreppsnefnd skal hafa fullsamið áætlunina fyrir lok nóvembermánaðar og senda hana síðan atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu til samþykktar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á einstökum gjalda- og tekjuhlutum.

14. gr.

Nú hefur hreppsnefnd í hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki atvinnumálaráðuneytisins þarf til, og skal hún þá senda ráðuneytinu sérstaka tillögu um það efni. Skal

11 það gert svo tímanlega, að samþykki ráðuneytisins geti komið til, áður en hún lætur
24. marz fjárhagsáætlun hatnarinnar fara frá sér.

15. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið liður, að óumflýjanlegt sé að sinna ein- hverjum aðgerðum utan áætlunar eða fara fram úr áætluðum fjárhæðum, þer hafnar- nefnd að tilkynna það hreppsnefnd í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefnd- ar, skal þegar leitað samþykkis ráðuneytisins til þess, að víkja megi frá áætluninni. Fyrr má ekki framkvæma verkið né stofna til tekjuhallans.

16. gr.

Við lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en fyrir febrúarlok, skal hafnarnefnd gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári og efnahagsreikn- ing hennar. Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og reikninga sveitarsjóðs.

17. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð, er hreppsnefnd semur og ráðuneytið staðfestir, allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—1000 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

18. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum á lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 24. marz 1944.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Vilhjálmur Þór.

12

24. marz

L Ö G

um breyting á hafnarlögum fyrir Ísafjörð, nr. 34 frá 19. júní 1922.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam- þykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Til hafnargerðar og hafnarumbóta á Ísafirði veitist úr ríkissjóði einn þriðji kostnaðar, eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefur samþykkt, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, þó ekki yfir 800000 krónur, gegn tvöföldu framlagi úr hafnar- sjóði Ísafjarðar.

2. gr.

Á eftir 1. gr. komi ný grein., sem verður 2. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatala laganna samkvæmt því):

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd rikissjóðs allt að kr. 1600000.00 lán, er hafnarsjóður Ísafjarðar kann að fá til hafnargerðar eða hafnarumbóta. Framlagið úr rikissjóði og ábyrgð þessi er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

12

24. marz

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla samtímis úr gildi lög nr. 43 frá 27. júní 1941.

Gjört í Reykjavík, 24. marz 1944.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Vilhjálmur Þór.

L Ö G

um lendingarbætur í Breiðdalsvík.

13

24. marz

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Til lendingarbóta í Breiðdalsvík í Suður-Múlasýslu skal úr rikissjóði veita helming kostnaðar, eftir áætlun, sem atvinnumálaráðherra samþykkir, þegar fé er til þess veitt í fjárlögum, allt að 50 þúsund krónum, gegn jafnmiklu framlagi annars staðar að. Fjárhæð þessi greiðist lendingarsjóði Breiðdalsvíkur að jafnri tiltölu og lendingarsjóðurinn leggur fram til lendingarbótanna.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd rikissjóðs allt að 50 þúsund króna lán, er hreppsnefnd Breiðdalshrepps kann að taka í innlendri lánsstofnun til lendingarbótanna.

Lánsábyrgðin skal bundin því skilyrði, að umsjón verksins og reikningshald sé falið manni, er atvinnumálaráðherra telur til þess færan.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera lendingarbæturnar eða undir brautir og vegi í þarfir þeirra, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans hvort heldur er grjót, mól eða önnur jarðefni og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem lendingarbæturnar hafa í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr lendingarsjóði Breiðdalsvíkur.

13 Nú vill annar hvor málsaðili ekki una mati, og getur hann þá heimtað yfirmat,
24. marz en gera skal hann það innan 14 daga, frá því að matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæma á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsfjárhæðinni verður ekki breytt meir en um 10% frá hinni ákveðnu endurgjaldsfjárhæð, annars greiðist kostnaðurinn úr lendingarsjóði.

4. gr.

Meðfram strandlengju lendingarsvæðisins, eftir því sem nánar verður til tekið í reglugerð, má ekki gera neitt mannvirki til lendingarbóta né heldur halda þar úti bátum til útgerðar, nema samþykki lendingarsjóðsstjórnar og hreppsnefndar Breiðdalshrepps komi til.

Brot gegn þessum ákvæðum varða sektum frá kr. 1000.00 til 10000.00 kr.

5. gr.

Framkvæmd lendingarmála og eftirlit með lendingunni hafa þrír menn, er hreppsnefnd Breiðdalshrepps kys. Skulu þeir kosnir á fyrsta fundi nýkosinnar hreppsnefndar, og gildir kosning þeirra jafnlengi og hreppsnefndarinnar.

Til sama tíma skulu kosnir jafnmargir varamenn. Hreppsnefnd Breiðdalshrepps, sú sem nú situr, fer með framkvæmd þessara mála, unz hreppsnefndarkosningar fara næst fram.

6. gr.

Eignum lendingarsjóðs má aðeins verja í þágu lendingarinnar. Hreppssjóður Breiðdalshrepps ábyrgist skuldir sjóðsins, og hreppsnefndin er ábyrg fyrir eignum lendingarinnar.

7. gr.

Hreppsnefndin má ekki án leyfis atvinnumálaráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir lendingarsjóðs, kaupa nýjar fasteignir eða taka lán til lengri tíma en svo, að þau verði greidd upp af tekjum næsta árs, né endurnýja slík lán og ekki heldur gera mannvirki við lendinguna svo stórvaxin, að árstekjur hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

8. gr.

Til að standast kostnað við byggingu og viðhald lendingarvirkjana og til árlegs rekstrarkostnaðar lendingarinnar er heimilt að innheimta í lendingarsjóð Breiðdalshrepps allt að 6% af brúttóverði aflu hvers báts, sem haldið er úti til fiskveiða frá Breiðdalsvik, vörugjald af vörum, sem fluttar eru í land eða úr landi innan takmarka Breiðdalsvikur, svo og önnur gjöld, er ákveðin kunna að verða í reglugerð samkvæmt 12. gr. Heimilt er að innheimta gjöld í lendingarsjóð, þegar byrjað er á verkinu.

Gjöld þessi má taka lögtaki, og ganga þau fyrir sjóveðum.

9. gr.

Reikningsár lendingarsjóðs er almanaksárið.

10. gr.

Fyrir 15. desember ár hvert skal stjórn lendingarsjóðs semja áætlun um tekjur og gjöld lendingarsjóðs næsta ár og senda hana atvinnumálaráðuneytinu til samþykktar.

11. gr.

Stjórn lendingarsjóðs skal í ársbyrjun gera reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins á liðna árinu. Reikninginn skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og sveitar-sjóðsreikninga.

12. gr.

Í reglugerð, sem hreppsnefnd Breiðdalshrepps semur og atvinnumálaráðuneytið staðfestir, skal kveða á um allt það, sem lýtur að stjórn lendingarsjóðs, viðhaldi lendingarbóta, umferð og góðri reglu í lendingunni, upphæð vörugjalds, báta- og bryggjugjöld o. fl. Í reglugerð má ákveða um sektir fyrir brot gegn henni, 20—10000 kr., og renni sektir í sveitarsjóð.

13

24. marz

13. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 24. marz 1944.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Vilhjálmur Þór.

L Ö G

um lendingarbætur í Höfnum í Gullbringusýslu.

14

24. marz

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Til lendingarbóta í Hafnahreppi í Gullbringusýslu skal úr ríkissjóði veita helming kostnaðar eftir áætlun, sem atvinnumálaráðherra samþykkir, þegar fé er til þess veitt í fjárlögum, allt að 250 þúsund krónum, gegn jafnmiklu framlagi annars staðar að. Fjárhæð þessi greiðist lendingarsjóði Hafnahrepps að jafnri tilölu og lendingarsjóðurinn leggur fram til lendingarbótanna.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 250 þúsund króna lán, er hreppsnefnd Hafnahrepps kann að taka í innlendri lánsstofnun til lendingarbótanna.

Lánsábyrgðin skal bundin því skilyrði, að umsjón verksins og reikningshald sé falið manni, er atvinnumálaráðherra telur til þess færán.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera lendingarbæturnar eða undir brautir og vegi í þarfir þeirra, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans hvort heldur er grjótt, mól eða önnur jarðefni og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem lendingarbæturnar hafa í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr lendingarsjóði Hafnahrepps.

14 Nú vill annar hvor málsaðili ekki una mati, og getur hann þá heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga, frá því að matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæma á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsfjárhæðinni verður ekki breytt meir en um 10% frá hinni ákveðnu endurgjaldsfjárhæð, annars greiðist kostnaðurinn úr lendingarsjóði.

4. gr.

Meðfram strandlengju þorpsins, eftir því sem nánar verður til tekið í reglugerð, má ekki gera neitt mannvirki til lendingarbóta né heldur halda þar úti bátum til útgerðar, nema samþykki lendingarsjóðsstjórnar og hreppsnefndar Hafnahrepps komi til.

Brot gegn þessum ákvæðum varða sektum frá kr. 1000.00 til 10000.00 kr.

5. gr.

Framkvæmd lendingarmála og eftirlit með lendingunni hafa þrír menn, er hreppsnefnd Hafnahrepps kys. Skulu þeir kosnir á fyrsta fundi nýkosinnar hreppsnefndar, og gildir kosning þeirra jafnlengi og hreppsnefndarinnar.

Til sama tíma skulu kosnir jafnmargir varamenn. Hreppsnefnd Hafnahrepps, sú sem nú situr, fer með framkvæmd þessara mála, unz hreppsnefndarkosningar fara næst fram.

6. gr.

Eignum lendingarsjóðs má aðeins verja í þágu lendingarinnar. Hreppssjóður Hafnahrepps ábyrgist skuldir sjóðsins, og hreppsnefndin er ábyrg fyrir eignum lendingarinnar.

7. gr.

Hreppsnefndin má ekki án leyfis atvinnuáráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir lendingarsjóðs, kaupa nýjar fasteignir eða taka lán til lengri tíma en svo, að þau verði greidd upp af tekjum næsta árs, né endurnýja slík lán og ekki heldur gera mannvirki við lendinguna svo stórvaxin, að árstekjur hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

8. gr.

Til að standast kostnað við byggingu og viðhald lendingarvirkjana og til árlegs rekstrarkostnaðar lendingarinnar er heimilt að innheimta í lendingarsjóð Hafnahrepps allt að 6% af brúttóverði afla hvers báts, sem haldið er úti til fiskveiða frá Hafnahreppi, vörugjald af vörum, sem fluttar eru í land eða úr landi innan takmarka Hafnahrepps, svo og önnur gjöld, er ákveðin kunna að verða í reglugerð samkvæmt 12. gr. Heimilt er að innheimta gjöld í lendingarsjóð, þegar byrjað er á verkinu.

Gjöld þessi má taka lögtaki, og ganga þau fyrir sjóveðum.

9. gr.

Reikningsár lendingarsjóðs er almanaksárið.

10. gr.

Fyrir 15. desember ár hvert skal stjórn lendingarsjóðs semja áætlun um tekjur og gjöld lendingarsjóðs næsta ár og senda hana atvinnuáráðuneytinu til samþykktar.

11. gr.

Stjórn lendingarsjóðs skal í ársbyrjun gera reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins á liðna árinu. Reikninginn skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og sveitarsjóðsreikninga.

12. gr.

14

Í reglugerð, sem hreppsnefnd Hafnahrepps semur og atvinnumálaráðuneytið staðfestir, skal kveða á um allt það, sem lýtur að stjórn lendingarsjóðs, viðhaldi lendingarbóta, umferð og góðri reglu í lendingunni, upphæð vörugjalds, báta- og bryggjugjöld o. fl. Í reglugerð má ákveða um sektir fyrir brot gegn henni, 20—10000 kr., og renni sektir í sveitarsjóð.

24. marz

13. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 24. marz 1944.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Vilhjálmur Þór.

L Ö G

15

um breyting á lögum nr. 32 11. júní 1942, um váttryggingarfélög fyrir vélbáta.

24. marz

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „til ársloka 1944“ í ákvæði til bráðabirgða komi: til ársloka 1946.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 24. marz 1944.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Vilhjálmur Þór.

16

L Ö G

24. marz

um breyting á lögum nr. 88 frá 1941, um girðingar til varnar gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og heimild til samþykktu um fjárskipti.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 11. gr. 3. málsgrein orðist svo.

Atkvæðisrétt um samþykktina hafa allir framteljendur búsettir í hreppnum, ef þeir hafa átt 25 kindur eða fleiri við síðasta skattframtal, áður en veikin kom sannanlega fram í fjárstofni þeirra, eða hafa síðar tekið við húi, er þeirri stærð nam, þótt gengið hafi saman vegna fjársýkinnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 24. marz 1944.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Vilhjálmur Þór.

17

L Ö G

24. marz

um tilhögun atkvæðagreiðslu um þingsályktun um niðurfelling dansk-íslenska sambandslagasamningsins frá 1918 og lýðveldisstjórnarskrá Íslands.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Atkvæðagreiðslur þær, er greinir í þingsályktun, samþykktri á Alþingi 25. febrúar 1944, um niðurfelling dansk-íslenska sambandslagasamningsins frá 1918, og í stjórnarskipunarlögum frá 15. des. 1942, skulu fara fram 20. til 23. maí 1944 eftir því, sem nánar skal kveða á í auglýsingu ráðherra. Atkvæðisrétt eiga allir kjósendur til Alþingis samkvæmt gildandi reglum.

2. gr.

Atkvæðagreiðslur samkvæmt 1. gr. skulu vera leynilegar og skulu fara eftir kjörskrá yfir alþingiskjósendur, er gera skal í febrúar 1944. Skulu kjörskrár liggja frammi frá 1. til 10. apríl og kærur allar úrskurðaðar fyrir 20. apríl.

Kjörstjórnir eru hinar sömu og við alþingiskosningar.

Kjörstjórnir senda oddvita yfirkjörstjórnar þegar í stað skýrslu um tölu kjósenda í kjördeild hverri, en hann sendir síðan þegar viðkomandi ráðuneyti skýrslu um tölu allra kjósenda í kjördæminu.

3. gr.

17

Dómsmálaráðuneytið lætur í té atkvæðaseðla, sem nota skal við atkvæðagreiðsluna. Skal senda yfirkjörstjórn hverri atkvæðaseðla að tölu 10% fram yfir samtölu allra kjósenda í kjördæminu, og sendir oddviti hennar síðan formanni hvarrar kjörstjórnar í innsigliðum, þar til gerðum umslögum seðla 10% fleiri en kjósendur eru í umdæmi hans.

24. marz

Seðlarnir skulu vera þannig:

| | |
|---|---|
| I | Þingsályktun frá 25. febr. 1944 um niðurfelling dansk-íslenska sambandslagasamningsins frá 1918: (meginmál ályktunarinnar orðrétt) |
| | já |
| | nei |

II Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, samþykkt á Alþingi 1944.

| | |
|--|-----|
| | já |
| | nei |

Þeir, er samþykkja þingsályktunina eða stjórnarskrána, setja kross fyrir framan „já“, en hinir fyrir framan „nei“.

4. gr.

Kjördagar skulu vera hinir sömu um land allt. Skal ráðherra auglýsa þá einu sinni í Lögbirtingablaði og ríkisútvarpi þrisvar sinnum á sem heppilegustum tíma.

5. gr.

Loka má kjördeild, ef kjörstjórn er um það sammála, þegar er 80% kjósenda hafa gefið sig fram, en þeim, er síðar kunna að koma, skal þá veita kost á að greiða atkvæði í öðrum kjördeildum, ef þeir sanna, að þeir standa á kjörskrá annars staðar í kjördæminu. Ef lokað er í öllum kjördeildum hreppsins, geta þeir gefið sig fram hjá oddvita kjörstjórnar, er tekur þá við atkvæði þeirra og bókar þar um í kjörbók.

6. gr.

Gerðabækur til alþingiskosninga skulu notaðar. Kjörstjórnir senda oddvita yfirkjörstjórnar þegar í stað notaða og ónotaða atkvæðaseðla í innsigliðum, þar til gerðum umslögum. Oddviti yfirkjörstjórnar auglýsir síðan stað og stund til talningar atkvæða, er fara skal fram opinberlega. Opnar yfirkjörstjórn að settum kjörfundi atkvæðasendingar og sannfærir sig um, að innsigli séu heil og ósködduð. Síðan skal láta seðlana í hæfilegt ílát, blanda þeim þar saman og síðan telja atkvæði, enda ræður meiri hluti kjörstjórnar, ef ágreiningur verður um gildi atkvæðis. Skal eigi meta atkvæði ógilt, nema um það megi villast, hvernig kjósandi greiði atkvæði.

17 Að talningu lokinni sendir yfirkjörstjórn ráðherra þegar í stað skýrslu um
24. marz greidd gild atkvæði („já“ og „nei“), ógilda seðla, auða seðla og afgangsseðla. Ráð-
herra birtir að lokum úrslit atkvæðagreiðslna í Lögbirtingablaði og ríkisútvarpi.

7. gr.

Um atkvæðagreiðslu utan kjörstaða skal fara eftir 64.—66. og 70.—75. gr. laga um kosningar til Alþingis, eftir því sem við getur átt.

Íslenskum ríkisborgurum, sem kosningarrétt hafa til Alþingis, en dvelja erlendis, er atkvæðagreiðslan fer fram, er heimilt að neyta atkvæðisréttar síns hjá sendiherra eða ræðismanni Íslands á þeim stað, og skal um það fara eftir ákvæðum þessara laga, eftir því sem við á.

Nú koma atkvæðabréf eigi til skila fyrr en eftir kjördaga eða atkvæðatalning, en fyrir gildistöku þingsályktunarinnar og stjórnarskrárinnar, og skal þá yfirkjörstjórn opna þau, og skulu atkvæðin þá talin með, enda hafi yfirkjörstjórn sannfært sig um kosningarrétt aðila.

8. gr.

Þeir, er sakir sjúkdóms, ellibrönnunar eða óhjákvæmilegra heimilisanna geta eigi samkvæmt drengskaparyfirlýsingu sinni og vottorði hreppstjóra í sveitum og oddvita yfirkjörstjórnar í kaupstöðum eða fulltrúa hans farið af heimili sínu eða dvalarstað til atkvæðagreiðslu, mega greiða þar atkvæði, enda fari sú atkvæðagreiðsla fram síðustu viku fyrir fyrsta kjördag eða í síðasta lagi á kjördegi. Um atkvæðagreiðslu fer samkvæmt 7. gr., svo sem við á. Oddvitar yfirkjörstjórna sjá um, að hver kjörstjórn fái nægilega mörg eintök af eyðublöðum undir yfirlýsingar þær, er hér getur. Hreppstjóri stjórnar atkvæðagreiðslu og kemur atkvæðabréfum til hlutaðeigandi kjörstjórnar.

9. gr.

Ákvæði 45., 47., 48., 60. og 61. gr. XII. kafla, 134. gr. XVII. kafla og XXI. og XXII. kafli laga nr. 80/1942 gilda um atkvæðagreiðslur samkvæmt lögum þessum að því leyti, sem þau láta ekki öðruvísi um mælt og við getur átt.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Skal sérprenta þau og senda oddvitum yfirkjörstjórna hæfilega mörg eintök til útbýtingar meðal kjörstjórna í hverju umdæmi.

Gjört í Reykjavík, 24. marz 1944.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Einar Arnórsson.

L Ö G

18

24. marz

um réttindi danskra ríkisborgara á Íslandi.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Þeir, er danskan ríkisborgararétt hafa öðlazzt samkvæmt þeim reglum, er þar um giltu fyrir 9. apríl 1940, eða öðlast hann síðar eftir áðurnefndum reglum, skulu hér á landi njóta þess jafnréttis við íslenzka ríkisborgara, er þeim var áskilið í 6. gr. sambandslaga Íslands og Danmerkur 30. nóv. 1918, fyrst um sinn, þar til 6 mánuðum eftir að samningar um það mál geta hafizt milli Íslands og Danmerkur.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi um leið og tillaga til þingsályktunar um niðurfellingu dansk-íslenzka sambandslagasamningsins frá 30. nóv. 1918.

Gjört í Reykjavík, 24. marz 1944.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Einar Arnórsson.

L Ö G

19

24. marz

um breyting á lögum nr. 32 19. maí 1930, um Menntaskóla á Akureyri.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

14. gr. laganna orðist svo:

Um fjölda kennslustunda skólameistara og kennara skal á hverjum tíma farið eftir reglugerð fyrir Menntaskóla Reykjavíkur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 24. marz 1944.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Einar Arnórsson.

20

24. marz

L Ö G

um breyting á lögum nr. 98 9. júlí 1941, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Heimildir þær, sem ríkisstjórninni voru veittar með ákvæðum 3. gr. laga nr. 98 9. júlí 1941, sbr. lög nr. 29 1943, skulu koma í gildi af nýju 1. janúar 1944 að telja og gilda til loka þess árs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 24. marz 1944.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Einar Arnórsson.

21

24. marz

L Ö G

um, að gjafir til barnaspítala skuli dregnar frá skattskyldum tekjum gefenda við álagningu skatta til ríkis og bæjar eða sveitar.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Gjafir til barnaspítala skal gefanda heimilt að telja til frádráttar skattskyldum tekjum sínum það ár, og reiknast gjöfin sem annar löglegur frádráttur, áður en lagðir eru á skattar til ríkis og bæjar eða sveitar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til ársloka 1945.

Gjört í Reykjavík, 24. marz 1944.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.

L Ö G

22

24. marz

um breyting á lögum nr. 69 27. júní 1941, um sparisjóði.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Síðasta mgr. 24. gr. laganna falli niður, en í stað hennar komi:

Geta þá skuldheimtumenn sjóðsins, svo og ráðherra, sem fer með bankamál, ákveðið, að sjóðurinn verði tekinn til gjaldþrotameðferðar. Skipar ráðherra þá tvo skiptaforstjóra, er auglýsa innköllun til sparifjáreigenda og annarra skuldheimtumanna sjóðsins á venjulegan hátt, krefja inn skuldabréf hans og selja eignir hans.

Skiptagerð sendist sparisjóðseftirliti, og úrskurðar það kostnaðarreikning við skiptin, sem greiðist af fé sparisjóðsins.

Nú óska eigendur eða ábyrgðarmenn sparisjóðs á aðalfundi hans að leggja hann niður, án þess að um gjaldþrot sé að ræða, og skulu þeir þá leita samþykkis ráðherra, sem fer með bankamál.

Aðalfundur kýs tvo skilaneftarmenn til þess að ljúka reikningsuppgjöri sjóðsins, og skulu þeir löggiltir af ráðherra, sem fer með bankamál.

Skilaneftnd getur gefið út innköllun til skuldheimtumanna sparisjóðsins, þar með eru taldir innstæðueigendur. Innköllunarfræstur skal eigi vera styttri en 6 mánuðir. Þeir, sem ekki lýsa kröfum sínum á hinum tiltekna fresti, missa kröfurétt sinn gagnvart sjóðnum. Skiptagerð skal senda sparisjóðseftirliti.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 24. marz 1944.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.

23

9. marz

RÍKISSTJÓRABRÉF

um frestun á fundum Alþingis.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis frá 11. marz þ. á. þar til síðar á árinu, þó eigi lengur en til 10. júní n. k.

Gjört í Reykjavík, 9. marz 1944.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Þórðarson.

24

19. apríl

AUGLÝSING

um staðfesting ríkisstjóra Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, nr. 47 frá 30. júní 1942.

Samkvæmt tillögu ráðuneytlisins hefur ríkisstjóri Íslands staðfest eftirfarandi breytingu á reglugerð Háskóla Íslands.

Aftan við 3. málsgrein 56. greinar reglugerðarinnar komi ný málsgrein svo hljóðandi:

Undanþágu má veita frá því að prenta ritgerð, áður en doktorsvottorð er veitt, ef svo sérstakar ástæður eru til, að bæði háskólaráð og hlutaðeigandi háskóla-deild samþykkja einróma að taka þær gildar, enda fari þá ekki munnleg vörn fram, heldur semji dómnefnd sú, sem um ritgerðina fjallar, rökstudda greinargerð um efni hennar og vísindalegt gildi, og sé sú greinargerð birt í næstu árbók háskólans.

Þetta tilkynnist öllum sem hlut eiga að máli.

Í kennslumálaráðuneytinu, 19. apríl 1944.

Einar Arnórsson.

Gústav A. Jónasson.

25

26. apríl

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 6 9. janúar 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Fjármálaráðherra hefur tjáð mér, að enn í ár sé nauðsynlegt að breyta tíma-ákvörðunum og frestum þeim, sem um ræðir í 14. kafla laga nr. 6 9. janúar 1935, um tekjuskatt og eignarskatt. Eigi þetta einkum við í kaupstöðum, þar sem skatta-

störf eru umfangsmikil, og megi búast við, að frestur sá, sem ákveðinn er í fyrr- 25 greindum lögum reynist oft fullstuttur, einkum þegar til mála geta komið breyt- 26. apríl ingar á skattalögum og störf skattanefnda tefjast vegna óvissu um afdrif þeirra breytinga á Alþingi.

Ráðherra telur heppilegast, að fjármálaráðuneytinu verði, svo sem verið hefur undanfarin ár, gefin heimild til að breyta umræddum frestum og tíma- ákvörðunum og að heimildin verði til frambúðar.

Með því að ég tel það brýna nauðsyn, að tekju- og eignarskattur og stríðs- gróðaskattur verði alls staðar á landinu löglega álagður 1944, en ekki sé ástæða til að svo stöddu að láta heimildina ná lengra en til álagningar skatta árið 1944, gef ég út bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Heimilt er ráðherra að breyta tímaákvörðunum og frestum þeim, sem um ræðir í IV. kafla laga nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, eftir því sem þörf krefur, við álagning skatta árið 1944.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 26. apríl 1944.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að kaupa eignir setuliðsins á Íslandi.

26
26. apríl

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Fjármálaráðherra hefur tjáð mér, að til þess að greiða fyrir burtrýmingu hernaðarmannvirkja hér á landi, þegar að því kemur, og með það fyrir augum, að verðmæti þau, sem í þessum mannvirkjum eru, komi að sem beztum notum fyrir landsmenn, telji hann nauðsynlegt, að ríkisstjórninni f. h. ríkissjóðs sé gefin heimild til að festa kaup á eignum setuliðsins.

Með því að ég tel það brýna nauðsyn, að ríkisstjórninni f. h. ríkissjóðs sé veitt ofanefnd heimild gef ég út bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að kaupa fyrir ríkissjóðs hönd eignir setuliðsins á Íslandi.

2. gr.

Ráðstöfun og sala þeirra eigna, sem yfirteknar verða samkv. heimild í 1. gr., skal framkvæmd af 5 manna nefnd, sem ríkisstjórnin skipar. Fjórir nefndarmanna séu tilnefndir af stjórnmalaflokkunum, einn af hverjum, en ríkisstjórnin skipar formann og sé hann jafnframt framkvæmdastjóri.

26 Forgangsrétt til kaupa á fasteignum eiga, að öðru jöfnu, bæjarfélög og sveit-
26. apríl arfélög, þar sem fasteignin er.

3. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að fela hæstarétti að nefna þriggja manna matsnefnd til að ákveða bætur handa landeigendum hér í landi vegna landsþjalla, er þeir hafa orðið fyrir af völdum setuliðsins.

Hæstiréttur ákveður hver matsmanna fer með formennsku í nefndinni og skal hann vera lögfræðingur.

4. gr.

Úrskurðir nefndarinnar eru fullnaðarákvarðanir um bætur.

5. gr.

Nú tekur ríkisstjórnin til umráða eða eignar mannvirki, sem setuliðið á hér á landi, og er þá ríkisstjórninni heimilt, að fengnu samþykki hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórnar, að láta þau vera áfram þar sem þau eru gegn bótum, sem nefnd sú, er um getur í 3. gr., ákveður.

6. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja nánari fyrirmæli um allt, er lýtur að framkvæmd laga þessara og getur hún ákveðið í þeim, að bótanefndin geti stefnt fyrir sig með opinberri innköllun í Lögbirtingablaðinu, innan tiltekins tíma, kröfum höfum að viðlögðum kröfumissi (preclusion).

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 26. apríl 1944.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.

27

30. marz

AUGLÝSING

um lækun aðflutningsgjalda á kornvörum og sykri.

Samkvæmt heimild í 3. gr. laga nr. 98 9. júlí 1941, sbr. lög frá 24. marz 1944 um breyting á þeim lögum, hefur ríkisstjórnin ákveðið að fella niður frá 1. janúar þ. á. að telja til ársloka 1944 verðtoll af: baunum, ertum, linsum, hveiti, rúgi, rís með hýði eða án hýðis, byggi, höfrum, maís, og annarri ómalaðri kornvöru; mjöli: úr hveiti, úr rúgi, úr rís, úr byggi, úr höfrum, úr maís og öðru ótöldu; grjónum: úr hveiti, úr byggi, úr höfrum, úr rís og öðru ótöldu.

Enn fremur að lækka um helming um sama tíma aðflutningsgjöld af: sykri, strásykri, höggnum sykri (molasykri), sallasykri (flórsykri), púðursykri, steinsykri (kandís) og toppasykri.

Auk þessa hefur verið ákveðið að ekki skuli innheimta verðtoll af farmgjaldi af ofangreindum sykri um sama tíma.

Fjármálaráðuneytið, 30. marz 1944.

F. h. r.

Magnús Gíslason.

Einar Bjarnason.

R Í K I S S T J Ó R A B R É F

28

26. maí

um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda laugardaginn 10. júní 1944.

R Í K I S S T J Ó R I Í S L A N D S*gjörir kunnugt:* Að ég hef ákveðið, að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda laugardaginn 10. júní 1944, kl. 13.30.*Ritað í Reykjavík, 26. maí 1944.***Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Björn Þórðarson.***B R Á Ð A B I R G Ð A L Ö G**

29

31. maí

um heimild fyrir þjóðhátíðarnefnd lýðveldisstofnunar á Íslandi til að taka í sínar hendur umráð yfir bifreiðum 16.—18. júní 1944.

R Í K I S S T J Ó R I Í S L A N D S*gjörir kunnugt:* Dómsmálaráðherra hefur tjáð mér, að til þess að greiða fyrir fólksflutningum þjóðhátíðardagana 1944, telji hann nauðsynlegt að þjóðhátíðarnefnd lýðveldisstofnunar á Íslandi verði gefin heimild til að taka bifreiðar til sinna umráða dagana 16.—18. júní 1944 og ákveða hámarksverð á fargjöldum með bifreiðum og greiðslu til bifreiðaeigenda.

Með því að ég tel það brýna nauðsyn, að þjóðhátíðarnefnd lýðveldisstofnunar á Íslandi sé veitt ofanefnd heimild, gef ég út bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Þjóðhátíðarnefnd lýðveldisstofnunar á Íslandi er heimilt að taka í sínar hendur umráð yfir:

- I. a. leigubifreiðum, skrásettum á bifreiðastöðvum,
 - b. 10—37 farþega fólksflutningabifreiðum,
 - c. vörubifreiðum, sem að áliti nefndarinnar eða fulltrúa hennar eru hæfar til fólksflutninga.
- II. Að ákveða hámarksverð á fargjöldum með bifreiðum og greiðslu til bifreiðaeigenda, að fengnum tillögum Viðskiptaráðs.
- Ákvæði þessi gilda dagana 16.—18. júní 1944.

2. gr.

Umráðamenn bifreiða þeirra, er um getur í 1. gr., er skylt að gefa sig fram til skrásetningar samkvæmt auglýsingu þar um.

3. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 1000—50000 kr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 31. maí 1944.***Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

Einar Arnórsson.

30
14. júní

RÍKISSTJÓRABRÉF

um að Alþingi skuli koma saman á Þingvöllum.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Að ég hef ákveðið samkvæmt 32. gr. stjórnarskrárinnar, að Alþingi skuli koma saman á Þingvöllum laugardaginn 17. júní 1944.

Ritað í Reykjavík, 14. júní 1944.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Þórðarson.

31
14. júní

LÖG

um leigunám veitingasala o. fl. á Hótel Borg í Reykjavík til veizlufagnaðar á lýðveldishátíðinni.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka leigunámi til veizlufagnaðar að kvöldi 18. júní 1944 í tilefni lýðveldisstofnunar á Íslandi afnot veitingasala allra á Hótel Borg í Reykjavík, neðstu hæð, með húsgögnum öllum, svo og afnot eldhúss og annarra þeirra herbergja á hæðinni, er nota þarf í þessu skyni, ásamt eldhúsáhöldum, borðbúnaði og öðrum nauðsynlegum munum. Um framkvæmd leigunáms þessa skal farið eftir ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 14. júní 1944.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Þórðarson.

Sambandsslit Íslands og Danmerkur.

32

16. júní

ÞINGSÁLYKTUN

um niðurfelling dansk-íslenzka sambandslagasamningsins frá 1918.

Alþingi ályktar að lýsa yfir því, að niður sé fallinn dansk-íslenzki sambandslagasamningurinn frá 1918.

Ályktun þessa skal leggja undir atkvæði allra alþingiskjösenda til samþykktar eða synjunar, og skal atkvæðagreiðslan vera leynileg. Nái ályktunin samþykki, tekur hún gildi, er Alþingi hefur samþykkt hana að nýju að aflokinni þessari atkvæðagreiðslu.

Samþykkt i sameinuðu Alþingi 25. febrúar 1944.

Gísli Sveinsson.

Jón Sigurðsson.

AUGLÝSING

16. júní

um niðurstöður atkvæðagreiðslu 20.—23. maí 1944.

Lokaniðurstaða atkvæðagreiðslu 20.—23. maí 1944 um þingsályktun um niðurfelling dansk-íslenzka sambandslagasamningsins frá 1918 varð svo sem segir í eftirfarandi skýrslu:

| Kjördæmi | Atkvæðis- bærir kjósendur | Atkv. greidd | Hundr.- hluti | Já | Nei | Auðir | Ógildir |
|---|---------------------------------|-----------------|------------------|------|-----|-------|---------|
| 1. Seyðisfjarðarkaupstaður | 494 | 494 | 100,00 | 476 | 2 | 9 | 7 |
| 2. Vestur-Skaftafellssýsla | 943 | 943 | 100,00 | 922 | 4 | 8 | 9 |
| 3. Vestur-Húnavatnssýsla | 873 | 872 | 99,89 | 862 | 5 | 1 | 4 |
| 4. Dalasýsla | 827 | 826 | 99,88 | 817 | 0 | 5 | 4 |
| 5. Austur-Skaftafellssýsla | 736 | 735 | 99,86 | 713 | 5 | 3 | 14 |
| 6. Rangárvallasýsla | 1896 | 1893 | 99,84 | 1865 | 6 | 12 | 10 |
| 7. Norður-Þingeyjarsýsla | 1039 | 1037 | 99,81 | 994 | 8 | 26 | 9 |
| 8. Skagafjarðarsýsla | 2253 | 2247 | 99,73 | 2209 | 6 | 11 | 21 |
| 9. Gullbringu- og Kjósarsýsla | 3312 | 3301 | 99,67 | 3240 | 10 | 27 | 24 |
| 10. Árnessýsla | 3007 | 2994 | 99,57 | 2933 | 9 | 22 | 30 |
| 11. Suður-Múlasýsla og Neskaupst. | 3082 | 3067 | 99,51 | 2984 | 23 | 25 | 35 |
| 12. Mýrasýsla | 1136 | 1130 | 99,47 | 1107 | 2 | 10 | 11 |
| 13. Strandasýsla | 1088 | 1081 | 99,36 | 1058 | 2 | 13 | 8 |
| 14. Borgarfjarðars. og Akraneskaupst. | 1926 | 1913 | 99,33 | 1869 | 6 | 16 | 22 |
| 15. Snæfellsn.- og Hnappadalssýsla | 1776 | 1763 | 99,27 | 1710 | 10 | 16 | 27 |
| 16. Vestmannaeyjakaupstaður | 1984 | 1968 | 99,19 | 1901 | 7 | 29 | 31 |
| 17. Siglufjarðarkaupstaður | 1626 | 1612 | 99,14 | 1574 | 5 | 16 | 17 |
| 18. Hafnarfjarðarkaupstaður | 2323 | 2302 | 99,10 | 2246 | 11 | 21 | 24 |
| 19. Suður-Þingeyjarsýsla | 2350 | 2328 | 99,06 | 2292 | 10 | 17 | 9 |
| 20. Austur-Húnavatnssýsla | 1255 | 1243 | 99,04 | 1209 | 8 | 15 | 11 |

32
16. júní

| Kjördæmi | Atkvæðis- bærir kjósendur | Atkv. greidd | Hundr.- hluti | Já | Nei | Auðir | Ógildir |
|----------------------------------|---------------------------------|-----------------------------------|------------------|-----------------------------------|----------------------------------|----------------------------------|---------|
| 21. Barðastrandarsýsla | 1659 | 1642 | 98,98 | 1596 | 11 | 19 | 16 |
| 22. Norður-Múlasýsla | 1569 | 1548 | 98,66 | 1526 | 4 | 1 | 17 |
| 23. Eyjafjarðarsýsla | 3162 | 3118 | 98,61 | 3045 | 12 | 31 | 30 |
| 24. Vestur-Ísafjarðarsýsla | 1198 | 1177 | 98,25 | 1158 | 4 | 12 | 3 |
| 25. Norður-Ísafjarðarsýsla | 1434 | 1402 | 97,77 | 1330 | 15 | 39 | 18 |
| 26. Reykjavíkurborg | 26073 | 25487 | 97,75 | 24773 | 155 | 302 | 257 |
| 27. Akureyrarkaupstaður | 3510 | 3420 | 97,44 | 3284 | 21 | 64 | 51 |
| 28. Ísafjarðarkaupstaður | 1560 | 1515 | 97,12 | 1429 | 16 | 35 | 35 |
| Allt landið | 74091 | 73058 | » | 71122 | 377 | 805 | 754 |
| | » | 98,61 ⁰ / ₀ | » | 97,35 ⁰ / ₀ | 0,52 ⁰ / ₀ | 2,13 ⁰ / ₀ | |

Dómsmálaráðuneytið, 16. júní 1944.

Einar Arnórsson.

Gústav A. Jónasson.

16. júní

ÞINGSÁLYKTUN

um niðurfelling dansk-íslenzka sambandslagasamningsins frá 1918.

Alþingi ályktar að lýsa yfir því, að niður sé fallinn dansk-íslenzki sambandslagasamningurinn frá 1918.

Samþykkt í sameinuðu Alþingi 16. júní 1944.

Gísli Sveinsson.

Jón Sigurðsson.

Lýðveldisstjórnarskrá.

33

16. júní

AUGLÝSING

um niðurstöður atkvæðagreiðslu 20.—23. maí 1944.

Lokaniðurstaða atkvæðagreiðslu 20.—23. maí 1944 um lýðveldisstjórnarskrá Íslands varð svo sem segir í eftirfarandi skýrslu:

| Kjördæmi | Atkvæðis- bærir kjósendur | Atkv. greidd | Hundr.- hluti | Já | Nei | Auðir | Ógildir |
|---|---------------------------------|-----------------|------------------|--------|-------|-------|---------|
| 1. Seyðisfjarðarkaupstaður | 494 | 494 | 100,00 | 463 | 7 | 18 | 6 |
| 2. Vestur-Skaftafellssýsla | 943 | 943 | 100,00 | 919 | 6 | 15 | 3 |
| 3. Vestur-Húnavatnssýsla | 873 | 872 | 99,89 | 847 | 8 | 13 | 4 |
| 4. Dalasýsla | 827 | 826 | 99,88 | 804 | 4 | 14 | 4 |
| 5. Austur-Skaftafellssýsla | 736 | 735 | 99,86 | 688 | 7 | 26 | 14 |
| 6. Rangarvallasýsla | 1896 | 1893 | 99,84 | 1829 | 19 | 40 | 5 |
| 7. Norður-Pingeyjarsýsla | 1039 | 1037 | 99,81 | 982 | 12 | 34 | 9 |
| 8. Skagafjarðarsýsla | 2253 | 2247 | 99,73 | 2180 | 17 | 39 | 11 |
| 9. Gullbringu- og Kjósarsýsla | 3312 | 3301 | 99,67 | 3183 | 17 | 85 | 16 |
| 10. Árnessýsla | 3007 | 2994 | 99,57 | 2904 | 11 | 63 | 16 |
| 11. Suður-Múlasýsla og Neskaupst. | 3082 | 3067 | 99,51 | 2931 | 28 | 92 | 16 |
| 12. Mýrasýsla | 1136 | 1130 | 99,47 | 1093 | 3 | 23 | 11 |
| 13. Strandasýsla | 1088 | 1081 | 99,36 | 1042 | 9 | 27 | 3 |
| 14. Borgarfjarðars. og Akraneskaupst. | 1926 | 1913 | 99,33 | 1836 | 12 | 43 | 22 |
| 15. Snæfellsn.- og Hnappadalssýsla | 1776 | 1763 | 99,27 | 1667 | 16 | 67 | 13 |
| 16. Vestmannaeyjakaupstaður | 1984 | 1968 | 99,19 | 1868 | 17 | 61 | 22 |
| 17. Siglufjarðarkaupstaður | 1626 | 1612 | 99,14 | 1549 | 8 | 46 | 9 |
| 18. Hafnarfjarðarkaupstaður | 2323 | 2302 | 99,10 | 2201 | 21 | 56 | 24 |
| 19. Suður-Pingeyjarsýsla | 2350 | 2328 | 99,06 | 2265 | 21 | 33 | 9 |
| 20. Austur-Húnavatnssýsla | 1255 | 1243 | 99,04 | 1178 | 14 | 49 | 2 |
| 21. Barðastrandarsýsla | 1659 | 1642 | 98,98 | 1561 | 14 | 53 | 14 |
| 22. Norður-Múlasýsla | 1569 | 1548 | 98,66 | 1501 | 9 | 20 | 18 |
| 23. Eyjafjarðarsýsla | 3162 | 3118 | 98,61 | 2970 | 32 | 86 | 30 |
| 24. Vestur-Ísafjarðarsýsla | 1198 | 1177 | 98,25 | 1129 | 16 | 29 | 3 |
| 25. Norður-Ísafjarðarsýsla | 1434 | 1402 | 97,77 | 1241 | 44 | 104 | 13 |
| 26. Reykjavíkurkaupstaður | 26073 | 25487 | 97,75 | 24259 | 411 | 667 | 150 |
| 27. Akureyrarkaupstaður | 3510 | 3420 | 97,44 | 3091 | 115 | 163 | 51 |
| 28. Ísafjarðarkaupstaður | 1560 | 1515 | 97,12 | 1254 | 153 | 88 | 20 |
| Allt landið | 74091 | 73058 | » | 69435 | 1051 | 2054 | 518 |
| | | 98,61% | » | 95,04% | 1,44% | 3,52% | |

Dómsmálaráðuneytið, 16. júní 1944.

Einar Arnórsson.

Gústav A. Jónasson.

33

16. júní

ÞINGSÁLYKTUN

um gildistöku stjórnarskrár lýðveldisins Íslands.

Alþingi ályktar, með tilvísun til 81. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands og þar sem skilyrðum sömu greinar um atkvæðagreiðslu allra kosningabærra manna í landinu er fullnægt, að stjórnarskráin skuli ganga í gildi laugardaginn 17. júní 1944, þegar forseti sameinaðs Alþingis lýsir yfir því á fundi í Alþingi.

Samþykkt á Alþingi 16. júní 1944.

Gísli Sveinsson.

Jón Sigurðsson.

17. júní

STJÓRNARSKRÁ

lýðveldisins Íslands.

I.

1. gr.

Ísland er lýðveldi með þingbundinni stjórn.

2. gr.

Alþingi og forseti Íslands fara saman með löggjafarvaldið. Forseti og önnur stjórnarvöld samkvæmt stjórnarskrá þessari og öðrum landslögum fara með framkvæmdarvaldið. Dómendur fara með dómssvaldið.

II.

3. gr.

Forseti Íslands skal vera þjóðkjörinn.

4. gr.

Kjörgengur til forseta er hver 35 ára gamall maður, sem fullnægir skilyrðum kosningarréttar til Alþingis, að fráskildu búsetuskilyrðinu.

5. gr.

Forseti skal kjörinn beinum, leynilegum kosningum af þeim, er kosningarrétt hafa til Alþingis. Forsetaefni skal hafa meðmæli minnst 1500 kosningarbærra manna og mest 3000. Sá, sem flest fær atkvæði, ef fleiri en einn eru í kjöri, er rétt kjörinn forseti. Ef aðeins einn maður er í kjöri, þá er hann rétt kjörinn án atkvæðagreiðslu.

Að öðru leyti skal ákveða með lögum um framboð og kjör forseta, og má þar ákveða, að tiltekin tala meðmælenda skuli vera úr landsfjórðungi hverjum í hlutfalli við kjósendatölu þar.

6. gr.

Kjörtímabil forseta hefst 1. ágúst og endar 31. júlí að 4 árum liðnum. Forseta-kjör fer fram í júní- eða júlímánuði það ár, er kjörtímabil endar.

7. gr.

Nú deyr forseti eða lætur af störfum, áður en kjörtíma hans er lokið, og skal þá kjósa nýjan forseta til 31. júlí á fjórða ári frá kosningu.

8. gr.

Nú verður sæti forseta lýðveldisins laust eða hann getur ekki gegnt störfum um sinn vegna dvalar erlendis, sjúkleika eða af öðrum ástæðum, og skulu þá forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar fara með forsetavald. Forseti sameinaðs Alþingis stýrir fundum þeirra. Ef ágreiningur er þeirra í milli, ræður meiri hluti.

9. gr.

Forseti lýðveldisins má ekki vera alþingismaður né hafa með höndum launuð störf í þágu opinberra stofnana eða einkaafvinnufyrirtækja.

Ákveða skal með lögum greiðslur af ríkisfé til forseta og þeirra, sem fara með forsetavald. Óheimilt skal að lækka greiðslur þessar til forseta kjörtímabil hans.

10. gr.

Forsetinn vinnur eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni, er hann tekur við störfum. Af eiðstaf þessum eða heiti skal gera tvö samhljóða frumrit. Geymir Alþingi annað, en þjóðskjalasafnið hitt.

11. gr.

Forseti lýðveldisins er ábyrgðarlaus á stjórnarathöfnum. Svo er og um þá, er störfum hans gegna.

Forseti verður ekki sóttur til refsingar, nema með samþykki Alþingis.

Forseti verður leystur frá embætti, áður en kjörtíma hans er lokið, ef það er samþykkt með meiri hluta atkvæða við þjóðaratkvæðagreiðslu, sem til er stofnað að kröfu Alþingis, enda hafi hún hlotið fylgi $\frac{3}{4}$ hluta þingmanna í sameinuðu þingi. Þjóðaratkvæðagreiðslan skal þá fara fram innan tveggja mánaða, frá því að krafan um hana var samþykkt á Alþingi, og gegnir forseti eigi störfum, frá því að Alþingi gerir samþykkt sína, þar til er úrslit þjóðaratkvæðagreiðslunnar eru kunn.

Nú hlýtur krafa Alþingis eigi samþykki við þjóðaratkvæðagreiðsluna, og skal þá Alþingi þegar í stað rofið og efnt til nýrra kosninga.

12. gr.

Forseti lýðveldisins hefur aðsetur í Reykjavík eða nágrenni.

13. gr.

Forsetinn lætur ráðherra framkvæma vald sitt.

Ráðuneytið hefur aðsetur í Reykjavík.

14. gr.

Ráðherrar bera ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum. Ráðherraábyrgð er ákveðin með lögum. Alþingi getur kært ráðherra fyrir embættisrekstur þeirra. Landsdómur dæmir þau mál.

15. gr.

Forsetinn skipar ráðherra og veitir þeim lausn. Hann ákveður tölu þeirra og skiptir störfum með þeim.

16. gr.

Forseti lýðveldisins og ráðherrar skipa ríkisráð, og hefur forseti þar forsæti. Lög og mikilvægar stjórnarráðstafanir skal bera upp fyrir forseta í ríkisráði.

17. gr.

Ráðherrafundi skal halda um nýmæli í lögum og um mikilvæg stjórnarmálefni. Svo skal og ráðherrafundur halda, ef einhver ráðherra óskar að bera þar upp mál. Fundunum stjórnar sá ráðherra, er forseti lýðveldisins hefur kvatt til forsætis, og nefnist hann forsætisráðherra.

18. gr.

Sá ráðherra, sem mál hefur undirritað, ber það að jafnaði upp fyrir forseta.

19. gr.

Undirskrift forseta lýðveldisins undir löggjafarmál eða stjórnarerindi veitir þeim gildi, er ráðherra ritar undir þau með honum.

20. gr.

Forseti lýðveldisins veitir þau embætti, er lög mæla.

Engan má skipa embættismann, nema hann hafi íslenzkan ríkisborgararétt. Embættismaður hver skal vinna eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni.

Forseti getur vikið þeim frá embætti, er hann hefur veitt það.

Forseti getur flutt embættismenn úr einu embætti í annað, enda missi þeir einskis í af embættistekjum sínum, og sé þeim veittur kostur á að kjósa um embættaskiptin eða lausn frá embætti með lögmæltum eftirlaunum eða lögmæltum ellistyrk.

Með lögum má undanskilja ákveðna embættismannaflokka auk embættismanna þeirra, sem taldir eru í 61. gr.

21. gr.

Forseti lýðveldisins gerir samninga við önnur ríki. Þó getur hann enga slíka samninga gert, ef þeir hafa í sér fólgið afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi eða ef þeir horfa til breytinga á stjórnarhögum ríkisins, nema samþykki Alþingis komi til.

22. gr.

Forsetinn stefnir saman Alþingi ár hvert og ákveður, hvenær því skuli slitið. Þingi má eigi slíta fyrir en fjárlög eru samþykkt. Forseti lýðveldisins kveður Alþingi til aukafunda, þegar nauðsyn er til.

23. gr.

Forseti lýðveldisins getur frestað fundum Alþingis tiltekinn tíma, þó ekki lengur en tvær vikur og ekki nema einu sinni á ári. Alþingi getur þó veitt forseta samþykki til afbrigða frá þessum ákvæðum.

24. gr.

Forseti lýðveldisins getur rofið Alþingi, og skal þá stofnað til nýrra kosninga, áður en 2 mánuðir séu liðnir, frá því að það var rofið, enda komi Alþingi saman eigi síðar en 8 mánuðum eftir, að það var rofið.

25. gr.

Forseti lýðveldisins getur látið leggja fyrir Alþingi frumvörp til laga og annarra samþykktu.

26. gr.

Ef Alþingi hefur samþykkt lagafrumvarp, skal það lagt fyrir forseta lýðveldisins til staðfestingar eigi síðar en tveim vikum eftir að það var samþykkt, og veitir staðfestingin því lagagildi. Nú synjar forseti lagafrumvarpi staðfestingar, og fær það þó engu að síður lagagildi, en leggja skal það þá svo fljótt sem kostur er undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar með leynilegri atkvæðagreiðslu. Lögín falla úr gildi, ef samþykkis er synjað, en ella halda þau gildi sínu.

27. gr.

Birta skal lög. Um birtingarháttu og framkvæmd laga fer að landslögum.

28. gr.

33

17. júní

Þegar brýna nauðsyn ber til, getur forsetinn gefið út bráðabirgðalög milli þinga. Ekki mega þau þó riða í bág við stjórnarskrána. Ætíð skulu þau lögð fyrir næsta Alþingi á eftir.

Nú samþykkir Alþingi ekki bráðabirgðalög, og falla þau þá úr gildi.

Bráðabirgðafjárlög má ekki gefa út, ef Alþingi hefur samþykkt fjárlög fyrir fjárhagstímabilið.

29. gr.

Forsetinn getur ákveðið, að saksókn fyrir afbrot skuli niður falla, ef ríkar ástæður eru til. Hann náðar menn og veitir almenna uppgjöf saka. Ráðherra getur hann þó eigi leyst undan saksókn né refsingu, sem landsdómur hefur dæmt, nema með samþykki Alþingis.

30. gr.

Forsetinn veitir, annaðhvort sjálfur eða með því að fela það öðrum stjórnvöldum, undanþágur frá lögum samkvæmt reglum, sem farið hefur verið eftir hingað til.

III.

31. gr.

Á Alþingi eiga sæti allt að 52 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir leynilegum kosningum, þar af

- a. 8 þingmenn í Reykjavík. Kosning þeirra er hlutbundin. Jafnmargir varamenn skulu kosnir samtímis og á sama hátt.
- b. 6 þingmenn í þessum kaupstöðum, einn fyrir hvern kaupstað: Hafnarfirði, Ísafirði, Siglufirði, Akureyri, Seyðisfirði og Vestmannaeyjum.
- c. 27 þingmenn í þeim einmennings- og tvímenningskjördæmum, sem nú eru, öðrum en kaupstöðum. Skal kosning vera hlutbundin í tvímenningskjördæmum og jafnmargir varamenn kosnir samtímis og á sama hátt.

Deyi þingmaður, kosinn í einmenningskjördæmi, eða fari frá á kjörtímanum, þá skal kjósa þingmann í hans stað fyrir það, sem eftir er kjörtímans.

- d. Allt að 11 þingmenn til jöfnunar milli þingflokka, svo að hver þeirra hafi þingsæti í sem fyllstu samræmi við atkvæðatölu sína við almennar kosningar. Heimilt er flokkum að hafa landslista í kjöri við almennar kosningar, enda greiði þá kjósendur atkvæði annaðhvort frambjóðanda í kjördæmi eða landslista. Frambjóðendur þess flokks, sem landslista hefur í kjöri og nær jöfnunarþingsæti, taka sæti eftir þeirri röð, sem þeir eru í á listanum að lokinni kosningu. Skal að minnsta kosti annað hvert sæti tíu efstu manna á landslista skipað frambjóðendum flokksins í kjördæmum utan Reykjavíkur. Að öðru leyti fer um skipun jöfnunarþingsæta eftir kosningalögum. Jafnmargir varamenn skulu kosnir jöfnunarþingsætum, samtímis og á sama hátt.

Þingmenn skulu kosnir til 4 ára.

32. gr.

Alþingi skiptist í tvær deildir, efri þingdeild og neðri þingdeild. Á þriðjungur þingmanna sæti í efri deild, en tveir þriðju hlutar í neðri deild. Verði tala þingmanna þannig, að ekki sé unnt að skipta til þriðjunga í deildirnar, eiga þeir þingmenn, einn eða tveir, sem umfram eru, sæti í neðri deild.

33. gr.

Kosningarrétt við kosningar til Alþingis hafa allir, karlar sem konur, sem eru 21 árs eða eldri, þegar kosning fer fram, hafa ríkisborgararétt hér á landi og

33 hafa verið búsettir í landinu síðustu fimm árin áður en kosning fer fram. Þó getur 17. júní enginn átt kosningarrétt, nema hann hafi óflekkað mannorð og sé fjárráður.

Gift kona telst fjár síns ráðandi, þótt hún eigi óskilið fjárlag með manni sínum. Kosningalög setja að öðru leyti nánari reglur um alþingiskosningar.

34. gr.

Kjörgengur við kosningar til Alþingis er hver ríkisborgari, sem kosningarrétt á til þeirra.

Þeir dómendur, sem ekki hafa umboðsstörf á hendi, eru þó ekki kjörgengir.

IV.

35. gr.

Reglulegt Alþingi skal saman koma ár hvert hinn 15. dag febrúarmánaðar eða næsta virkan dag, ef helgidagur er, hafi forseti lýðveldisins ekki tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu.

Breyta má þessu með lögum.

36. gr.

Alþingi er friðheilagt. Enginn má raska friði þess né frelsi.

37. gr.

Samkomustaður Alþingis er jafnaðarlega í Reykjavík. Þegar sérstaklega er ástætt, getur forseti lýðveldisins skipað fyrir um, að Alþingi skuli koma saman á öðrum stað á Íslandi.

38. gr.

Hvor deild hefur rétt til að bera fram og samþykkja fyrir sitt leyti frumvörp til laga og annarra samþykkt. Einnig má hvor þingdeild eða sameinað Alþingi senda forseta lýðveldisins ávörp.

39. gr.

Hvor þingdeild getur skipað nefndir innandeildarþingmönnum til að rannsaka mikilvæg mál, er almenning varða. Þingdeildin getur veitt nefndum þessum rétt til að heimta skýrslur, munnlegar og bréflugar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum.

40. gr.

Engan skatt má á leggja né breyta né af taka nema með lögum. Ekki má heldur taka lán, er skuldbindi ríkið, né selja eða með öðru móti láta af hendi neina af fasteignum landsins né afnotarétt þeirra nema samkvæmt lagaheimild.

41. gr.

Ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjárlögum.

42. gr.

Fyrir hvert reglulegt Alþingi skal, þegar er það er saman komið, leggja frumvarp til fjárlaga fyrir það fjárhagsár, sem í hönd fer, og skal í frumvarpinu fólgin greinargerð um tekjur ríkisins og gjöld.

Frumvarp til fjárlaga og fjárlögum skal leggja fyrir sameinað þing og afgreiða þar við 3 umræður.

43. gr.

Sameinað Alþingi kys 3 yfirskoðunarmenn, og skulu þeim veitt laun fyrir starfa sinn. Þeir skulu kosnir með hlutfallskosningu. Yfirskoðunarmenn þessir eiga að

gagnskoða árlega reikninga um tekjur og gjöld landsins og gæta þess, hvort tekjur landsins séu þar allar taldar og hvort nokkuð hafi verið af hendi greitt án heimildar. Þeir geta, hver um sig, tveir eða allir, krafizt að fá allar skýrslur þær og skjöl, sem þeim þykir þurfa. Síðan skal safna þessum reikningum fyrir hvert fjárhagstímabil í einn reikning og leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um samþykkt á honum og athugasemdir yfirskoðunarmanna. 33 17. júní

Rétt er yfirskoðunarmönnum, einum eða fleirum, að fá að sjá reikninga og bækur ríkisféhirðis og sómuleiðis stjórnarráðsins fyrir ár það, sem er að líða eða liðið er. Þyki þeim nokkuð athugavert, skulu þeir gera eftirmönnum sínum vísbendingu um það skriflega.

44. gr.

Ekkert lagafrumvarp, að fjárlögum og fjáraukalögum undanskildum, má samþykkja, fyrr en það hefur verið rætt þrisvar sinnum í hvorri þingdeild.

45. gr.

Þegar lagafrumvarp er samþykkt í annarri hvorri þingdeild, skal það lagt fyrir hina deildina, svo sem það var samþykkt. Ef þar verða breytingar á gerðar, fer frumvarpið aftur til fyrri þingdeildar. Ef hér verða aftur gerðar breytingar, fer það af nýju til hinnar deildarinnar.

Nú gengur enn eigi saman, og ganga báðar deildirnar saman í eina málstofu, og er þá málinu lokið með einni umræðu í sameinuðu Alþingi.

Þegar Alþingi skipar eina málstofu, þarf meira en helmingur þingmanna úr hvorri þingdeild að vera á fundi og eiga þátt í atkvæðagreiðslu, til þess að fullnaðarsamþykkt verði lögð á mál; ræður þá atkvæðafjöldi úrslitum um einstök málsatriði. En eigi ná þó lagafrumvörp, önnur en frumvörp til fjárlaga og fjáraukalaga, fullnaðarsamþykki, nema tveir þriðjungar atkvæða þeirra, sem greidd eru, séu með þeim.

46. gr.

Alþingi sker sjálft úr, hvort þingmenn þess séu löglega kosnir, svo og úr því, hvort þingmaður hafi misst kjörgengi.

47. gr.

Sérhver nýr þingmaður skal vinna eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni, þegar er kosning hans hefur verið tekin gild.

48. gr.

Alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæringu sína og eigi við neinar reglur frá kjósendum sínum.

Embættismenn þeir, sem kosnir verða til Alþingis, þurfa ekki leyfi stjórnarinnar til þess að þiggja kosninguna, en skyldir eru þeir til, án kostnaðar fyrir ríkissjóð, að arnast um, að embættisstörfum þeirra verði gegnt á þann hátt, sem stjórnin telur nægja.

49. gr.

Meðan Alþingi stendur yfir, má ekki taka neinn alþingismann fastan fyrir skuldir án samþykkis þeirrar deildar, er hann situr í, né heldur setja hann í varðhald eða höfða mál á móti honum, nema hann sé staðinn að glæp.

Enginn alþingismaður verður krafinn reikningsskapar utan þings fyrir það, sem hann hefur sagt í þinginu, nema þingdeildin, sem í hlut á, leyfi.

50. gr.

Nú glatar alþingismaður kjörgengi, og missir hann þá rétt þann, er þingkosningin hafði veitt honum.

33

17. júní

51. gr.
Ráðherrar eiga samkvæmt embættisstöðu sinni sæti á Alþingi, og eiga þeir rétt á að taka þátt í umræðunum eins oft og þeir vilja, en gæta verða þeir þingskapa. Atkvæðisrétt eiga þeir þó því aðeins, að þeir séu jafnframt alþingismenn.

52. gr.

Hvor þingdeild og sameinað Alþingi kys sjálft forseta sinn.

53. gr.

Hvorug þingdeildin getur gert samþykkt um mál, nema meira en helmingur þingdeildarmanna sé á fundi og greiði þar atkvæði.

54. gr.

Heimilt er hverjum alþingismanni að bera upp sérhvert almennt mál í þeirri þingdeild, sem hann á sæti í, ef hún leyfir það, og beiðast um það skýrslu ráðherra.

55. gr.

Hvorug þingdeildin má taka við neinu málefni, nema einhver þingdeildarmanna flytji það.

56. gr.

Nú þykir þingdeild ekki ástæða til að gera aðra ályktun um eitthvert málefni, og getur hún þá vísað því til ráðherra.

57. gr.

Fundir beggja þingdeilda og sameinaðs Alþingis skulu haldnir í heyranda hljóði. Þó getur forseti eða svo margir þingmenn sem til er tekið í þingsköpum krafizt, að öllum utanþingsmönnum sé vísað burt, og sker þá þingfundur úr, hvort ræða skuli málið í heyranda hljóði eða fyrir luktum dyrum.

58. gr.

Þingsköp sameinaðs Alþingis og beggja deilda þess skulu sett með lögum.

V.

59. gr.

Skipun dómsvaldsins verður eigi ákveðin nema með lögum.

60. gr.

Dómendur skera úr öllum ágreiningi um embættistakmörk yfirvalda. Þó getur enginn, sem um þau leitar úrskurðar, komið sér hjá að hlýða yfirvaldsboði í bráð með því að skjóta málinu til dóms.

61. gr.

Dómendur skulu í embættisverkum sínum fara einungis eftir lögnum. Þeim dómendum, sem ekki hafa að auk umboðsstörf á hendi, verður ekki vikið úr embætti nema með dómi, og ekki verða þeir heldur fluttir í annað embætti á móti vilja þeirra, nema þegar svo stendur á, að verið er að koma nýrri skipun á dómstólana. Þó má veita þeim dómara, sem orðinn er fullra 65 ára gamall, lausn frá embætti, en eigi skal hann missa neins í af launum sínum.

VI.

33

17. júní

62. gr.

Hin evangeliska lúterska kirkja skal vera þjóðkirkja á Íslandi, og skal ríkisvaldið að því leyti styðja hana og vernda.

Breyta má þessu með lögum.

63. gr.

Landsmenn eiga rétt á að stofna félög til að þjóna guði með þeim hætti, sem bezt á við sannfæringu hvers eins; þó má ekki kenna eða fremja neitt, sem er gagnstætt góðu siðferði og allsherjarreglu.

64. gr.

Enginn má neins í missa af borgaralegum og þjóðlegum réttindum fyrir sakir trúarbragða sinna, né heldur má nokkur fyrir þá sök skorast undan almennri félagsskyldu.

Enginn er skyldur til að inna af hendi persónuleg gjöld til neinnar annarrar guðsdýrkunar en þeirrar, er hann sjálfur aðhyllist.

Nú er maður utan þjóðkirkjunnar, og geldur hann þá til Háskóla Íslands eða einhvers styrktarsjóðs við þann skóla, eftir því sem á verður kveðið, gjöld þau, er honum ella hefði borið að greiða til þjóðkirkjunnar, enda heyri hann ekki til öðrum trúarbragðaflokki, er viðurkenndur sé í landinu.

Breyta má þessu með lögum.

VII.

65. gr.

Hvern þann, sem tekinn er fastur, skal án undandráttar leiða fyrir dómara. Sé hann eigi jafnskjótt látinn laus, skal dómari, áður sólarhringur sé liðinn, leggja rökstuddan úrskurð á, hvort hann skuli settur í varðhald. Megi láta hann lausan gegn veði, þá skal ákveða í úrskurði, hvert og hversu mikið það skuli vera.

Úrskurði dómara má þegar skjóta til æðra dóms, og fer um birting og áfrýjun slíks úrskurðar sem um birting og áfrýjun dóms í sakamálum.

Engan má setja í gæzluvarðhald fyrir sök, er aðeins varðar fésekt eða einföldu fangelsi.

66. gr.

Heimilið er friðheilagt. Ekki má gera húsrétt né kyrrsetja bréf og önnur skjöl og rannsaka þau nema eftir dómsúrskurði eða eftir sérstakri lagaheimild.

67. gr.

Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína, nema almenningsþörf krefji; þarf til þess lagafyrirmæli, og komi fullt verð fyrir.

68. gr.

Enginn útlendingur getur fengið ríkisborgararétt nema með lögum.

Um heimild útlendinga til þess að eiga fasteignaréttindi hér á landi skal skipað með lögum.

69. gr.

Engin bönd má leggja á atvinnufrelsi manna, nema almenningsheill krefji, enda þarf lagaboð til.

70. gr.

Sá skal eiga rétt á styrk úr almennum sjóði, sem eigi fær séð fyrir sér og sínum, og sé eigi öðrum skylt að framfæra hann, en þá skal hann vera skyldum þeim háður, sem lög áskilja.

33

17. júní

Hafi foreldrar eigi efni á að fræða sjálf börn sín eða séu börnin munaðarlaus og öreigar, er skylt að sjá þeim fyrir uppfræðingu og framfæri af almannafé.

71. gr.

72. gr.

Hver maður á rétt á að láta í ljós hugsanir sínar á prenti; þó verður hann að ábyrgjast þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar tálmanir fyrir prentfrelsi má aldrei í lög leiða.

73. gr.

Rétt eiga menn á að stofna félög í sérhverjum löglegum tilgangi, án þess að sækja þurfi um leyfi til þess. Ekkert félag má leysa upp með stjórnarráðstöfun. Þó má banna félag um sinn, en þá verður þegar að höfða mál gegn félaginu, til þess að það verði leyst upp.

74. gr.

Rétt eiga menn á að safnast saman vopnlausir. Lögreglustjórninni er heimilt að vera við almennar samkomur. Banna má mannfundi undir berum himni, þegar ugghvænt þykir, að af þeim leiði óspektir.

75. gr.

Sérhver vopnfær maður er skyldur að taka sjálfur þátt í vörn landsins, eftir því sem nákvæmar kann að verða fyrir mælt með lögum.

76. gr.

Rétti sveitarfélaganna til að ráða sjálf málefnum sínum með umsjón stjórnarinnar skal skipað með lögum.

77. gr.

Skattamálum skal skipa með lögum.

78. gr.

Sérréttindi, er bundin séu við aðal, nafnbætur og lögtign, má eigi taka í lög.

79. gr.

Tillögur, hvort sem eru til breytinga eða viðauka á stjórnarskrá þessari, má bera upp bæði á reglulegu Alþingi og auka-Alþingi. Nái tillagan samþykki beggja þingdeilda, skal rjúfa Alþingi þá þegar og stofna til almennra kosninga af nýju. Samþykki báðar deildir ályktunina óbreytta, skal hún staðfest af forseta lýðveldisins, og er hún þá gild stjórnarskipunarlög.

Nú samþykkir Alþingi breytingu á kirkjuskipun ríkisins samkvæmt 62. gr., og skal þá leggja það mál undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar, og skal atkvæðagreiðslan vera leynileg.

80. gr.

Með stjórnarskipunarlögum þessum eru úr gildi numin stjórnarskrá konungsríkisins Íslands frá 18. maí 1920, stjórnarskipunarlög frá 24. marz 1934, 1. september 1942 og 15. desember 1942.

81. gr.

Stjórnarskipunarlög þessi öðlast gildi, þegar Alþingi gerir um það ályktun, enda hafi meiri hluti allra kosningarbærra manna í landinu með leynilegri atkvæðagreiðslu samþykkt þau.

Ákvæði um stundarsakir.**33**

17. júní

Er stjórnarskrá þessi hefur öðlazzt gildi, kýs sameinað Alþingi forseta Íslands fyrsta sinni eftir reglum um kjör forseta sameinaðs Alþingis, og nær kjörtímabil hans til 31. júlí 1945.

Deir erlendir ríkisborgarar, sem öðlazzt hafa kosningarrétt og kjörgengi til Alþingis eða embættisgengi, áður en stjórnarskipunarlög þessi koma til framkvæmda, skulu halda þeim réttindum. Danskir ríkisborgarar, sem téð réttindi hefðu öðlazzt samkvæmt 75. gr. stjórnarskrár 18. maí 1920, að óbreyttum lögum, frá gildistökudegi stjórnarskipunarlaga þessara og þar til 6 mánuðum eftir að samningar um rétt danskra ríkisborgara á Íslandi geta hafizt, skulu og fá þessi réttindi og halda þeim.

Samþykkt á Alþingi 8. marz 1944.

Jörundur Brynjólfsson.

Sveinbjörn Högnason.

ÚR GERÐABÓK SAMEINADS ALÞINGIS 1944. 17. júní**34. fundur**

að Lögbergi laugardaginn 17. júní 1944, kl. 1.55 miðdegis, á þjóðhátíð lýðveldisstofnunar á Íslandi á Þingvöllum.

Forseti (Gísli Sveinsson): Þá er fundur settur í sameinuðu Alþingi að Lögbergi á Þingvelli við Öxará.

Yfirlýsing um gildistöku stjórnarskrárinnar.

Síðan mælti

forseti (Gísli Sveinsson): Verður þá gengið til dagskrár og tekið fyrir fyrsta mál, sem er:

Yfirlýsing forseta um gildistöku stjórnarskrár lýðveldisins Íslands.

Þingsályktun, afgreidd af Alþingi þann 16. júní þ. á. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar, með tilvisun til 81. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands og þar sem skilyrðum sömu greinar um atkvæðagreiðslu allra kosningabærra manna í landinu er fullnægt, að stjórnarskráin skuli ganga í gildi laugardaginn 17. júní 1944, þegar forseti sameinaðs Alþingis lýsir yfir því á fundi í Alþingi.“

Nú verður hlé í nokkrar mínútur.

[Kl. 2 hringdi forseti þjóllu, og þingheimur reis úr sætum.]

Samkvæmt því, sem nú hefur greint verið, lýsi ég yfir því, að stjórnarskrá lýðveldisins Íslands er gengin í gildi.

Forseti (Gísli Sveinsson):

Þingfundi er slitið.

Gísli Sveinsson.

Sigurður Kristjánsson.

34
17. júní

L Ö G

um þjóðfána Íslendinga.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Hinn almenni þjóðfáni Íslendinga er heiðblár með mjallhvítum krossi og eldrauðum krossi innan í hvíta krossinum. Armar krossanna ná alveg út í jaðra fánans, og er breidd þeirra $\frac{1}{2}$, en rauða krossins $\frac{1}{4}$ af fánabreiddinni. Bláu reitirnir eru réttþyrndir ferhyrningar: stangarreitirnir jafnhliða og ytri reitirnir jafnbreiðir þeim, en helmingi lengri. Hlutfallið milli breiddar fánans og lengdar er. 18:25.

2. gr.

Ríkisstjórn, Alþingi og aðrar opinberar stofnanir svo og fulltrúar utanríkisráðuneytis Íslands erlendis skulu nota þjóðfánann klofinn að framan: tjúgufána.

Tjúgufáninn er að því leyti frábrugðinn hinum almenna þjóðfána, að ytri reitir hans eru þrefalt lengri en stangarreitirnir og klauf upp í hann að framan, skorin eftir beinum línunum, dregnum frá ytri hornum fánans inn að miðlínu hans. Línur þessar skera innjaðra ytri reitanna þar, sem saman koma $\frac{1}{4}$ ytri og $\frac{3}{4}$ innri hlutar lengdar þeirra. Þar, sem línur þessar nema við arm rauða krossins, er hann þverskorinn,

Póst- og símafáni svo og tollgæzlufáni eru tjúgufánar með merki í efra stangareit miðjum: póst- og símafáninn með póstlúðri hringuðum utan um stjörnu og út frá stjörnunni eldingarleiftur, en tollfáninn með upphafstéi (T). Merki þessi eru sílfurlit.

3. gr.

Fáni hafnsögumanns er hinn almenni þjóðfáni með hvítum jöðrum á alla vegu, jafnbreiðum krossunum, þ. e. $\frac{1}{4}$ af breidd bláu reitanna.

4. gr.

Engin önnur merki en þau, er greinir í 2. og 3. gr., má nota í þjóðfánanum.


5. gr.

Tjúgufánann má aðeins nota á húsum og við húð, sem notuð eru að öllu eða mestu leyti í þágu ríkis eða ríkisstofnana, nema um sé að ræða heimili eða embættis- skrifstofu fulltrúa utanríkisráðuneytis Íslands erlendis. Þótt húð sé eign ríkis eða ríkisstofnana, má ekki nota tjúgufánann á því, ef leigt er að mestu eða öllu einstökum mönnum eða einkastofnunum. Hins vegar má nota tjúgufánann á húsi, sem er í eign einstakra manna eða einkastofnana, ef ríkið eða ríkisstofnanir hafa húsið á leigu og nota það að öllu eða mestu leyti til sinna þarfa.

Tjúgufánann má aðeins nota á skipum, sem eru í eign ríkis eða ríkisstofnana og notuð í þeirra þarfir, með þeim undantekningum, sem hér greinir:

Ef ríkið tekur skip á leigu til embættisþarfa (strandgæzlu, tollgæzlu, póstflutnings, vitaeftirlits, hafnsögu o. s. frv.), má það nota tjúgufánann af þeirri gerð, sem við á samkvæmt 2. gr.

Skip, sem annast póstflutning eftir samkomulagi eða samningi við ríkisstjórnina, mega nota póstfánann á umsömdum póstleiðum, enda hafi þau rétt til að sigla undir íslenskum fána.



6. gr.

Þjóðfánann skal draga að hún á þar til gerðri stöng. Á húsum getur stöngin verið annaðhvort beint upp af þaki hússins eða gengið út frá hlið þess, enda sé stönginni í báðum tilfellum komið fyrir á smekklegan hátt. Enn fremur má nota stöng, sem reist er á jörðu. Á skipum skal stönginni komið fyrir í skut eða á ásenda aftur af því siglutré, sem aftast er. Ef um smáskip eða báta er að ræða, má draga fánann að hún á siglutré, eða aftasta siglutré, ef fleiri eru en eitt.

34

17. júní

7. gr.

Með forsetaúrskurði skal kveða á um fánadaga og hve lengi dags fánum megi halda við hún.

8. gr.

Nú ris ágreiningur um rétta notkun þjóðfánans, og sker þá dómsmálaráðuneytið úr.

9. gr.

Sýnishorn af réttum litum og hlutföllum þjóðfánans skal vera til á vissum stöðum, sem dómsmálaráðuneytið ákveður og auglýsir, svo og hjá öllum lögreglustjórnum. Bannað er að hafa á boðstólum, selja eða leigja aðra fána en þá, sem gerðir eru með réttum litum og réttum hlutföllum reita og krossa.

10. gr.

Lögreglan skal hafa eftirlit með því, að enginn noti þjóðfána, sem er ekki í samræmi við sýnishorn þau, er greinir í 9. gr., eða svo upplitaður eða slitinn, að verulega frábrugðinn sé réttum fána um lit og stærðarhlutföll reita. Má gera slíka fána upp-tæka, ef notaðir eru á stöng eða sýndir úti eða inni, þar sem almenningur getur séð þá.

11. gr.

Lög þessi ná til allra þjóðfána, sem notaðir eru á venjulegan hátt, svo að almenningur eigi kost á að sjá þá úti eða inni, en ekki til skrautfána, borðfána eða því um líkra fána, sem þó skulu jafnan vera gerðir þannig, að réttir séu litir og stærðarhlutföll reita og krossa.

12. gr.

Enginn má óvirða þjóðfánann, hvorki í orði né verki.

Óheimilt er að nota þjóðfánann sem einkamerki einstaklinga, félaga eða stofnana eða auðkennismerki á aðgöngumiðum, samskotamerkjum eða öðru þess háttar. Óheimilt er einstökum stjórnmalaflokkum að nota þjóðfánann í áróðursskyni við kosningaundirbúning eða kosningar.

Óheimilt er að nota fánann í firmamerki, vörumerki eða á söluvarning, umbúðir um eða auglýsingu á vörum.

Nú hefur verið skrásett af misgáningi vörumerki, þar sem notaður er þjóðfáninn án heimildar, og skal þá afmá það úr vörumerkjaskrá samkvæmt kröfu dómsmálaráðuneytisins.

Nú setur maður þjóðfánann á söluvarning eða umbúðir hans, og skal þá fenginn dómsúrskurður um, að honum sé óheimilt að nota fánamerkið eða hafa vörur til sölu, sem auðkenndar eru með því. Auk þess má skylda hann til þess, ef nauðsyn krefur, að ónýta vörurnar eða umbúðir þeirra, svo framarlega sem þær eru þá í vörzlum hans eða hann á annan hátt hefur umráð yfir þeim.

13. gr.

Dómsmálaráðuneytið getur, ef þörf þykir, sett með reglugerð sérstök ákvæði til skýringar ákvæðum laga þessara.

34

14. gr.

17. júní Brot gegn 4. og 5. gr. og 1. málsgr. 12. gr. varða sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að einu ári.

Brot gegn öðrum ákvæðum laga þessara og gegn forsetaúrskurðum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum.

Mál út af brotum þessum fara að hætti opinberra mála.

15. gr.

Með lögum þessum falla úr gildi konungsúrskurðir nr. 41 frá 30. nóv. 1918, nr. 1 frá 12. febr. 1919, nr. 23 frá 5. júlí 1920, nr. 30 frá 13. jan. 1938 og ríkisstjóraúrskurður nr. 119 frá 9. des. 1941.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Þingvelli við Öxará, 17. dag júnimánaðar 1944.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Þórðarson.

35

17. júní

FORSETAÚRSKURÐUR

um skjaldarmerki Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Skjaldarmerki Íslands er silfurlitur kross í heiðbláum feldi með eldrauðum krossi innan í silfurlita krossinum. Armar krossanna skulu ná alveg út í rendur skjaldarins á alla fjóra vegu. Breidd krossmarksins skal vera $\frac{2}{3}$ af breidd skjaldarins, en rauði krossinn helmingi mjórri, $\frac{1}{3}$ af breidd skjaldarins. Efri reitirnir skulu vera rétthyrndir, jafnhliða ferhyrningar og neðri reitirnir jafnbreiðir efri reitunum, en þriðjungur lengri.

Skjaldberar eru hinar fjórar landvættir, sem getur í Heimskringlu: *Griðungur*, hægra megin skjaldarins, *bergrisi*, vinstra megin, *gammur*, hægra megin, ofan við griðunginn, og *dreki*, vinstra megin, ofan við bergrisann.

Skjöldurinn hvílir á stuðlabergshellu.

Gjört á Þingvelli við Öxará, 17. dag júnimánaðar 1944.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Þórðarson.

L Ö G

36

17. júní

um breyting á 85. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febr. 1940.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 85. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 bætist ný (3.) málsg. svólátandi:

Þegar sérstaklega stendur á, má veita uppreist æru, þó að refsitími sé svo langur sem í 2. málsg. segir, enda þótt ekki sé liðinn lengri tími en til er skilinn í 1. málsg.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Þingvöllum, 17. júní 1944.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Einar Arnórsson.

L Ö G

37

17. júní

um laun forseta Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Forseti Íslands hefur að launum 50000.00 kr. á ári og að auki verðlagsuppbót samkvæmt lögum.

Launin ásamt verðlagsuppbót greiðast á venjulegan hátt mánaðarlega fyrir fram.

2. gr.

Forseti hefur ókeypis bústað, ljós og hita og er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum.

3. gr.

Allan útlagðan kostnað forseta vegna rekstrar embættisins ber að greiða úr ríkissjóði sérstaklega.

4. gr.

Þeir, er fara með forsetavald um stundarsakir, sbr. 8. gr. stjórnarskrárinnar, skulu samanlagt, meðan þeir gegna starfanum, njóta jafnra launa, miðað við mánaðarstarfstíma, og mánaðarlaun forsetans eru að viðbætti verðlagsuppbót. Skulu launin skiptast að jöfnu milli þeirra.

Auk þess skulu þeir fá greiddan útlagðan kostnað vegna starfans.

37
17. júní

5. gr.
Lög þessi öðlast gildi samtímis stjórnarskrá lýðveldisins Íslands.

Gjört á Þingvöllum, 17. júní 1944.

Sveinn Björnsson.
(L. S.)

Björn Ólafsson.

38
20. júní

FORSETA BRÉF um þingfrestun.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum alþingis, 63. löggjafarþings, frá 20. þ. m. þar til síðar á árinu, þó eigi lengur en til 15. september næstkomandi.

Ritað í Reykjavík, 20. júní 1944.

Sveinn Björnsson.
(L. S.)

Björn Þórðarson.

39
8. júlí

FORSETA ÚRSKURÐUR um merki forseta Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Ég hef, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, úrskurðað þannig:
Merki forseta Íslands er skjöldur, að lögun og lit sem skjöldurinn í skjaldarmerki Íslands, en þar sem armar krossmarksins mætast er hvítur, ferhyrndur reitur og í honum skjaldarmerki Íslands og skjaldberar.

Gjört á Þingvöllum, 8. dag júlímánaðar 1944.

Sveinn Björnsson
(L. S.)

Björn Þórðarson.

FORSETAÚRSKURÐUR

40

8. júlí

um fána forseta Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Ég hef, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, úrskurðað þannig:

Fáni forseta Íslands er hinn íslenski tjúgufáni, en í honum, þar sem armar krossmarksins mætast, skjaldarmerki Íslands og skjaldberar í hvítum, ferhyrndum reit.

Gjört á Þingvöllum, 8. dag júlímánaðar 1944.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Þórðarson.

FORSETA BRÉF

41

8. júlí

um heiðursmerki vegna endurreisnar lýðveldisins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Ég hef fallizt á þá tillögu forsætisráðherra að láta gera sérstakt merki úr gulli til minningar um endurreisn lýðveldis á Íslandi 17. júní 1944.

Á framhlið merkisins er skjaldarmerki Íslands og skjaldberar með áletrun umhverfis: Lýðveldi endurreist á Íslandi 17. júní 1944. Á bakhlið: Lýðveldis-hátíðarmerkið, en án áletrunar.

Heiðursmerki þetta má ekki veita nema aðeins í eitt skipti og á þessu ári alþingismönnum, sérstökum sendimönnum erlendra ríkja og öðrum, er að dómi ríkisstjórnarinnar eru sérstaklega verðir þess að hljóta heiðursmerkið vegna endurreisnar lýðveldisins.

Merkið er eign þess, er því er sæmdur, og ber ekki að skila því aftur.

Ritað á Þingvöllum, 8. dag júlímánaðar 1944.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Þórðarson.

42
11. júlí

FORSETA BRÉF

um hina íslensku fálkaorðu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Neðangreind ákvæði skulu gilda um hina íslensku fálkaorðu:

1. gr.

Orðunni má sæma þá menn, innlenda og erlenda og þær konur, sem öðrum fremur hafa eflt hag og heiður fósturjarðarinnar eða unnið afrek í þágu mannkynsins.

2. gr.

Forseti Íslands er stórmeistari orðunnar.

3. gr.

Nefnd fimm manna ræður málefnum orðunnar.

Eftir tillögu forsætisráðherra kveður forseti Íslands 4 menn, sem sændir eru og bera heiðursmerki orðunnar, til setu í nefndinni til sex ára í senn, og tilnefnir formann nefndarinnar svo og einn mann til vara til þriggja ára í senn. Úr nefndinni ganga þriðja hvert ár tveir aðalmannanna, en í fyrsta sinn eftir hlutkesti. Þá, er úr ganga, má kveðja til setu í nefndinni á ný. Ráðherra má ekki eiga sæti í nefndinni. Ritari forseta Íslands er orðuritari og skipar fimmta sætið í nefndinni. Nefndarstarfið er heiðursstarf án launa, og setur nefndin sér sjálf starfsreglur, sem hún leggur fyrir forseta til staðfestingar.

4. gr.

Orðunefndin gerir tillögur til stórmeistarans um veiting orðunnar.

Ef sérstaklega stendur á og málið þolir ekki bið, getur forseti sæmt mann orðunni eftir tillögu formanns nefndarinnar eins.

Þegar íslenskur ríkisborgari er sændur orðunni, skal ávallt skýra opinberlega frá því, hverjir sérstakir verðleikar hafa gert hann verðan sændarinnar.

5. gr.

Stig orðunnar eru þessi:

Stórkrossriddari.

Stórriddari með stjörnu.

Stórriddari.

Riddari.

6. gr.

Við hátíðleg tækifæri ber stórmeistarinn, auk stórkrossstjörnnunnar, merkið í gullnri keðju um hálsinn. Keðjan liðast í blásteinda skildi með silfrum fálka og skjaldarmerki lýðveldisins í litum þess, til skiptis.

7. gr.

Sameiginlegt merki orðunnar er gullrenndur, innskorinn, hvítsteindur kross og álmuhornin stýfð af inn á við. Framan á krossinum miðjum er gullrendur, blásteindur skjöldur og á honum silfurfálki, er lyftir vængjum til flugs. Aftan á krossinum miðjum er blásteind, sporöskjulöguð, gullrend rönd, og á hana letrað með gullnum stöfum: Seytjándi júní 1944.

Krossar stórkrossriddara og stórriddara eru jafnstórir. Riddarakrossar minni.

Band orðunnar er heiðblátt, en jaðrar hvítir með hárauðri rönd; band stórkrossriddara er breiðast, en riddara mjóst.

Stórkrossriddarar bera krossinn á hægri mjöðm í bandinu um vinstri öxl. Stórkrossriddarar bera hann í bandinu um hálsinn, en riddarar á brjóstinu vinstra megin.

Stórkrossriddarar bera enn fremur á brjóstinu, vinstra megin, áthyrnda silfurstjörnu með krossmarkinu á.

Embættismenn kirkjunnar og vígðir kennarar í guðfræðideild Háskólans, sem eru stórkrossriddarar, bera krossinn, þegar þeir eru í embættisbúningi kirkjunnar, í bandi um hálsinn.

Stjarna stórriddara er áthyrnd silfurstjarna og á henni miðri blásteindi silfurskjöldurinn með silfurfálkanum, og bera þeir hann á brjóstinu vinstra megin.

Öll merki orðunnar og bönd skulu gerð samkvæmt teikningum, sem stórmeistarinn hefur samþykkt.

8. gr.

Formaður orðunefndar ber, stöðu sinnar vegna, hægra megin á brjóstinu stórkrossstjörnuna.

9. gr.

Stórmeistarinn skrifar undir útnefningarbréfið, og allir nefndarmenn rita einnig á það nafn sitt.

10. gr.

Innsigli orðunnar er stórkrossstjarnan og áletrun: Sigillum ordinis falconis Islandiæ. Á bandi fyrir ofan stjörnuna standa einkunnarorð Jóns Sigurðssonar: Eigi víkja. Fyrir neðan stjörnuna: 17. júní 1944.

11. gr.

Stórmeistari getur, að ráði orðunefndar, svipt mann, sem hlotið hefur orðuna, en síðar gerzt sekur um misferli, rétti til að bera hana.

12. gr.

Við andlát þess, er orðunni hefur verið sæmdur, ber tafarlaust að skila aftur til orðuritara orðunni eða orðunum. Í útlöndum má fá föstum sendimönnunum og ræðismönnunum orðurnar til frekari fyrirgreiðslu. Stórkrossriddara ber við útnefningu að skila stórriddarastjörnunni, hafi hann verið sæmdur henni áður, svo og stórriddara riddarakrossinum, hafi hann haft hann áður.

13. gr.

Íslenzkur ríkisborgari, sem sæmdur er orðunni, skal við útnefningu og aftur, ef honum hlotnast æðra stig orðunnar, senda orðuritara stutta æviskýrslu sína. Að manningnum látnum afhendir orðuritari skýrsluna Þjóðskjalasafninu til geymslu.

14. gr.

Allur kostnaður orðunnar greiðist úr ríkissjóði.

Ritað á Þingvöllum, 11. júlí 1944.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Þórðarson.

43

24. júlí

AUGLÝSING

um forsetakjör.

Hinn 17. júní s. l. kjöri Alþingi Svein Björnsson, ríkisstjóra, til þess að vera forseta Íslands tímabilið frá 17. júní 1944 til 31. júlí 1945.

Forsætisráðherrann, 24. júlí 1944.

Björn Þórðarson.

44

17. ágúst

FORSETAÚRSKURÐUR

um fánadaga o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra og fyrirmælum 7. gr. laga nr. 34 17. júní 1944, um þjóðfána Íslendinga, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

1. gr.

Draga skal fána á stöng á húsum opinberra stofnana, sem eru í umsjá valds-
manna eða sérstakra forstöðumanna ríkisins, eftirgreinda daga:

1. Fæðingardag forseta Íslands.
2. Nýársdag.
3. Föstudaginn langa.
4. Páskadag.
5. Sumardaginn fyrsta.
6. 1. maí.
7. Hvítasunnudag.
8. 17. júní.
9. 1. desember.
10. Jóladag.

Alla ofangreinda daga skal draga fána að hún, nema föstudaginn langa, þá í hálfra stöng.

2. gr.

Hverja daga aðra en í 1. gr. segir, og við hvaða tækifæri flagga skal á landi, fer eftir ákvörðun dómsmálaráðuneytisins.

3. gr.

Á tímabilinu 1. marz—31. október skal eigi draga fána á stöng á landi fyrr en kl. 8 árdegis, en á tímabilinu 1. nóvember til febrúarloka eigi fyrr en kl. 9 árdegis.

4. gr.

Fáni skal eigi uppi vera lengur en til sólarlags og aldrei lengur en til kl. 8 síð-
degis, nema flaggað sé á stað við útisamkomur, þá má láta fána vera uppi meðan
samkoman varir og hjart er, þó eigi lengur en til miðnættis.

Gjört í Reykjavík, 17. ágúst 1944.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Þórðarson.

FORSETABRÉF

45

17. ágúst

um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Ég hef ákveðið, að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda laugardaginn 2. september 1944, kl. 13,30.

Ritað í Reykjavík, 17. ágúst 1944.

Sveinn Björnsson.
(L. S.)

*Björn Þórðarson.***AUGLÝSING**

46

23. ágúst

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Með því að forseti Íslands, herra Sveinn Björnsson, hefur í dag lagt af stað í heimsókn til forseta Bandaríkjanna, fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar, á meðan forsetinn er utanlands.

*Forsætisráðuneytinu, 23. ágúst 1944.***Björn Þórðarson.****AUGLÝSING**

47

2. sept.

um að forseti Íslands sé kominn úr utanför og hafi aftur tekið við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, herra Sveinn Björnsson, kom í dag úr för sinni til Bandaríkja Norður-Ameríku og hefur aftur tekið við stjórnarstörfum.

*Forsætisráðuneytinu, 2. september 1944.***Björn Þórðarson.**

48
14. sept.

REGLUGERÐ

um diplomatisk vegabréf.

1. gr.

Utanríkisráðuneytið gefur út diplomatisk vegabréf.

2. gr.

Í diplomatisku vegabréfi skal greina fullt nafn vegabréfshafa og þjóðerni, stöðu, fæðingarstað, fæðingardag og ár, heimilisfang, tungu, hæð, háralit, augnalit og sérkenni. Enn fremur skal taka fram til hvaða tíma vegabréfið gildir.

Í vegabréfi skal enn fremur líma nýlega mynd af vegabréfshafa og skal stimpla hana með embættisinnsgli ráðuneytisins á þann hátt, að nokkur hluti innsiglisins komi fram á myndinni, en nokkur hluti utan hennar á vegabréfinu.

Vegabréfshafi skal skrifa nafn sitt í vegabréfið með eigin hendi undir myndina. Að því loknu skal skrifa útgáfudag í vegabréfið og síðan skal það undirskrifað og embættisinnsgli ráðuneytisins sett við undirskriftina.

3. gr.

Halda skal ráðuneytið skrá yfir öll diplomatisk vegabréf, sem það gefur út, og skal þar skrá allar sömu upplýsingar um vegabréfshafa og settar hafa verið í vegabréfið. Þá skal einnig líma mynd af vegabréfshafa inn í skrána.

4. gr.

Þessir aðilar einir fá diplomatisk vegabréf, enda séu þeir íslenskir ríkisborgarar:

1. Forseti Íslands.
2. Nánustu fylgdarmenn forseta Íslands, er þeir eru í fylgd með forseta.
3. Ráðherrar.
4. Nánustu fylgdarmenn ráðherra, er þeir eru í fylgd með ráðherra.
5. Forseti sameinaðs Alþingis.
6. Hæstaréttardómarar.
7. Starfsmenn utanríkisráðuneytisins í skrifstofustjóra-, fulltrúa- og aðstoðarmannaflokkum.
8. Fulltrúar í opinberum diplomatiskum sendinefndum, og aðrir opinberir fulltrúar í stjórnareringum, samkvæmt umboði frá forseta Íslands.
9. Íslenskir ríkisborgarar, sem gegna meiri háttar trúnaðarstörfum í alþjóðlegum stofnunum.
10. Fyrirverandi forsætis- og utanríkisráðherrar.
11. Nánustu ættingjar, konur og börn þeirra manna, sem nefndir eru að framan í 1. til 10. tölulið; börnin þó að því tilskildu, að þau hafi ekki náð fullum 21 árs aldri, nema um ógiftar eldri dætur útsendra fulltrúa utanríkisráðuneytisins sé að ræða, og þær skráðar á hinn diplomatiska lista, þar sem þær dvelja.
12. Sendiboðar, er flytja stjórnarpóst, og gegna því starfi sem aðalstarfi.

Enn fremur er heimilt, ef sérstaklega stendur á, að gefa út diplomatisk vegabréf til handa öðrum fyrirverandi ráðherrum en þeim, sem nefndir eru í 10. tölulið hér að framan, svo og til handa fyrirverandi starfsmönnum utanríkisráðuneytisins, sem hafa gegnt skrifstofustjórstörfum eða öðrum störfum jafnréttháum.

5. gr.

Þegar diplomatisk vegabréf eru gefin út til ákveðinnar ferðar, skulu þau eingöngu lätin gilda fyrir þann tíma, er ætla má að ferðin muni standa; ella skulu vega-

bréf þessi látin gilda allt að þremur árum, en þó aldrei lengur en vegabréfshafi gegnir starfi því, er heimildin til að fá diplomatsk vegabréf samkv. 1. gr. fylgir. 48
14. sept.

6. gr.

Nú hefur vegabréf verið gefið út til ákveðinnar ferðar og þeirri ferð er lokið og skal þá vegabréfshafi afhenda utanríkisráðuneytinu eða næsta sendiráði vegabréf sitt.

Sama gildir, er maður hefur fengið vegabréf vegna ákveðins starfs og hann hættir að gegna því starfi.

Kona vegabréfshafa og börn hans, sem hafa fengið vegabréf samkvæmt 4. gr., skulu á sama hátt afhenda utanríkisráðuneytinu eða næsta sendiráði vegabréf sín samtímis því, sem vegabréfshafi samkvæmt því, er að framan segir, afhendir vegabréf sitt til baka.

7. gr.

Sendiráðum heimilast að framlengja gildi vegabréfa fyrir starfsmenn utanríkisráðuneytisins, þá, sem nefndir eru í 4. gr. 7. tölulið, sem og vegabréf fyrir konur þeirra og börn, sbr. 11. tölulið sömu greinar.

Vegabréf þess skal þá eigi framlengja fyrir lengri tíma en svo, að vegabréfshafa gefist tími til að afla sér nýs vegabréfs frá utanríkisráðuneytinu, og aldrei lengur en til eins árs í senn.

8. gr.

Fyrir útgáfu eða framlengingu diplomatsks vegabréfs skal ekkert gjald greiða.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 31 27. júní 1941 og öðlast þegar gildi

Utanríkisráðuneytið, hinn 14. september 1944.

Vilhjálmur Þór.

FORSETAÚRSKURÐUR

um breytingu á ríkisstjóraúrskurði 16. des 1942, um breytingu um stundarsakir á konungsúrskurði 29. des. 1924, um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl. 49
21. sept.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Að ég samkvæmt tillögu forsætisráðherra set eftirfarandi ákvæði:

Málefni þau, er með ríkisstjóraúrskurði 16. desember 1942, um breytingu um stundarsakir á konungsúrskurði 29. desember 1924, um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl., voru falin dóms- og menntamálaráðherra dr. juris Einari Arnórssyni, eru hér með falin forsætisráðherra dr. juris Birni Þórðarsyni.

Gjört í Reykjavík, 21. september 1944.

Sveinn Björnsson.
(L. S.)

Björn Þórðarson.

L Ö G

um lendingarbætur á Hvalskeri við Patreksfjörð.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Til lendingarbóta á Hvalskeri við Patreksfjörð skal úr ríkissjóði veittur helmingur kostnaðar, eftir áætlun, sem atvinnumálaráðherra hefur samþykkt, þegar fé er til þess veitt í fjárlögum, allt að 30 þús. kr., gegn jafnmiklu tillagi annars staðar að. Fjárhæð þessi greiðist lendingarsjóði Hvalskers að jafni tiltölu og lendingarsjóðurinn leggur fram til lendingarbótanna.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 30 þúsund króna lán, er hreppsnefnd Rauðasandshrepps kann að taka í innlendra lánsstofnun til lendingarbótanna. Lánsábyrgðin skal bundin því skilyrði, að umsjón verksins og reikningshald sé falið manni, er atvinnumálaráðuneytið telur til þess færan.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera lendingarbæturnar eða undir brautir og vegi í þarfir þeirra, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans hvort heldur er grjót, mól eða önnur jarðefni og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem lendingarbæturnar hafa í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr lendingarsjóði Hvalskers. Nú vill annar hvor málsaðili ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsfjárhæðinni verður ekki breytt meira en sem næmur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsfjárhæð, ella greiðist kostnaðurinn úr lendingarsjóði.

4. gr.

Meðfram strandlengju lendingarinnar, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð, má ekki gera neitt mannvirki til lendingarbóta, né heldur halda þar úti bátum til útgerðar, nema samþykki lendingarsjóðsstjórnar og hreppsnefndar Rauðasandshrepps komi til.

Brot gegn þessum ákvæðum varða sektum, 1000—10000 kr.

5. gr.

Framkvæmd lendingarmála og eftirlit með lendingunni hafa þrír menn, er hreppsnefnd Rauðasandshrepps kýs. Skulu þeir kosnir hvert sinn að afloknum hreppsnefndarkosningum, og gildir kosning þeirra til loka kjörtímabils hreppsnefndarinnar. Til sama tíma skulu kosnir jafnmargir varamenn. Hreppsnefnd Rauðasandshrepps fer með framkvæmd þessara mála, unz hreppsnefndarkosningar fara næst fram.

6. gr.

50

Eignum lendingarsjóðs má aðeins verja í þarfir lendingarinnar. Hreppssjóður 10. okt. Rauðasandshrepps ábyrgist skuldir sjóðsins, og hreppsnefndin er ábyrg fyrir eignum lendingarinnar.

7. gr.

Hreppsnefnd má ekki án leyfis atvinnumálaráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir lendingarsjóðs, kaupa nýjar fasteignir eða taka lán til lengri tíma en svo, að þau verði greidd af tekjum næsta árs, né endurnýja slík lán og ekki heldur gera mannvirki við lendinguna svo stórvaxin, að árstekjur hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

8. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald lendingarvirkjanna og til árlegs rekstrarkostnaðar lendingarinnar er heimilt að innheimta í lendingarsjóð Hvalskeis allt að 6% af brúttóverði afla hvers báts, er haldið er úti til fiskveiða frá Hvalskerri, vörugjald af vörum, sem fluttar eru í land eða úr landi innan takmarka Hvalskeislendingar, svo og önnur gjöld, er ákveðin kunna að verða í reglugerð samkvæmt 12. gr. Heimilt er að innheimta gjöld í lendingarbotasjóð, þegar byrjað er á verkinu.

Gjöld þessi má taka lögtaki, og ganga þau fyrir sjóveðum.

9. gr.

Reikningsár lendingarsjóðs er almanaksárið.

10. gr.

Fyrir 1. dag desembermánaðar ár hvert ber stjórn lendingarsjóðs að semja áætlun um tekjur og gjöld sjóðsins næsta ár og senda hana atvinnumálaráðuneytinu til samþykktar.

11. gr.

Fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert skal stjórn lendingarsjóðs gera reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins í liðnu ári. Reikninginn skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og sveitarsjóðsreikninga.

12. gr.

Í reglugerð, sem hreppsnefnd Rauðasandshrepps semur og atvinnumálaráðuneytið staðfestir, skal kveða á um allt það, er lýtur að stjórn lendingarsjóðs, viðhaldi lendingarbóta, umferð og góðri reglu í lendingunni, upphæð vörugjalds, bátavog bryggjugjöld og fleira, ef þurfa þykir.

Í reglugerð má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—10000 kr. Sektir renna í lendingarsjóð.

13. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 10. október 1944.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Vilhjálmur Þór.

L Ö G

um lendingarbætur í Örlygshöfn við Patreksfjörð.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Til lendingarbóta í Örlygshöfn við Patreksfjörð skal úr ríkissjóði veittur helmingur kostnaðar, eftir áætlun, sem atvinnumálaráðherra hefur samþykkt, þegar fé er til þess veitt í fjárlögum, allt að 30 þús. kr., gegn jafnmiklu tillagi annars staðar að. Fjárhæð þessi greiðist lendingarsjóði Örlygshafnar að jafnri tiltölu og lendingarsjóðurinn leggur fram til lendingarbótanna.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 30 þúsund króna lán, er hreppsnefnd Rauðasandshrepps kann að taka í innlendri lánsstofnun til lendingarbótanna. Lánsábyrgðin skal bundin því skilyrði, að umsjón verksins og reikningshald sé falið manni, er atvinnumálaráðuneytið telur til þess færan.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera lendingarbæturnar eða undir brautir og vegi í þarfir þeirra, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem lendingarbæturnar hafa í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr lendingarsjóði Örlygshafnar. Nú vill annar hvor málsaðili ekki una mati, og getur hann heimað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsfjárhæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsfjárhæð, ella greiðist kostnaðurinn úr lendingarsjóði.

4. gr.

Meðfram strandlengju lendingarinnar, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð, má ekki gera neitt mannvirki til lendingarbóta né heldur halda þar úti bátum til útgerðar, nema samþykki lendingarsjóðsstjórnar og hreppsnefndar Rauðasandshrepps komi til.

Brot gegn þessum ákvæðum verða sektum 1000—10000 kr.

5. gr.

Framkvæmd lendingarmála og eftirlit með lendingunni hafa þrjú menn, er hreppsnefnd Rauðasandshrepps kys. Skulu þeir kosnir hvert sinn að afloknum hreppsnefndarkosningum, og gildir kosning þeirra til loka kjörtímabils hreppsnefndarinnar. Til sama tíma skulu kosnir jafnmargir varamenn. Hreppsnefnd Rauðasandshrepps fer með framkvæmd þessara mála, unz hreppsnefndarkosningar fara næst fram.

6. gr.

Eignum lendingarsjóðs má aðeins verja í þarfir lendingarinnar. Hreppssjóður Rauðasandshrepps ábyrgist skuldir sjóðsins, og hreppsnefndin er ábyrg fyrir eignum lendingarinnar.

51

10. okt.

7. gr.

Hreppsnefnd má ekki án leyfis atvinnumálaráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir lendingarsjóðs, kaupa nýjar fasteignir eða taka lán til lengri tíma en svo, að þau verði greidd af tekjum næsta árs, né endurnýja slík lán og ekki heldur gera mannvirki við lendinguna svo stórvaxin, að árstekjur hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

8. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald lendingarvirkjanna og til árlegs rekstrarkostnaðar lendingarinnar er heimilt að innheimta í lendingarsjóð Örlygshafnar allt að 6% af brúttóverði afla hvers báts, er haldið er úti til fiskveiða frá Örlygshöfn, vörugjald af vörum, sem fluttar eru í land eða úr landi innan takmarka Örlygshafnarlendingar, svo og önnur gjöld, er ákveðin kunna að verða í reglugerð samkvæmt 12. gr. Heimilt er að innheimta gjöld í lendingarbótasjóð, þegar byrjað er á verkinu.

Gjöld þessi má taka lögtaki, og ganga þau fyrir sjóveðum.

9. gr.

Reikningsár lendingarsjóðs er almanaksárið.

10. gr.

Fyrir 1. dag desembermánaðar ár hvert ber stjórn lendingarsjóðs að semja áætlun um tekjur og gjöld sjóðsins næsta ár og senda hana atvinnumálaráðuneytinu til samþykktar.

11. gr.

Fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert skal stjórn lendingarsjóðs gera reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins í liðnu ári. Reikninginn skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og sveitarsjóðsreikninga.

12. gr.

Í reglugerð, sem hreppsnefnd Rauðasandshrepps semur og atvinnumálaráðuneytið staðfestir, skal kveða á um allt það, er lýtur að stjórn lendingarsjóðs, viðhaldi lendingarbóta, umferð og góðri reglu í lendingunni, upphæð vörugjalds, bátana og bryggjugjöld og fleira, ef þurfa þykir.

Í reglugerð má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—10000 kr. Sektir renna í lendingarsjóð.

13. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 10. október 1944.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Vilhjálmur Þór.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 73 4. júlí 1942, um Brunabótafélag Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 5. gr. laganna bætist:

Heimilt er félaginu og váttryggjendum skylt að breyta árlega váttryggingarverði húsa til samræmis við vísitölu byggingarkostnaðar, miðað við 1939.

Hagstofan reiknar byggingarvísitöluna fyrir kaupstaði og kauptún, en teiknistofa landbúnaðarins fyrir sveitir. Vísitölur hvers árs skulu tilbúnar og auglýstar fyrir janúarlök ár hvert.

Eftir hinni auglýstu vísitölu undanfarins vísitöluárs skal teljast váttryggingarupphæð næstkomandi váttryggingarárs, þó þannig, að váttryggingarupphæðin miðist við heil hundruð króna.

Þegar ætla má, að komin sé stöðvun á húsbyggingarkostnað, er félaginu heimilt að láta fram fara endurvirðingu á öllum fasteignum, sem váttryggðar eru hjá félaginu.

2. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Félagið leitar endurtryggingar eða samtrygginga hjá öðrum váttryggingafélögum, fyrst og fremst innlendum, þannig að það hafi ekki í eigin áhættu einstakar áhættueiningar, er nemi hærri upphæðum en $\frac{1}{5}\%$ af heildaráhættu þeirri, sem félagið ber, þó ekki yfir 5% af eignum þess. Nánar má ákveða um þetta í reglugerð, ef þurfa þykir. Að öðru leyti er það á valdi félagsins í samráði við hlutaðeigandi ráðherra að ákveða, hvað og hvar það endurtryggir eða samtryggir.

Áhættueining telst vera einstakt hús eða fleiri en eitt hús, ef um sambruna-hættu er að ræða, hvort tveggja að meðtöldu lausafé, sem váttryggt kann að vera í húsunum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 12. október 1944.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Vilhjálmur Þór.

L Ö G

53

12. okt.

um lendingarbætur á Sæbóli í Aðalvík.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Til lendingarbóta á Sæbóli í Sléttuhreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu skal úr ríkissjóði veittur helmingur kostnaðar, eftir áætlun, sem atvinnumálaráðherra hefur samþykkt, þegar fé er til þess veitt í fjárlögum, allt að 20 þús. kr., gegn jafnmiklu tilfalli annars staðar að. Fjárhæð þessi greiðist lendingarsjóði Sæbólsþorps að jafnri tiltölu og lendingarsjóðurinn leggur fram til lendingarbótanna.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 20 þúsund króna lán, er hreppsnefnd Sléttuhrepps kann að taka í innlendri lánsstofnun til lendingarbótanna. Lánsábyrgðin skal bundin því skilyrði, að umsjón verksins og reikningshald sé falið manni, er atvinnumálaráðuneytið telur til þess færan.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera lendingarbæturnar eða undir brautir og vegi í þarfir þeirra, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, mól eða önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem lendingarbæturnar hafa í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsmáðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr lendingarsjóði Sæbólsþorps. Nú vill annar hvor málsaðili ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því, að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsfjárhæðinni verður ekki breytt meira en nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsfjárhæð, ella greiðist kostnaðurinn úr lendingarsjóði.

4. gr.

Meðfram strandlengju þorpsins, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð, má ekki gera neitt mannvirki til lendingarbóta né heldur halda þar úti bátum til útgerðar, nema samþykki lendingarsjóðsstjórnar og hreppsnefndar Sléttuhrepps komi til.

Brot gegn þessum ákvæðum varða sektum frá 1000—10000 kr.

5. gr.

Framkvæmd lendingarmála og eftirlit með lendingunni hafa þrír menn, er hreppsnefnd Sléttuhrepps kys. Skulu þeir kosnir hvert sinn að afloknum hreppsnefndarkosningum, og gildir kosning þeirra til loka kjörtímabils hreppsnefndarinnar. Til sama tíma skulu kosnir jafnmargir varamenn. Hreppsnefnd Sléttuhrepps fer með framkvæmd þessara mála, unz hreppsnefndarkosningar fara næst fram.

53

12. okt.

Eignum lendingarsjóðs má aðeins verja í þarfir lendingarinnar. Hrepps sjóður Sléttuhrepps ábyrgist skuldir sjóðsins, og hreppsnefndin er ábyrg fyrir eignum lendingarinnar.

7. gr.

Hreppsnefnd má ekki án leyfis atvinnumálaráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir lendingarsjóðs, kaupa nýjar fasteignir eða taka lán til lengri tíma en svo, að þau verði greidd af tekjum næsta árs, né endurnýja slík lán og ekki heldur gera mannvirki við lendinguna svo stórvaxin, að árstekjur hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

8. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald lendingarvirkjanna og til árlegs rekstrarkostnaðar lendingarinnar er heimilt að innheimta í lendingarsjóð Sæbólsporps allt að 6% af brúttóverði afla hvers báts, er haldið er úti til fiskveiða frá Sæbóli, vörugjald af vörum, sem fluttar eru í land eða úr landi innan takmarka Sæbólslendingar, svo og önnur gjöld, er ákveðin kunna að verða í reglugerð samkvæmt 12. gr. Heimilt er að innheimta gjöld í lendingarbótasjóð, þegar þyrjað er á verkinu.

Gjöld þessi má taka lögtaki, og ganga þau fyrir sjóveðum.

9. gr.

Reikningsár lendingarsjóðs er almanaksárið.

10. gr.

Fyrir 1. dag desembermánaðar ár hvert ber stjórn lendingarsjóðs að semja áætlun um tekjur og gjöld sjóðsins næsta ár og senda hana atvinnumálaráðuneytinu til samþykktar.

11. gr.

Fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert skal stjórn lendingarsjóðs gera reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins á liðnu ári. Reikninginn skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og sveitarsjóðsreikninga.

12. gr.

Í reglugerð, sem hreppsnefnd Sléttuhrepps semur og atvinnumálaráðuneytið staðfestir, skal kveða á um allt það, er lýtur að stjórn lendingarsjóðs, viðhald lendingarbóta, umferð og góðri reglu í lendingunni, upphæð vörugjalds, báta- og bryggju-gjöld og fleira, ef þurfa þykir.

Í reglugerð má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—10000 kr. Sektir renna í lendingarsjóð.

13. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 12. október 1944.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Vilhjálmur Þór.

L Ö G

54

12. okt.

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1945 með viðauka.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt til ársloka 1945 að innheimta með 40% viðauka vitagjald, þær aukatekjur ríkissjóðs, sem eru taldar í lögum nr. 27 27. júní 1921, I.—VI. kafla, og stimpilgjald samkvæmt lögum nr. 75 27. júní 1921, og síðari lögum, sem hafa ákvæði um stimpilgjald.

2. gr.

Viðaukann skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um 40%, en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1945.

Gjört í Reykjavík, 12. október 1944.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.

L Ö G

55

17. okt.

um lendingarbætur á Látrum í Aðalvík.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Til lendingarbóta á Látrum í Sléttuhreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu skal úr ríkissjóði veittur helmingur kostnaðar, eftir áætlun, sem atvinnumálaráðherra hefur samþykkt, þegar fé er til þess veitt í fjárlögum, allt að 20 þús. kr., gegn jafnmiklu tillagi annars staðar að. Fjárhæð þessi greiðist lendingarsjóði Látraþorps að jafnri tiltölu og lendingarsjóðurinn leggur fram til lendingarbótanna.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 20 þúsund króna lán, er hreppsnefnd Sléttuhrepps kann að taka í innlendri lánsstofnun til lendingarbótanna. Lánsábyrgðin skal bundin því skilyrði, að umsjón verksins og reikningshald sé falið manni, er atvinnumálaráðuneytið telur til þess færan.

55

17. okt.

3. gr.
Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera lendingarbæturnar eða undir brautir og vegi í þarfir þeirra, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, mól eða önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem lendingarbæturnar hafa í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr lendingarsjóði Látraþorps. Nú vill annar hvor málsaðili ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga, frá því að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsfjárhæðinni verður ekki breytt meira en nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsfjárhæð, ella greiðist kostnaðurinn úr lendingarsjóði.

4. gr.

Meðfram strandlengju þorpsins, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð, má ekki gera neitt mannvirki til lendingarbóta né heldur halda þar úti bátum til útgerðar, nema samþykki lendingarsjóðsstjórnar og hreppsnefndar Sléttuhrepps komi til.

Brot gegn þessum ákvæðum varða sektum, 1000—10000 kr.

5. gr.

Framkvæmd lendingarmála og eftirlit með lendingunni hafa þrír menn, er hreppsnefnd Sléttuhrepps kys. Skulu þeir kosnir hvert sinn að afloknum hreppsnefndarkosningum, og gildir kosning þeirra til loka kjörtímabils hreppsnefndarinnar. Til sama tíma skulu kosnir jafnmargir varamenn. Hreppsnefnd Sléttuhrepps fer með framkvæmd þessara mála, unz hreppsnefndarkosningar fara næst fram.

6. gr.

Eignum lendingarsjóðs má aðeins verja í þarfir lendingarinnar. Hreppssjóður Sléttuhrepps ábyrgist skuldir sjóðsins, og hreppsnefndin er ábyrg fyrir eignum lendingarinnar.

7. gr.

Hreppsnefnd má ekki án leyfis atvinnuáráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir lendingarsjóðs, kaupa nýjar fasteignir eða taka lán til lengri tíma en svo, að þau verði greidd af tekjum næsta árs, né endurnýja slík lán og ekki heldur gera mannvirki við lendinguna svo stórvaxin, að árstekjur hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

8. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald lendingarvirkjanna og til árlegs rekstrarkostnaðar lendingarinnar er heimilt að innheimta í lendingarsjóð Látraþorps allt að 6% af brúttóverði afla hvers báts, er haldið er úti til fiskveiða frá Látrum, vörugjald af vörum, sem fluttar eru í land eða úr landi innan takmarka Látralendingar, svo og önnur gjöld, er ákveðin kunna að verða í reglugerð samkvæmt 12. gr. Heimilt er að innheimta gjöld í lendingarbótasjóð, þegar byrjað er á verkinu.

Gjöld þessi má taka lögtaki, og ganga þau fyrir sjóveðum.

9. gr.

Reikningsár lendingarsjóðs er almanaksárið.

10. gr.

Fyrir 1. dag desembermánaðar ár hvert ber stjórn lendingarsjóðs að semja áætlun um tekjur og gjöld sjóðsins næsta ár og senda hana atvinnumálaráðuneytinu til samþykktar.

55

17. okt.

11. gr.

Fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert skal stjórn lendingarsjóðs gera reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins á liðnu ári. Reikninginn skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og sveitarsjóðsreikninga.

12. gr.

Í reglugerð, sem hreppsnefnd Sléttuhrepps semur og atvinnumálaráðuneytið staðfestir, skal kveða á um allt það, er lýtur að stjórn lendingarsjóðs, viðhaldi lendingarbóta, umferð og góðri reglu í lendingunni, báta- og bryggjugjöld og fleira, ef þurfa þykir.

Í reglugerð má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—10000 kr. Sektir renna í lendingarsjóð.

13. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 17. október 1944.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Vilhjálmur Þór.

FORSETAÚRSKURÐUR

um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl.

56

21. okt.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Að ég samkvæmt 15. gr. stjórnarskrárinnar og tillögu forsætisráðherra set eftirfarandi ákvæði um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl.

- I. Forsætisráðherra Ólafur Thors. Undir hann heyra eftirgreind mál: Stjórnarskráin, Alþingi, nema að því leyti sem öðruvísi er ákveðið, almenn ákvæði um framkvæmdarstjórn ríkisins, skipun ráðherra og lausn, forsæti ráðuneytisins, skipting starfa ráðherranna, mál, er snerta stjórnarráðið í heild. Utanríkismál.
- II. Ráðherra Áki Jakobsson. Undir hann heyra sjávarútvegsmál, þar undir Fiskifélagið, síldarútvegsmál (síldarverksmiðjur og Síldarútvegsefnd), Fiskimálanefnd, Landssmiðjan, Atvinnudeild Háskólans, Rannsóknarráð ríkisins. Flugmál.
- III. Ráðherra Brynjólfur Bjarnason. Undir hann heyra kennslumál, þar undir skólar, sem ekki eru sérstaklega undan teknir, útvarpsmál og viðtækjaverzlun, barnaverndarmál, Menntamálaráð, leikhúsa- og kvikmyndamál. Ríkisprentsmiðjan.
- IV. Ráðherra Emil Jónsson. Undir hann heyra kirkjumál, samgöngumál, þar undir

56

21. okt.

- vegamál, skipagöngur, póst- og símamál, loftskýtamál, vitamál, hafnarmál, mælitækja- og vogarmál, rafmagnsmál, þ. á m. Rafmagnseftirlit ríkisins og rafveitur ríkisins, iðnaðarmál, þar undir iðnskólar, iðnaðarnám, iðnfélög. Einka-réttarleyfi. Vatnamál, þar undir sérleyfi til vatnsorkunotkunar.
- V. Ráðherra Finnur Jónsson. Undir hann heyrir dómaskipun, dómsmál, þar undir framkvæmd hegningardóma, hegningarhús og fangahús, tillögur um náðun, veiting réttarfarslegra leyfisbréfa, málflytningsmenn, lögreglumálefni, þar undir gæzla landhelginnar, áfengismál, strandmál, sífjaréttarmál, erfðaréttarmál, persónuréttarmál, eignarréttarmál, yfirfjárráðamál, lög um kosningar til Alþingis og kjördæmaskipting, umsjón um framkvæmd alþingiskosninga, ríkisborgara-réttur, útgáfa Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs. Félagsmál, þar undir alþýðu-tryggingar, atvinnubætur, vinnudeilur, sveitarstjórnarmál, framfærslumál. Félags-dómur. Almenn styrktarstarfsemi, þar undir styrkveitingar til berklasjúklinga og annarra sjúklinga, sem haldnir eru langvinnum sjúkdómum, sjúkrasjóðir, ellistyrktarsjóðir, öryrkjasjóðir, slysatryggingarsjóðir, lífsábyrgðarsjóðir og aðrir tryggingarsjóðir, nema sérstaklega séu undan teknir. Byggingarfélög. Heilbrigðis-mál, þar á meðal sjúkrahús og heilsuhæli. Verzlunarmál, sem ekki eru í úr-skurði þessum falin öðrum ráðherra, þar undir verzlunarskólar, verzlunarfélög, kaupfélög og samvinnufélög.
- VI. Ráðherra Pétur Magnússon. Undir hann heyra fjármál ríkisins, þar undir skatta-mál, tollmál og önnur mál, er snerta tekjur ríkissjóðs, svo sem ef verzlun er rekin til að afla ríkissjóði tekna. Undirskrift ríkisskuldabréfa. Fjárlög, fjár-aukalgög og reikningsskil ríkissjóðs. Hin umboðslega endurskoðun. Embættisveð. Eftirlit eð innbeintumönnum ríkisins. Laun embættismanna. Eftirlaun, lífeyrir embættismanna og ekkna þeirra. Peningamál, þar undir peningaslátta. Yfirleitt fer þessi ráðherra með öll þau mál, er snerta fjárhag ríkisins eða landsins í heild, nema þau eftir eðli sínu eða sérstöku ákvæði heyri undir annan ráð-herra, Hagstofa Íslands. Mæling og skrásetning skipa. Enn fremur viðskipta-mál, þar undir innflytningsverzlun og utanríkisverzlun, bankamál og spari-sjóðir, gjaldeyrismál, verðlagsmál (dýrtíðarráðstafanir). Landbúnaðarmál, þar undir ræktunarmál, þ. á m. skógræktar- og sandgræðslumál, búnaðarfélög, bún-aðarskólar, garðyrkjuskólar, húsmæðraskólar, dýralækningamál, þjóðjarðamál. Ráðherrafundi skal halda um nýmæli í lögum og um mikilvæg stjórnarmál-efni. Svo skal og ráðherrafund halda, ef einhver ráðherra óskar að bera þar upp mál.

Með úrskurði þessum er úr gildi fallinn konungsráðgjafi frá 29. desember 1924, um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl., með áorðnum breytingum.

Gjört í Reykjavík, 21. október 1944.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

L Ö G

57

31. okt.

um tilraunastöð í jarðrækt á Reykhólum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Reisa skal og reka tilraunastöð í jarðrækt á Reykhólum í Austur-Barðastrandarsýslu samkv. lögum nr. 64 7. maí 1940, um rannsóknir og tilraunir í þágu landbúnaðarins. Skal undirbúningur undir rekstur stöðvarinnar hafinn nú þegar.

2. gr.

Tilraunastöðin fær nú þegar til umráða og eignar endurgjaldslaust og kvaðalaust 165 ha. úr austanverðri landareign jarðarinnar Reykhóla, eins og þetta er þegar afmarkað á uppdrætti að landareigninni. Takmarkast land þetta af núverandi vegi með fjallshlið, að austan af landamerkjum Miðhúsa, að sunnan af sjó og að vestan af Grundará niður móts við Nátthaga og þaðan af beinni línu í Langavatn. Landinu fylgi þau hitaréttindi, sem í því eru, en ef rannsókn leiðir í ljós, að þau séu ófullnægjandi fyrir starfseminu, þá sé þörf stöðvarinnar fyrir hita fullnægt frá einhverjum af heimahverum jarðarinnar. Auk þess fær tilraunastöðin á sama hátt þrjár eyjar að eigin vali úr landareigninni til þess að fullnægja þörf vegna sérstakra tilrauna.

3. gr.

Niðurröðun allra bygginga tilraunastöðvarinnar skal gerð í samráði við skipulagsstjóra ríkisins.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 31. október 1944.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Pétur Magnússon.

L Ö G

58

31. okt.

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja hálfu Skáldalækjareyju í Svarfaðardal og eyðijörðina Hvarfsdal í Skarðshreppi í Dalasýslu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja, eftir mati dómkvaddra manna, Guðjóni bónda Baldvinssyni á Skáldalæk hálfu Skáldalækjareyju í Svarfaðardal. Eyjan selst með því skilyrði, að hún verði sameinuð jörðinni Skáldalæk.

58 Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að selja Skarðshreppi í Dalasýslu eyði-
31. okt. jörðina Hvarfsdal í Skarðshreppi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 31. október 1944.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Pétur Magnússon.

59
31. okt.

L Ö G

um lækningaleyfi til handa dr. Karl Kroner.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
þykki mínu:

1. gr.

Ráðherra er heimilt að veita dr. með. Karl Kroner, fyrrum yfirlækni í Berlín, ótakmarkað lækningaleyfi hér á landi. Fylgja því þau réttindi og skyldur, sem um getur í l. nr. 47 23. júní 1932.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 31. október 1944.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Finnur Jónsson.

60
31. okt.

L Ö G

um bæjarstjórn í Ólafsfirði.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
þykki mínu:

1. gr.

Ólafsfjarðarkauptún skal vera kaupstaður og sérstakt lögsagnarumdæmi. Nær umdæmið yfir allan núverandi Ólafsfjarðarhrepp og heitir Ólafsfjarðarkaupstaður.

Umdæmi þetta er hér eftir sem hingað til í alþingiskjördæmi Eyjafjarðarsýslu.

Þar, sem í lögum þessum er talað um kaupstað eða kaupstaðarbúa, er átt við allt hið nýja umdæmi og íbúa þess.

2. gr.

Ríkisstjórnin skipar fyrir um, hvernig málum þeim í Ólafsfjarðarhreppi, sem eru ekki útkljáð, þegar lög þessi öðlast gildi, skuli skipt milli sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu og bæjarfógetans í Ólafsfirði.

60

31. okt.

3. gr.

Verzlunarlóð kaupstaðarins er: frá Brimnesi að austan og til Kotnefs að vestan, og taki lóðin á land upp 200 metra frá stórstraumsfjöruborði.

4. gr.

Þar til laun bæjarfógetans í Ólafsfirði verða ákveðin í launalögum, hefur hann sömu laun og sýslumenn í lægra launaflokki, sbr. 3. málsg. 11. gr. laga nr. 71 28. nóv. 1919, og greiðast launin úr ríkissjóði. Hann hefur á hendi sömu störf og sýslumönnum og bæjarfógetum eru falin, hverjum í sínu umdæmi, dómaraströf, lögreglustjórn, gjaldheimtu á tekjum ríkissjóðs og önnur störf, gegn þóknun þeirri, er sýslumönnum og bæjarfógetum er ákveðin að lögum.

5. gr.

Málefnum kaupstaðarins skal stjórnað af bæjarstjórn. Í henni eru kjörnir bæjarfulltrúar, kosnir af bæjarbúum, sem kosningarrétt hafa eftir gildandi lögum.

Bæjarstjórn kýs bæjarstjóra og ákveður laun hans, enda greiðast þau úr bæjarsjóði.

6. gr.

Um kosningu bæjarfulltrúa, tölu þeirra og kjörtímabil fer samkv. lögum um sveitarstjórnarkosningar.

7. gr.

Bæjarstjórn kýs sér forseta úr flokki bæjarfulltrúa, og stjórnar hann umræðum á fundum og sér um, að það, sem ályktað er, sé ritað í gerðabókina. Fundir bæjarstjórnar skulu fara fram í heyranda hljóði. Einstök mál má þó ræða innan luktra dyra, þegar bæjarstjórnin ákveður.

Til þess að lögmæt ákvörðun sé gerð, verður minnst helmingur bæjarfulltrúa að vera á fundi. Atkvæðamagn skal ávallt ráða. Séu jafnmörg atkvæði með og móti, fellur atkvæðisefnið, nema við kosningar, þá ræður hlutkesti. Um kosningu nefnda skal farið samkv. lögum um sveitarstjórnarkosningar.

Það skal kunnbert bæjarbúum, hvar og hvenær bæjarstjórnin heldur almenna fundi. Aukafundi má halda, þegar bæjarstjóra þykir nauðsyn til bera eða þegar minnst helmingur bæjarfulltrúa æskir þess. Bæjarstjóri skal á undan fundum skýra bæjarfulltrúum frá, hver málefni koma fyrir. Allir bæjarfulltrúar, sem eru á fundi, skulu rita nöfn sín undir gerðabókina, strax og bókun er lokið, og á sérhver fulltrúi rétt á að fá ágreiningsatriði sitt stuttlega bókað.

Bæjarstjórn setur sjálf fundarsköp sín, en ráðherra staðfestir þau.

8. gr.

Framkvæmd ákvarðana þeirra, sem bæjarstjórn tekur, og forstaða bæjarmálefna er á hendi bæjarstjóra, nema þar, sem annað er sérstaklega ákveðið af bæjarstjórn.

Virðist forseta einhver ákvörðun bæjarstjórnar ganga út yfir valdsvið hennar, vera gagnstæð lögum eða skaðleg fyrir bæjarfélagið eða miði til að færast undan skyldum þeim, er á því hvila, má hann fella hana úr gildi um sinn með því að rita álit sitt um hana í gerðabókina. Um þetta skal hann, svo fljótt sem verða má, senda ráðherra skýrslu, og leggur hann úrskurð á málið. Eftirrit af skýrslu for-

60 seta skal senda bæjarstjórninni, svo að hún geti gert athugasemdir við hana, áður en hún fer til ráðherra. Með samþykkt, er ráðherra staðfestir, skal setja fastar nefndir til að fara með einstök bæjarmál, og skal í henni kveðið á um skipun, verksvið og vald þeirra. Þó má bæjarstjórn fela einum eða fleirum bæjarfulltrúanna framkvæmd einstakra bæjarstarfa eftir reglum, er hún setur um það.

Allir bæjarfulltrúar eru skyldir að taka að sér þau sérstöku bæjarstörf, sem þeim eru falin á hendur. Fyrir nefndarmenn kosna utan bæjarstjórnar gilda sömu synjunarástæður og starfstímatakmörk og um bæjarfulltrúana.

9. gr.

Í málefnum, er snerta uppeldi og fræðslu barna, hefur formaður skólanefndar sæti og tillögurétt á fundum bæjarstjórnar, en atkvæðisrétt því aðeins, að hann sé bæjarfulltrúi.

10. gr.

Bæjarstjórn skipar sýslunarmenn bæjarins og veitir þeim lausn. Lögregluþjóna og næturverði skipar bæjarstjórn eftir tillögu bæjarfógeta, en hann getur veitt þeim lausn án samþykkis bæjarstjórnar. Bæjarstjórn gerir tillögur um skipun yfirsetukvenna og sáttanefndarmanna.

11. gr.

Bæjarstjórn ræður byggingarmálum bæjarins, en byggingarnefnd annast framkvæmd þeirra. Skipa hana bæjarstjóri, sem er formaður hennar, og fjórir menn, er bæjarstjórn kýs, tvo úr sínum flokki.

Þyki lóðareiganda eða lóðarhafa rétti sínum hallað með úrskurði bæjarstjórnar eða byggingarnefndar, má skjóta honum til ráðherra.

Nú þykir bæjarstjórn rétt, að sett verði fyllri ákvæði um byggingarmál bæjarins en þá eru í lögum, og má setja þau með samþykkt, er bæjarstjórn semur eftir tillögum byggingarnefndar og ráðherra staðfestir.

Í byggingarsamþykkt má ákveða sektir fyrir brot svo og setja reglur um greiðslu þess kostnaðar, er ákvæði byggingarsamþykktar hafa í för með sér, Svo má og ákveða þar hæfileg gjöld fyrir leyfi þau, sem bæjarstjórn og byggingarnefnd veitir.

12. gr.

Bæjarstjórn ræður hafnarmálum bæjarfélagsins samkv. lögum um hafnargerð í Ólafsfirði.

13. gr.

Bæjarstjórn og bæjarstjóri sérstaklega skal hafa nákvæmar gætur á fjárstjórn bæjarins og sjá um, að skattar, útsvör og aðrar tekjur séu rétt heimtar og í tækan tíma og teknar lögtaki, ef þess þarf með; enn fremur gæta þess, að geymt sé og eftir atvikum ávaxtað fé bæjarins, þangað til á því þarf að halda til þess að greiða gjöld hans. Bæjarstjórn hefur ábyrgð á innstæðum, skuldabréfum og öðrum eignum um bæjarins.

14. gr.

Gjaldkeri skal, þegar þess er krafizt, gefa bæjarstjórninni nákvæma skýrslu, er sýni bæði, hvað goldizt hafi í bæjarsjóð og hvað úr honum hafi verið greitt. Eigi má greiða neitt úr bæjarsjóði nema eftir ávisun bæjarstjóra. Bæjarstjóri ávísar útgjöldum kaupstaðarins samkvæmt reglum þeim, sem um það eru settar í samþykktinni um stjórn málefna kaupstaðarins.

15. gr.

Fyrir opinber uppboðsþing, sem bærinn lætur halda í sínar þarfir, skal ekkert gjald greiða í ríkissjóð.

16. gr.

60

Bæjarstjórninni er skylt að láta ríkisstjórninni og hagstofunni í té skýrslur þær, sem beðið er um, svo sem um fólkestölu, skepnuhöld, atvinnuvegi og annað ástand.

31. okt.

17. gr.

Bæjarstjórnin má ekki án samþykkis ráðherra takast á hendur neina skuldbindingu til langframa, sem hvílir ekki á henni samkvæmt lögum, ekki taka af innstæðufé bæjarins, ekki selja né veðsetja fasteignir hans né kaupa nýja fasteign, ekki taka stærri lán eða til lengri tíma en svo, að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem í hönd fer, né heldur endurnýja slík lán eða fresta greiðslu þeirra.

18. gr.

Þegar við lok hvers reikningsárs skal gjaldkeri semja reikning um tekjur og gjöld bæjarins umliðið ár og senda bæjarstjóra fyrir lok marzmanaðar. Lætur bæjarstjóri reikninginn liggja bæjarbúum til sýnis fimmtán daga á hentugum, auglýstum stað.

Endurskoðendur kaupstaðarins eru tveir, og kýs bæjarstjórn þá hlutfallskosningu. Starf það hafa þeir á hendi í þrjú ár og mega ekki eiga sæti í bæjarstjórn þann tíma. Þeir hafa þóknun úr bæjarsjóði fyrir starfa sinn. Auk reikninga bæjarsjóðs skulu þeir rannsaka reikninga þeirra sjóða og stofnana, sem bæjarstjórn hefur umsjón með. Þeir skulu hafa lokið rannsókn á reikningunum innan mánaðar frá því, er þeir fengu þá í hendur.

Þegar gjaldkeri hefur svarað athugasemdum endurskoðenda, — en það skal hann hafa gert innan fimmtán daga —, skal leggja reikninginn fyrir bæjarstjórn, er úrskurðar hann og veitir gjaldkera kvittun. Þó má enginn taka þátt í úrskurði, er snertir þau störf, er honum hafa verið sérstaklega á hendur falin.

Nú vill reikningshaldari eða annar, sem hlut á að máli, eigi viðurkenna, að úrskurður bæjarstjórnar sé réttur, enda sé honum lögð peningaábyrgð á hendur, og má hann þá skjóta málinu til dómstólanna.

Þegar lagður hefur verið úrskurður á reikning gjaldkera, á að birta í blaði ágríp af honum, er bæjarstjóri semji. Á það ágríp að vera svo fullkomið, að í því séu tilgreind aðalatriði í tekjum og gjöldum bæjarins.

19. gr.

Fyrir lok septembermánaðar ár hvert skal senda ráðherra reikninga yfir umliðið reikningsár.

Komi það fram, að bæjarstjórn hafi greitt ólögmet gjöld, neitað að greiða gjöld, er hvila á bænum að lögum, eða á annan hátt ranglega beitt valdi sínu, skal ráðherra gera þær ráðstafanir, er við þarf, og — ef nauðsyn krefur —, með lög-sókn koma fram ábyrgð á hendur þeim bæjarfulltrúum, sem átt hafa þátt í þessum ályktunum.

20. gr.

Bæjarstjórn semur reglugerð fyrir slökkviliðið, en ráðherra staðfestir hana, og má ákveða sektir fyrir brot gegn ákvæðum reglugerðarinnar, og renna þær í bæjarsjóð. Með mál út af brotum gegn þeirri reglugerð skal farið sem almenn lögreglumál.

21. gr.

Bæjarstjórn hefur umsjón með öllum þeim fyrirtækjum, er bærinn á eða starfrækir, en falið getur hún sérstökum mönnum alla nánari stjórn og umsjón stofnana þessara.

60

22. gr.

31. okt. Með samþykkt þeirri, er um getur í 8. gr., má setja nánari reglur um sérhvert atriði í stjórn bæjarins samkvæmt grundvallarreglum þessara laga, þar á meðal ákveða sektir fyrir brot á þeim.

23. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1945. Gerir ráðherra ráðstafanir til, að þau komist þá þegar til framkvæmda. Falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 40 28. jan. 1935, um lögreglustjóra í Ólafsfirði.

Ákvæði um stundarsakir.

Skipti á eignum og skuldum Eyjafjarðarsýslu — svo og ábyrgðarskuldbindingum — á milli sýslunnar og Ólafsfjarðarkaupstaðar skal fara eftir samþykkt sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu á aukafundi hennar 9. sept. 1944. Hefur hreppsnefnd Ólafsfjarðarhrepps einnig á hana fallizt. Rísi nokkur ágreiningur um skiptin, sker ráðherra úr.

Gjört í Reykjavík, 31. október 1944.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Finnur Jónsson.

61

L Ö G

31. okt.

um byggingarmálaefni Reykjavíkur.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Byggingarnefnd fer með byggingarmálaefni kaupstaðarins undir yfirstjórn bæjarstjórnar og stjórnarráðs.

2. gr.

Byggingarnefnd skipa 7 menn: borgarstjóri, bæjarverkfræðingur, húsameistari bæjarins, skipulagsstjóri ríkisins og þrír menn, kosnir hlutfallskosningum í bæjarstjórn árlega samtímis öðrum föstum nefndum. Borgarstjóri er formaður nefndarinnar. Byggingarfulltrúi, slökkviliðsstjóri og aðrir sérfræðingar, sem bæjarstjórnin ákveður, eiga sæti á fundum byggingarnefndar og hafa þar tillögurétt.

Nú er einhver forfallaður, sem samkvæmt stöðu sinni skipar byggingarnefnd eða á sæti á fundum hennar, og kemur þá í hans stað sá, sem í forföllunum gegnir starfi hans. Í stað hinna kjörnu nefndarmanna koma varamenn, sem bæjarstjórn kys samtímis aðalmönnum og á sama hátt.

Byggingarnefnd er ályktunarfær, ef á fundi eru formaður og þrír nefndarmenn aðrir. Afl atkvæða ræður úrslitum. Ef atkvæði eru jöfn, ræður atkvæði formanns.

3. gr.

Um byggingarmálaefni kaupstaðarins skal nánar kveðið á í byggingarsamþykkt, sem bæjarstjórn semur að fengnum tillögum byggingarnefndar og stjórnarráðið staðfestir.

4. gr.

Ályktanir byggingarnefndar skal hera undir bæjarstjórn til samþykktar eða synjunar. Ef bæjarstjórn samþykkir ályktun byggingarnefndar, öðlast hún gildi. Þó er lóðareiganda eða lóðarleigjanda heimilt, ef honum þykir rétti sínum hallað með ályktuninni, að skjóta henni til fullnaðarúrskurðar stjórnarráðsins. Nú greinir byggingarnefnd og bæjarstjórn á um afgreiðslu máls, og sker þá stjórnarráðið úr

61

31. okt.

5. gr.

Í byggingarsamþykkt má ákveða hæfileg gjöld fyrir leyfi, sem samkvæmt henni eru veitt, og fyrir störf, er byggingarfulltrúi stöðu sinni samkvæmt vinnur í þágu einstakra manna. Gjöld þessi renna í bæjarsjóð og hafa lögtaksrétt.

6. gr.

Byggingarfulltrúi skal þegar í stað kæra fyrir sakadómara, ef bygging er hafin, án þess að leyfi sé fengið fyrir henni, eða á annan hátt er byggt en leyfi stendur til.

Sakadómari skal þá þegar kveða upp úrskurð um, hvort byggingin skuli bönnuð og niður rífið eða numið á brott það, sem þegar hefur verið gert. Úrskurði þessum má skjóta til æðri dóms eftir reglunum um kæru, en málskot frestar ekki framkvæmd úrskurðarins, sem þá fer fram á ábyrgð bæjarsjóðs. Lögreglustjóri annast framkvæmd úrskurðar, og getur hann veitt aðila hæfilegan frest til niðurrifs eða brottnáms ólöglegar byggingar. Bæjarsjóður greiðir kostnað við framkvæmd lögreglustjóra á úrskurðinum, en skyldur skal hinn seki að endurgreiða kostnaðinn. Bæjarsjóður hefur umfram allar aðrar kröfur forgangsveð í efni, sem komið er í hina óleyfðu byggingu, fyrir endurgreiðslukröfu sinni.

Sektir fyrir brot á byggingarsamþykkt skulu nema 100 til 30000 krónum, og skal farið með slík mál sem almenn lögreglumál. Ef haldið er áfram byggingu, eftir að hann hefur verið lagt við henni skv. ákvæðum þessarar greinar, varðar það eigi minna en 1000 króna sekt. Veita skal borgarstjóra kost á því fyrir hönd bæjarsjóðs að gera í refsímálinu kröfur til þess, að kærði verði dæmdur til að greiða þann kostnað, sem leitt hefur af broti hans.

7. gr.

Byggingarfulltrúi skal semja skrá yfir allar þær byggingar, sem reistar hafa verið í óleyfi, áður en lög þessi ganga í gildi. Síðan skal með venjulegum hætti skorið úr, hvort unnt er að veita leyfi fyrir einhverjum þeirra. Hinar byggingarnar skal rífa, þegar bæjarstjórn krefst þess, og er henni skylt að gera slíka kröfu, nema hún telji, að nauðsyn sé á, að byggingin standi vegna almennra húsnæðisvandræða. Á meðan einhverjar hinna óleyfðu bygginga standa samkvæmt þessari heimild, skal það árlega borið undir bæjarstjórn, hverjar þeirra hún vill þá láta rífa. Nú stendur slík óleyfð bygging á óútvisuðu eignarlandi bæjarins, og öðlast eigandi byggingarinnar engan rétt til landsins, þótt hún standi þar.

Um niðurrif og brottnám þeirra bygginga, sem bæjarstjórn skv. 1. mgr. krefst, að brott séu teknar, fer eftir því, sem í 6. gr. segir, og varðar það viðurlögum skv. henni, ef byggingin er eigi rifin eða numin brott, jafnskjótt og krafizt er.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru þá úr gildi numin þessi lagafyrirmæli: Opið bréf 29. maí 1839 um stofnun byggingarnefndar í Reykjavík, lög nr. 4 2. febr. 1894, um breyting á því, lög nr. 17 13. sept. 1901, um breyting á tskp. 20. apríl 1872, um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík, og viðaukalög við þau, nr. 34 23. okt. 1903.

- 61 Byggingarnefnd samkvæmt lögnum skal kosin á fyrsta fundi bæjarstjórnar, 31. okt. eftir að lögín öðlast gildi, og gildir kosning hennar, þangað til fastar nefndir bæjarstjórnar eru kosnar í febrúar 1945.

Gjört í Reykjavík, 31. október 1944.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Finnur Jónsson.

Stjórnartíðindi 1944, A. 8.

62

L Ö G

27. nóv.

um nýbyggingarráð.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Af innceignum Landsbanka Íslands erlendis skal jafngildi að minnsta kosti 300 milljóna ísl. króna lagt á sérstakan reikning, og skal eingöngu verja fjárhæð þeirri til kaupa á framleiðslutækjum og til annarrar nýsköpunar í atvinnulífi þjóðarinnar, samkvæmt nánari ákvörðun nýbyggingarráðs.

2. gr.

Ríkisstjórnin skipar fjögurra manna nefnd, er nefnist nýbyggingarráð.

Hlutverk þess er að búa til heildaráætlun, fyrst um sinn miðaða við næstu fimm ár, um nýsköpun íslenzks þjóðarbúskapar. Skal þar áætlað, hver atvinnutæki, samgöngutæki, byggingar og annað þurfi til sjávar og sveita, til þess að allir Íslendingar geti haft vinnu við sem arðbærastan atvinnurekstur, svo og, hvernig bezt verði fyrir komið innflutningi fáanlegra tækja og efnis á næstu árum með það fyrir augum að hagnýta sem bezt vinnuafli þjóðarinnar og auðlindir landsins.

Þá skal nýbyggingarráð gera áætlanir um, hvar tækin skuli staðsett, og tillögur um byggingar og aðrar framkvæmdir í því sambandi.

Nýbyggingarráð hlutast til um, að slík tæki verði keypt utan lands eða gerð innan lands svo fljótt sem auðið er, og hefur milligöngu fyrir þá aðila, sem þau vilja kaupa og þess óska.

Innflutningsleyfi og gjaldeyrisleifi til framangreindra ráðstafana á fé samkvæmt 1. gr. skulu veitt samkvæmt tillögum nýbyggingarráðs.

Kostnaður við störf nýbyggingarráðs greiðist úr ríkissjóði.

3. gr.

Ríkisstjórnin ákveður með reglugerð nánar um starf nýbyggingarráðs. Nýbyggingarráð hefur rétt til þess að ráða sérfræðinga og annað starfsfólk í þjónustu sína. Fela má nýbyggingarráði starf þeirra millipinganeftnda, sem nú eru starfandi í skipulagsmálum atvinnurekstrar eftir stríð, sjávarútvegsmálum og í raforkumálum, ef ríkisstjórnin álitur það hentugra, svo að starfið vinnist fljótar og betur, og skulu þá nefndir þessar lagðar niður, jafnóðum og nýbyggingarráð tekur við störfum þeirra.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

4. gr.

62

27. nóv.

Gjört í Reykjavík, 27. nóvember 1944.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

L Ö G

63

1. des.

um breyting á ljósmæðralögum, nr. 17 19. júní 1933.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 4. gr. laganna bætist:

Ef tveimur eða fleirum ljósmóðurumdæmum er steypt saman í eitt umdæmi fyrir það, að sýnt þykir, að umdæmin fáist ekki skipuð hvert í sínu lagi, er ráðherra heimilt að ákveða ljósmóður hins nýja umdæmis laun, er nema mega allt að samantölum launum hinna fyrri umdæma.

2. gr.

Lög þessi ganga í gildi þegar í stað.

Gjört í Reykjavík, 1. desember 1944.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Finnur Jónsson.

L Ö G

64

1. des.

um heilsuverndarstöðvar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í kaupstað hverjum skal reka heilsuverndarstöð, nema ráðherra veiti undanþágu frá þeirri skyldu með ráði berklayfirlæknis, sbr. einnig ákvæði 6. gr.

Um skipun og rekstur heilsuverndarstöðvar fer samkvæmt lögum þessum og reglugerð, er hlutaðeigandi bæjarstjórn og stjórn hlutaðeigandi sjúkrasamlags semja, en ráðherra staðfestir.

2. gr.

Heilsuverndarstöð ber að rækja berklavarnarstarfsemi í umdæmi sínu samkvæmt ákvæðum berklavarnarlaga og nánari fyrirmælum berklayfirlæknis, en aðra

64 viðtækari heilsuverndarstarfsemi eftir því, sem nánar verður ákveðið í reglugerð.
 1. des. Nú verður ágreiningur milli bæjarstjórnar og stjórnar sjúkrasamlags um verk-
 svið heilsuverndarstöðvar og önnur ákvæði reglugerðar varðandi skipun hennar eða
 rekstur, og sker þá ráðherra úr ágreiningnum, að fengnum tillögum berklayfirlæknis
 og tryggingayfirlæknis.

3. gr.

Þriggja manna nefnd hefur á hendi stjórn heilsuverndarstöðvar, og tilnefnir
 hlutaðeigandi bæjarstjórn einn mann í nefndina, stjórn hlutaðeigandi sjúkrasamlags
 annan, en ráðherra samkvæmt tillögu berklayfirlæknis hinn þriðja, og er hann for-
 maður nefndarinnar.

Fela má með ákvæðum í reglugerð sjúkrasamlagi eða almennt viðurkenndu
 líknarfélagi rekstur heilsuverndarstöðvar.

Heilsuverndarstöð skal háð sérstöku eftirliti hlutaðeigandi héraðslæknis, nema
 hún sé undir stjórn sérstaks læknis, er ráðherra hefur viðurkennt.

4. gr.

Kostnaður af rekstri heilsuverndarstöðva skiptist að jöfnu á milli hlutaðeig-
 andi bæjarsjóðs, hlutaðeigandi sjúkrasamlags og rikissjóðs. Ráðherra úrskurðar
 reikninga heilsuverndarstöðva, að fengnu álitu berklayfirlæknis og tryggingayfir-
 læknis.

5. gr.

Heimilt er ráðherra að staðfesta reglugerð um rekstur heilsuverndarstöðvar í
 sveitarfélagi, þó að ekki sé kaupstaður. Nú er ekki rekið sjúkrasamlag í slíku sveitar-
 félagi, og skal þá sveitarsjóður ábyrgjast greiðslu á tvöföldu framlagi á móti styrk
 rikissjóðs. Um stjórn slíkrar heilsuverndarstöðvar fer eftir hliðstæðum reglum þeim,
 er getur í 3. gr., eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð.

6. gr.

Heimilt er ráðherra með ráði berklayfirlæknis að heimila, að heilsuverndarstöð
 sveitarfélags taki að sér heilsuverndarstarfsemi fyrir annað eða önnur sveitarfélög
 fyrir umsamið hæfilegt gjald, og fer um þann kostnað í samræmi við ákvæði 4. og 5. gr.

Í reglugerð má og ákveða, að tvö eða fleiri sveitarfélög sameinist um rekstur
 einnar heilsuverndarstöðvar. Um skipun, rekstur og stjórn slíkrar stöðvar fer í sem
 fyllstu samræmi við ákvæði þessara laga, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglu-
 gerð.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1945.

Gjört í Reykjavík, 1. desember 1944.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Finnur Jónsson.

L Ö G

65

1. des.

um breyting á lögum nr. 99 16. des. 1943, um ábyrgð ríkissjóðs á tjóni, sem hlýzt af veru herliðs Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað „kr. 50000.00“ í niðurlagi 2. gr. laganna komi: kr. 100000.00.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 1. desember 1944.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Pétur Magnússon.

Stjórnartíðindi 1944, A. 9.

L Ö G

66

28. des.

um breyting á og viðauka við lög nr. 36 30. júlí 1909, um laun háskólakennara, og um breyting á lögum nr. 21 1. febr. 1936, um Háskóla Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. málsg. 1. gr. l. 36/1909 og 1. gr. l. 21/1936, sbr. 1. gr. l. 78/1941, orðist svo: Í Háskóla Íslands eru þessar 6 deildir: Guðfræðideild, læknadeild, laga- og hagfræðideild, heimspekideild, atvinnudeild og verkfræðideild.

2. gr.

3. málsg. 1. gr. l. 36/1909 orðist svo: Í laga og hagfræðideildinni eru 3 prófessorar í lögfræði og 2 dósentar í viðskiptafræðum.

3. gr.

Stofna skal tvö dósentsembætti við heimspekideild Háskóla Íslands í bókmenntum og sögu.

Ákvæði 1. gr. l. nr. 24 19. maí 1930, um háskólakennara, taka ekki til dósentsembætta þeirra, er stofnuð verða samkvæmt þessari grein.

4. gr.

Í verkfræðideild skulu vera 3 prófessorar.

66
28. des.

5. gr.
Upphaf 4. gr. 1. 21/1936, um Háskóla Íslands, orðist svo:
Rektor og forsetar deildanna 6 eiga sæti í háskólaráði.

6. gr.
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 28. desember 1944.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Brynjólfur Bjarnason.

67
28. des.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Upphaf 7. tölul. 32. gr. laganna skal orða svo:

Hafi enn fremur 3 ár samtals verið alþingismaður, skrifstofustjóri Alþingis eða fulltrúi í skrifstofu þess, skrifstofustjóri eða fulltrúi í stjórnarráðinu, fulltrúi héraðsdómara, þar á meðal borgardómara, borgarfégeta og sakadómara í Reykjavík, eða fulltrúi lögreglustjórans þar, lögreglustjóri eða bæjarstjóri o. s. frv.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi fallin lög nr. 5 9. marz 1944.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 28. desember 1944.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Finnur Jónsson.

68
28. des.

H A F N A R L Ö G

fyrir Ólafsfjörð.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Til hafnargerðar í Ólafsfirði veitast úr rikissjóði $\frac{1}{2}$ kostnaðar eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefur samþykkt, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, allt að kr. 1000000 — einni milljón króna —, gegn $\frac{3}{8}$ frá hafnarsjóði Ólafsfjarðar.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að kr. 1500000.00 — einnar millj. og fimm hundruð þúsund króna — lán, er hafnarsjóður Ólafsfjarðar kann að fá til hafnargerðarinnar, gegn ábyrgð bæjarsjóðs Ólafsfjarðar, enda sé lánið tekið fyrir milligöngu opinberra lánsstofnana, ef það er tekið erlendis. Tillagið úr ríkissjóði og ábyrgð ríkissjóðs er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

68

28. des.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans hvort heldur er grjót, mól eða önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefur í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr hafnarsjóði Ólafsfjarðar. Nú vill annar hvor málsaðili ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga, frá því er matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði Ólafsfjarðar.

4. gr.

Hafnarmerki skulu ákveðin í reglugerð.

5. gr.

Með strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki né fylla upp eða dýpka út frá landi nema eftur tillögum hafnarnefndar og með samþykki bæjarstjórnar Ólafsfjarðarkaupstaðar. Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa, í tvennu lagi, og heldur hafnarnefnd öðru eintakinu. Hafnarnefnd afgreiðir síðan málið til bæjarstjórnar.

Sá, sem fengið hefur slíkt leyfi, skal skyldur að halda mannvirkinu svo við, að engin hætta stafi af því.

Brot gegn þessari grein varðar sektum frá 500—20000 kr., og hafnarnefnd getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eigandans.

6. gr.

Bæjarstjórn Ólafsfjarðarkaupstaðar hefur á hendi stjórn hafnarmálefna undir yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

7. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd. Í hafnarnefnd sitja þrjú menn. Skal nefndin kosin á sama hátt og til sama tína og aðrar fastanefndir, er bæjarstjórn kýs. Heimilt er þó að kjósa í nefndina menn, er ekki eiga sæti í bæjarstjórn.

8. gr.

Eignum hafnarsjóðs má aðeins verja í þarfir hafnarinnar. Bæjarsjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðs, og bæjarstjórn ber ábyrgð á eignum hafnarinnar.

68

28. des.

9. gr.

Bæjarstjórn má ekki án leyfis ráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðsins eða kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka stærri lán eða lán til lengri tíma en svo, að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, né endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

10. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, er hér segir:

1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem gerð eru samkvæmt 5. gr.
2. Af skipum og bátum, er hafna sig á Ólafsfjarðarhöfn, og farmi þeirra:
 - a. Lestagjald.
 - b. Vitagjald.
 - c. Vörugjald. — Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annarra hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
 - d. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
 - e. Festargjald af skipum, sem nota festar hafnarsjóðs.
 - f. Allt að 6% af andvirði afla þeirra skipa og báta, sem heimili eiga í Ólafsfirði og leggja afla sinn á land innan hafnarsvæðisins eða hafa þar uppsátur.

Gjöld þessi, sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar, skulu ákveðin í reglugerð, sem bæjarstjórn semur og atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið staðfestir, og skal í henni ákveða, hver skuli greiða þau og innheimta.

Herskip og skemmtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarinnar samkvæmt tölulið 2. a og b.

11. gr.

Nú má álíta, að tekjur af gjaldstofnum þeim, sem heimilaðir eru í 10. gr., hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, og getur þá bæjarstjórn með sérstöku samþykki atvinnumálaráðuneytisins fyrir hvert ár ákveðið, að leggja megi aukatoll á aðflutningsgjaldskyldar og útflutningsgjaldskyldar vörur. Gjaldið má þó aldrei fara fram úr 4% af tolli þeim, er greiða ber í ríkissjóð. Gjald þetta innheimtir hafnarnefnd. Gjald þetta sem og gjöldin samkv. 10. gr. má taka lögtaki.

12. gr.

Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

13. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir bæjarstjórn frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Bæjarstjórn skal hafa fullsamið áætlunina fyrir lok nóvembermánaðar og senda hana síðan atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu til samþykktar fyrir árslok ásamt nauðsynlegum skýringum á einstöku gjalda- og tekjuliðum.

14. gr.

Nú hefur bæjarstjórn í hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki atvinnumálaráðuneytisins þarf til, og skal hún þá senda ráðuneytinu sérstaka tillögu um það efni. Skal

það gert svo tímanlega, að samþykki ráðuneytisins geti komið til, áður en hún lætur 68
fjárhagsáætlun hafnarinnar frá sér fara. 28. des.

15. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið liður, að óumflýjanlegt sé að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar eða fara fram úr áætluðum fjárhæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það bæjarstjórn í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndar, skal þegar leitað samþykkis ráðuneytisins til þess, að víkja megi frá áætluninni. Fyrr má ekki framkvæma verkið né stofna til tekjuhallans.

16. gr.

Við lok hvers reikningsárs og ekki síðar en fyrir febrúarlök skal hafnarnefnd gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári og efnahagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og reikninga bæjarsjóðs.

17. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð, er bæjarstjórn semur og ráðuneytið staðfestir, allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—1000 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

18. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum á lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögglumál.

19. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin hafnarlög fyrir Ólafsfjörð, nr. 81 1943.

20. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1945.

Gjört á Bessastöðum, 28. desember 1944.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

L Ö G

um lendingarbætur í Djúpavogi.

69

28. des.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Til lendingarbóta í Djúpavogi í Suður-Múlasýslu skal úr ríkissjóði veita helming kostnaðar, eftir áætlun, sem atvinnumálaráðherra samþykkir, þegar fé er til þess veitt í fjárlögum, allt að 250 þúsund krónum, gegn jafnmiklu framlagi annars staðar að. Fjárhæð þessi greiðist lendingarsjóði Búlandshrepps að jafnri tiltölu og lendingarsjóðurinn leggur fram til lendingarbótanna.

69

28. des.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 250 þúsund króna lán, er hreppsnefnd Búlandshrepps kann að taka í innlendri lánsstofnun til lendingarbótanna.

Lánsábyrgðin skal bundin því skilyrði, að umsjón verksins og reikningshald sé falið manni, er atvinnumálaráðherra telur til þess færán.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera lendingarbæturnar eða undir brautir og vegi í þarfir þeirra, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans hvort heldur er grjót, mól eða önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem lendingarbæturnar hafa í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málssaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr lendingarsjóði Djúpavogs.

Nú vill annar hvor málssaðili ekki una mati, og getur hann þá heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga, frá því að matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæma á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsfjárhæðinni verður ekki breytt meir en um 10% frá hinni ákveðnu endurgjaldsfjárhæð, annars greiðist kostnaðurinn úr lendingarsjóði.

4. gr.

Meðfram strandlengju lendingarsvæðisins, eftir því sem nánar verður til tekið í reglugerð, má ekki gera neitt mannvirki til lendingarbóta né heldur halda þar úti bátum til útgerðar, nema samþykki lendingarsjóðsstjórnar og hreppsnefndar Búlandshrepps komi til.

Brot gegn þessum ákvæðum varða sektum frá 1000 til 10000 kr.

5. gr.

Framkvæmd lendingarmála og eftirlit með lendingunni hafa þrír menn, er hreppsnefnd Búlandshrepps kys. Skulu þeir kosnir á fyrsta fundi nýkosinnar hreppsnefndar, og gildir kosning þeirra jafnlengi og hreppsnefndarinnar. Til sama tíma skulu kosnir jafnmargir varamenn.

Hreppsnefnd Búlandshrepps, sú sem nú situr, fer með framkvæmd þessara mála, unz hreppsnefndarkosningar fara næst fram.

6. gr.

Eignum lendingarsjóðs má aðeins verja í þágu lendingarinnar. Hreppssjóður Búlandshrepps ábyrgist skuldir sjóðsins, og hreppsnefndin er ábyrg fyrir eignum lendingarinnar.

7. gr.

Hreppsnefndin má ekki án leyfis atvinnumálaráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir lendingarsjóðs, kaupa nýjar fasteignir eða taka lán til lengri tíma en svo, að þau verði greidd upp af tekjum næsta árs, né endurnýja slík lán og ekki heldur gera mannvirki við lendinguna svo stórvaxin, að árstekjur hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

8. gr.

Til að standast kostnað við byggingu og viðhald lendingarvirkjanna og til árlegs rekstrarkostnaðar lendingarinnar er heimilt að innheimta í lendingarsjóð Búlandshrepps allt að 6% af brúttóverði afla hvers báts, sem haldið er úti til fiskveiða

frá Djúpavogi, vörugjald af vörum, sem fluttar eru í land eða úr landi innan takmarka Djúpavogs, svo og önnur gjöld, er ákveðin kunna að verða í reglugerð 69
28. des.

samkvæmt 12. gr. Heimilt er að innheimta gjöld í lendingarsjóð, þegar byrjað er á verkinu

Gjöld þessi má taka lögtaki, og ganga þau fyrir sjóveðum.

9. gr.

Reikningsár lendingarsjóðs er almanaksárið.

10. gr.

Fyrir 15. desember ár hvert skal stjórn lendingarsjóðs semja áætlun um tekjur og gjöld lendingarsjóðs næsta ár og senda hana atvinnumálaráðuneytinu til samþykktar.

11. gr.

Stjórn lendingarsjóðs skal í ársbyrjun gera reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins á liðna árinu. Reikninginn skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og sveitar-sjóðsreikninga.

12. gr.

Í reglugerð, sem hreppsnefnd Búlandshrepps semur og atvinnumálaráðuneytið staðfestir, skal kveða á um allt það, sem lýtur að stjórn lendingarsjóðs, viðhaldi lendingarbóta, umferð og góðri reglu í lendingunni, upphæð vörugjalds, báta- og bryggjugjöld o. fl. Í reglugerð má ákveða um sektir fyrir brot gegn henni, 20—10000 kr., og renni sektir í sveitarsjóð.

13. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögglumál.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 28. desember 1944.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

L Ö G

um lendingarbætur í Selárdal í Ketildalahreppi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Til lendingarbóta í Selárdal í Ketildalahreppi í Vestur-Barðastrandarsýslu skal úr rikissjóði veita helming kostnaðar, eftir áætlun, sem atvinnumálaráðherra samþykkir, þegar fé er til þess veitt í fjárlögum, allt að 25 þúsund krónum, gegn jafnmiklu framlagi annars staðar að. Fjárhæð þessi greiðist lendingarbótasjóði Selárdals að jafnri tiltölu og lendingarbótasjóðurinn leggur fram til lendingarbótanna.

70

28. des.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 25 þúsund króna lán, er hreppsnefnd Ketildalahrepps kann að taka í innlendri lánsstofnun til lendingarbótanna.

Lánsábyrgðin skal bundin því skilyrði, að umsjón verksins og reikningshald sé falið manni, er atvinnumálaráðherra telur til þess færan.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera lendingarbæturnar eða undir brautir og vegi í þarfir þeirra, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans hvort heldur er grjót, mól eða önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem lendingarbæturnar hafa í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkváddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr lendingarbótasjóði Ketildalahrepps

Nú vill annar hvor málsaðili ekki una mati, og getur hann þá heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga, frá því að matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæma á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsfjárhæðinni verður ekki breytt meir en um 10% frá hinni ákveðnu endurgjaldsfjárhæð, annars greiðist kostnaðurinn úr lendingarbótasjóði.

4. gr.

Meðfram strandlengju dalsins, eftir því sem nánar verður til tekið í reglugerð, má ekki gera neitt mannvirki til lendingarbóta né heldur halda þar úti bátum til útgerðar, nema samþykki lendingarbótasjóðsstjórnar og hreppsnefndar Ketildalahrepps komi til.

Brot gegn þessum ákvæðum varða sektum frá 1000—10000 krónum.

5. gr.

Framkvæmd lendingarmála og eftirlit með lendingunni hafa þrír menn, er hreppsnefnd Ketildalahrepps kys. Skulu þeir kosnir á fyrsta fundi nýkosinnar hreppsnefndar, og gildir kosning þeirra jafnlengi og hreppsnefndarinnar. Til sama tíma skulu kosnir jafnmargir varamenn.

Hreppsnefnd Ketildalahrepps, sú sem nú situr, fer með framkvæmd þessara mála, unz hreppsnefndarkosningar fara næst fram.

6. gr.

Eignum lendingarbótasjóðs má aðeins verja í þágu lendingarinnar. Hrepps-sjóður Ketildalahrepps ábyrgist skuldir sjóðsins, og hreppsnefndin er ábyrg fyrir eignum lendingarinnar.

7. gr.

Hreppsnefndin má ekki án leyfis atvinnumálaráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir lendingarbótasjóðs, kaupa nýjar fasteignir eða taka lán til lengri tíma en svo, að þau verði greidd upp af tekjum næsta árs, né endurnýja slík lán og ekki heldur gera mannvirki við lendinguna svo stórvaxin, að árstekjur hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

8. gr.

Til að standast kostnað við byggingu og viðhald lendingarvirkjanna og til árlegs rekstrarkostnaðar lendingarinnar er heimilt að innheimta í lendingarbótasjóð Ketildalahrepps allt að 6% af brúttóverði afla hvers báts, sem haldið er úti

til fiskveiða frá Selárdal, vörugjald af vörum, sem fluttar eru í land eða úr landi innan takmarka hreppsins, svo og önnur gjöld, er ákveðin kunna að verða í reglugerð samkvæmt 12. gr. Heimilt er að innheimta gjöld í lendingarbótasjóð, þegar byrjað er á verkinu. 70
28. des.

Gjöld þessi má taka lögtaki, og ganga þau fyrir sjóveðum.

9. gr.

Reikningsár lendingarbótasjóðs er almanaksárið.

10. gr.

Fyrir 15. desember ár hvert skal stjórn lendingarbótasjóðs semja áætlun um tekjur og gjöld sjóðsins næsta ár og senda hana atvinnumálaráðuneytinu til samþykktar.

11. gr.

Stjórn lendingarbótasjóðs skal í ársbyrjun gera reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins á liðna árinu. Reikninginn skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og sveitarsjóðsreikninga.

12. gr.

Í reglugerð, sem hreppsnefnd Ketildalahrepps semur og atvinnumálaráðuneytið staðfestir, skal kveða á um allt það, sem lýtur að stjórn lendingarbótasjóðs, viðhaldi lendingarbóta, umferð og góðri reglu í lendingunni, upphæð vörugjalds, báta- og bryggjugjöld o. fl. Í reglugerð má ákveða um sektir fyrir brot gegn henni, 20—10000 kr., og renni sektir í lendingarbótasjóð.

13. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 28. desember 1944.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

L Ö G

um breyting á hafnarlögum fyrir Neskaupstað nr. 66 4. júlí 1942.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna skal orða svo:

Til hafnargerðar og dráttarbrautar í Neskaupstað veitist úr rikissjóði $\frac{2}{5}$ kostnaðar, eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefur samþykkt, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, allt að kr. 580000.00 — fimm hundruð og áttatíu þúsund krónum — gegn $\frac{3}{5}$ hlutum úr hafnarsjóði Neskaupstaðar.

71

30. des.

2. gr. laganna skal orða svo:

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að kr. 870000.00 — átta hundruð og sjöttu þúsund króna — lán, er hafnarsjóður Neskaupstaðar kann að fá til hafnargerðar og byggingar dráttarbrautar, gegn ábyrgð bæjarsjóðs. Framlagið úr ríkissjóði og ábyrgð þessi er bundin því skilyrði, að yfirmensjón með verkinu og reikningshaldi sé falin manni, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

3. gr.

11. gr. laganna skal orða svo:

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, sem hér segir:

1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem gerð eru samkv. 5. gr.
2. Af skipum og bátum, er hafna sig á höfn Neskaupstaðar, og farmi þeirra:
 - a. Lestargjald (hafnargjald).
 - b. Vitagjald.
 - c. Vörugjald. — Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annarra hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
 - d. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
 - e. Festargjald af skipum þeim, er nota festar hafnarinnar.
 - f. Allt að 1% af andvirði afla þeirra skipa og báta, sem heima eiga innan lögsagnarumdæmis Neskaupstaðar og leggja afla sinn á land innan sömu takmarka eða hafa þar uppsátur.
 - g. Brautargjald af skipum og bátum, sem nota dráttarbraut hafnarinnar.
 - h. Uppsátursgjald af skipum og bátum, sem upp eru settir í dráttarbrautinni og færðir til hliðar til geymslu eða viðgerðar.

Gjöld þessi sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar skulu ákveðin í reglugerð, sem bæjarstjórn semur og atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið staðfestir, og skal í henni ákveða, hver skuli greiða þau og innheimta.

Herskip og skemmtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarinnar samkvæmt tölulíð 2 a. og b.

4. gr.

18. gr. laganna skal orða svo:

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð, er hafnarnefnd semur og ráðuneytið staðfestir, allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvikjandi, er við þykir eiga, svo og um aðgang og notkun almennings á dráttarbraut og öðrum mannvirkjum hafnarinnar. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—1000 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renni í hafnarsjóð.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. desember 1944.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

FJÁRLÖG

fyrir árið 1945.

72

30. des.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

T e k j u r :

1. gr.

Árið 1945 er ætlað til, að tekjur ríkissjóðs verði svo sem talið er í 2.—5. gr. og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Áætlað er, að þessir skattar og tollar nemi:

| | kr. | kr. |
|--|------------|------------|
| 1. Tekju- og eignarskattur, að meðtöldum tekjuskattsauka | 28 500 000 | |
| 2. Stríðsgróðaskattur 9000000 | | |
| Þar af hluti bæjar- og sveitarfélaga 4500000 | 4 500 000 | 33 000 000 |
| 3. Vörumagnstollur | 9 000 000 | |
| 4. Verðtollur | 28 000 000 | |
| 5. Innflutningsgjald af benzíni | 900 000 | |
| 6. Gjald af innlendum tollvörum | 1 500 000 | 39 400 000 |
| 7. Fasteignaskattur | 600 000 | |
| 8. Lestagjald af skipum | 60 000 | |
| 9. Bifreiðaskattur | 900 000 | 1 560 000 |
| 10. Aukatekjur | 800 000 | |
| 11. Stimpilgjald | 1 700 000 | |
| 12. Vitagjald | 300 000 | |
| 13. Leyfisbréfagjöld | 50 000 | |
| 14. Erfðafjárskattur | 200 000 | |
| 15. Veitingaskattur | 400 000 | |
| | | 3 450 000 |
| Samtals ... | . . . | 77 410 000 |

3. gr.

Tekjur af rekstri ríkisstofnana eru áætlaðar:

| | kr. | kr. |
|---|------------|------------|
| A. | | |
| 1. Rekstrarhagnaður landssímans | 3016900 | |
| 2. — áfengisverzlunar | 20000000 | |
| 3. — tóbakseinkasölu | 7000000 | |
| 4. — ríkisútlvarps | 204655 | |
| 5. — ríkisprentsmiðju | 260000 | |
| | 30 481 555 | |
| ÷ Tap af rekstri póstsjóðs | 546 300 | |
| | | 29 935 255 |
| Samtals ... | . . . | 29 935 255 |
| <i>Sundurliðun.</i> | | |
| <i>1. Póstsjóður.</i> | | |
| I. Tekjur | | 2 600 000 |
| II. Gjöld: | | |
| 1. Póststjórnarkostnaður | 239 000 | |
| 2. Póststofan í Reykjavík | 1 082 000 | |
| 3. Önnur pósthús | 588 300 | |
| 4. Póstflutningar | 960 000 | |
| 5. Önnur gjöld | 167 000 | |
| 6. Fyrning | 10 000 | |
| 7. Orlofsfé og lífeyrissjóðsiðgjöld | 100 000 | |
| | | 3 146 300 |
| Mismunur (halli) ... | | 546 300 |
| <i>2. Landssíminn.</i> | | |
| I. Tekjur | | 13 550 000 |
| II. Gjöld: | | |
| a. Til notendasíma í sveitum | 500 000 | |
| b. Til starfrækslu landssímanna m. m.: | | |
| 1. Kostnaður af aðalskrifstofu landssímans | 466700 | |
| 2. Ritsímastöðin í Reykjavík | 1486000 | |
| 3. Loftskýtastöðin í Reykjavík | 118500 | |
| 4. Stuttbylgjustöðin í Reykjavík | 199000 | |
| 5. Bæjarsíminn í Reykjavík og Hafnarfirði | 2185000 | |
| 6. Áhaldahúsið | 120000 | |
| 7. Ritsímastöðin á Akureyri | 357000 | |
| 8. Ritsímastöðin á Seyðisfirði | 249000 | |
| 9. Ritsímastöðin á Ísafirði | 157900 | |
| 10. Símsstöðin á Borðeyri | 134400 | |
| 11. Símsstöðin í Vestmannaeyjum | 169400 | |
| 12. Símsstöðin á Siglufirði | 199700 | |
| 13. Til annarra símsstöðva og eftirlitsstöðva | 1100000 | |
| | 6 942 600 | |

| | kr. | kr. |
|---|-----------|------------|
| c. Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m. | 200 000 | |
| d. Viðbót og viðhald stöðva | 548 500 | |
| e. Viðhald landssímanna | 1 747 000 | |
| f. Framhaldsgjald | 150 000 | |
| g. Ýmis gjöld | 75 000 | |
| h. Fyrning á húsum og áhöldum | 100 000 | |
| i. Lífeyrissjóðsiðgjöld | 270 000 | |
| | | 10 533 100 |
| Fært á 3. gr. A. 1 | . . . | 3 016 900 |
| <i>Eignabreytingar landssímans.</i> | | |
| Út. | | |
| I. Afborganir af lánum og til húsaþauka | | 200 000 |
| II. Til viðauka símakerfa, smærri efnis- og áhaldakaupa | | 250 000 |
| III. Til talstöðva í báta og skip | | 150 000 |
| IV. Til loftskæptastöðva í skip | | 50 000 |
| V. Til birgðahúss í Reykjavík | | 450 000 |
| VI. Til póst- og símahúss á Akureyri | | 350 000 |
| VII. Til nýrra landssímalína | | 250 000 |
| Fært á 20. gr. Út I. 2. og II. | . . . | 1 700 000 |
| <i>3. Afengisverzlun ríkisins.</i> | | |
| I. Tekjur (brúttó hagnaður) | | 22 153 080 |
| II. Gjöld: | | |
| 1. a. Grunnlaun | 230460 | |
| b. Aukaþbót | 64572 | |
| c. Verðlagsþbót | 438048 | |
| | | 733 080 |
| 2. Ýmislegur rekstrarkostnaður | 280 000 | |
| 3. Kostnaður við afengisúthlutun | 405 000 | |
| 4. Flutningskostnaður | 60 000 | |
| 5. Útsvar | 675 000 | |
| | | 2 153 080 |
| Fært á 3. gr. A. 2 | . . . | 20 000 000 |
| <i>4. Tóbakseinkasala ríkisins.</i> | | |
| I. Tekjur (brúttó hagnaður) | | 7 914 099 |
| II. Gjöld: | | |
| a. Laun: | | |
| 1. Grunnlaun | 97540 | |
| 2. Aukaþbót | 26941 | |
| 3. Verðlagsþbót | 182596 | |
| | | 307 077 |
| b. Annar kostnaður | 257 022 | |
| c. Útsvar, áætlað tap á skuldum o. fl. | 350 000 | |
| | | 914 099 |
| Fært á 3. gr. A. 3 | . . . | 7 000 000 |

72
30. des.

| | | kr. | kr. |
|--|--|-----------|-----------|
| <i>5. Ríkisútvarpið.</i> | | | |
| I. Tekjur: | | | |
| a. | Afnotagjöld | 1 325 000 | |
| b. | Aðrar tekjur | 300 000 | 1 625 000 |
| II. Gjöld: | | | |
| a. Laun: | | | |
| 1. | Grunnlaun | 222400 | |
| 2. | Aukauppbót | 60325 | |
| 3. | Verðlagsuppbót | 420900 | |
| | | 703 625 | |
| b. | Útvarpsefni | 350 000 | |
| c. | Skrifstofukostnaður | 150 000 | |
| d. | Húsaleiga, ljós og hiti | 75 000 | |
| e. | Til útvarpsstöðva | 185 000 | |
| f. | Til hleðslustöðva, viðgerðaferða o. fl. | 30 000 | |
| g. | Óviss útgjöld | 25 000 | |
| h. | Vextir | 15 000 | |
| i. | Fyrning á húsum og vélum | 50 000 | |
| | | | 1 583 625 |
| | | . . . | 41 375 |
| III. Rekstur viðtækjaverzlunar: | | | |
| a. | Tekjur | 408 000 | |
| b. Gjöld: | | | |
| 1. Laun: | | | |
| a. | Grunnlaun | 51840 | |
| b. | Aukauppbót | 14040 | |
| c. | Verðlagsuppbót | 96570 | |
| | | 162450 | |
| 2. | Annar kostnaður | 96808 | |
| | | 259 258 | |
| | | | 148 742 |
| IV. Rekstur viðgerðarstofu: | | | |
| a. | Tekjur | 270 000 | |
| b. Gjöld: | | | |
| 1. Laun: | | | |
| a. | Grunnlaun | 46100 | |
| b. | Aukauppbót | 12485 | |
| c. | Verðlagsuppbót | 87877 | |
| | | 146462 | |
| 2. | Efni | 80000 | |
| 3. | Annar kostnaður | 40500 | |
| | | 266 962 | |
| | | | 3 038 |

| | | kr. | kr. | 72 30. des. |
|---|------------------------------|----------------|-----------|----------------|
| V. Rekstur viðtækjasmiðju: | | | | |
| a. | Tekjur | 175 000 | | |
| b. | Gjöld: | | | |
| 1. | Laun: | | | |
| a. | Grunnlaun | 24100 | | |
| b. | Aukauppbót | 6700 | | |
| c. | Verðlagsuppbót | 46200 | | |
| | | <u>77000</u> | | |
| 2. | Efni | 60000 | | |
| 3. | Annar kostnaður | 26500 | | |
| | | <u>163 500</u> | | |
| | | | 11 500 | |
| | Fært á 3. gr. A. 4 | . . . | 204 655 | |
| Eignabreytingar: | | | | |
| Afborgun af láni til stækkunar (sjá 20. gr. Út I. 2. b) | | | | |
| | | . . . | 89 100 | |
| 6. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg. | | | | |
| I. | Tekjur (prentvinna) | | 1 750 000 | |
| II. | Gjöld: | | | |
| 1. a. | Laun starfsmanna: | | | |
| 1. | Grunnlaun | 39500 | | |
| 2. | Aukauppbót | 5500 | | |
| 3. | Verðlagsuppbót | 64000 | | |
| | | <u>109000</u> | | |
| b. | Vinnulaun og aðkeypt vinna: | | | |
| 1. | Grunnlaun | 356400 | | |
| 2. | Verðlagsuppbót | 534600 | | |
| | | <u>891000</u> | | |
| 2. | Efnivörur | 1 000 000 | | |
| 3. | Vélarekstur og viðhald | 257 000 | | |
| 4. | Vextir | 95 000 | | |
| 5. | Annar kostnaður | 5 000 | | |
| 6. | Fyrning | 113 000 | | |
| | | <u>20 000</u> | | |
| | | | 1 490 000 | |
| | Fært á 3. gr. A. 5 | . . . | 260 000 | |
| 7. Landssmiðjan. | | | | |
| I. | Tekjur: | | | |
| 1. | Vörusala | 60 000 | | |
| 2. | Járnsmiðadeild | 350 000 | | |
| 3. | Trésmiðadeild | 60 000 | | |
| 4. | Járnsteypa | 10 000 | | |
| 5. | Seld vélanotkun | 100 000 | | |
| | | | 580 000 | |

72
30. des.

II. Gjöld:

1. Laun:

| | |
|-------------------------|-------|
| a. Grunnlaun | 43430 |
| b. Aukauppbót | 9620 |
| c. Verðlagsuppbót | 78450 |

| | |
|------------------------------|---------|
| 2. Vextir | 131 500 |
| 3. Tap á skuldum | 50 000 |
| 4. Annar kostnaður | 15 000 |
| 5. Fyrning | 150 000 |
| 6. Skattar í rikissjóð | 150 000 |
| | 83 500 |

580 000

8. Áburðarsala ríkisins.

a. Laun:

| | |
|-------------------------|-------|
| 1. Grunnlaun | 16500 |
| 2. Aukauppbót | 4738 |
| 3. Verðlagsuppbót | 31375 |
| | 52613 |

| | |
|--------------------------|--------|
| b. Annar kostnaður | 107387 |
|--------------------------|--------|

÷ Tekjur af vörusölu og fasteignum

160 000

160 000

9. Grænmetisverzlun ríkisins.

a. Laun:

| | |
|-------------------------|--------|
| 1. Grunnlaun | 33000 |
| 2. Aukauppbót | 8937 |
| 3. Verðlagsuppbót | 60290 |
| | 102227 |

| | |
|--------------------------|-------|
| b. Annar kostnaður | 97773 |
|--------------------------|-------|

÷ Tekjur af vörusölu og fasteignum

200 000

200 000

B.

Tekjur af fasteignum ríkissjóðs eru taldar:

1. Arnarhvoll:

| | |
|-----------------|--------|
| a. Tekjur | 90 000 |
|-----------------|--------|

b. Gjöld:

1. Laun húsvarðar:

| | |
|-------------------------|------|
| a. Grunnlaun | 3600 |
| b. Aukauppbót | 1020 |
| c. Verðlagsuppbót | 6930 |

11550

| | | 3. gr. | | 72 |
|-------------------------------------|-------|--------|--------|----------|
| | | kr. | kr. | 30. des. |
| 2. Vextir | 19458 | | | |
| 3. Annar kostnaður | 53150 | | | |
| 4. Fyrning | 3649 | | | |
| | | 87 807 | | |
| 2. Tekjur af öðrum fasteignum | | | 2 193 | |
| | | | 8 000 | |
| Samtals ... | | . . . | 10 193 | |

4. gr.

Tekjur af verðbréfum, bankainnstæðum, hlutafjäreign o. fl.

| | | kr. | kr. |
|--|--|-------|---------|
| 1. Vextir af veðdeildarbréfum Landsbankans, sem standa eiga undir og eru að veði fyrir lánnum til veðdeildarbréfakaupa | | | 153 785 |
| 2. Vextir af öðrum bankavaxtabréfum, jarðræktarbréfum og kreppulánasjóðsbréfum | | | 12 211 |
| 3. Vextir af stofnfé Landsbankans, 6% af 3 millj. | | | 180 000 |
| 4. Vextir af dönskum ríkisskuldabréfum | | | 139 434 |
| 5. Arður af hlutafjäreign | | | 187 000 |
| 6. Aðrir vextir | | | 50 000 |
| Samtals ... | | . . . | 722 430 |

5. gr.

Óvissar tekjur eru áætlaðar 100 000 krónur.

72
30. des.

II. KAFLI

Gjöld:

6. gr.

Árið 1945 eru veittar til gjalda fjárhæðir þær, sem tilgreindar eru í 7.—19. gr.

7. gr.

Vextir af lánum ríkissjóðs eru taldir:

| | kr. | kr. |
|--------------------------------|-------|-----------|
| 1. Innlend lán | | 926 787 |
| 2. Lán í dönskum krónum | | 269 429 |
| 3. Lán í sterlingspundum | | 329 434 |
| 4. Lausaskuldir | | 50 000 |
| Samtals ... | . . . | 1 575 650 |

8. gr.

| | kr. | kr. |
|---|-----|---------|
| Kostnaður við æðstu stjórn landsins | | 200 000 |

9. gr.

Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkisreikninga er veitt:

| | kr. | kr. |
|---|-------|-----------|
| 1. Til alþingiskostnaðar | | 1 200 000 |
| 2. Til yfirskoðunar ríkisreikninga | | 12 187 |
| 3. Fyrning á alþingishúsi (sjá 20. gr.) | | 2 170 |
| Samtals ... | . . . | 1 214 357 |

Til ríkisstjórnarinnar er veitt:

I. Stjórnarráðið:

1. Til ráðherra:

a. Laun:

| | | |
|--|-------|--------|
| 1. Grunnlaun | 50000 | |
| 2. Aukauppbót | 13100 | |
| 3. Verðlagsuppbót | 74025 | |
| 4. Viðbótargreiðsla, 5000 kr. til hvers ráðherra, allt að | 25000 | |
| | | 162125 |

b. Til risnu samkvæmt reikningi

25000

c. 1. Húsaleiga forsætisráðherra .

3000

2. Húsaleiguuppbót

1010

4010

191 135

2. Til ráðuneytanna:

a. Atvinnumálaráðuneytið, laun:

| | | |
|-------------------------|--------|--------|
| 1. Grunnlaun | 59400 | |
| 2. Aukauppbót | 16125 | |
| 3. Verðlagsuppbót | 113287 | |
| | | 188812 |

b. Dómsmálaráðuneytið, laun:

| | | |
|-------------------------|-------|--------|
| 1. Grunnlaun | 50002 | |
| 2. Aukauppbót | 13537 | |
| 3. Verðlagsuppbót | 95310 | |
| | | 158849 |

c. Fjármálaráðuneytið, laun:

| | | |
|-------------------------|--------|--------|
| 1. Grunnlaun | 111636 | |
| 2. Aukauppbót | 29248 | |
| 3. Verðlagsuppbót | 205928 | |
| | | 346812 |

d. Utanríkisráðuneytið, laun:

| | | |
|-------------------------|-------|--------|
| 1. Grunnlaun | 39452 | |
| 2. Aukauppbót | 11102 | |
| 3. Verðlagsuppbót | 75832 | |
| | | 126386 |

e. Viðskiptamálaráðuneytið, laun:

| | | |
|-------------------------|-------|-------|
| 1. Grunnlaun | 18150 | |
| 2. Aukauppbót | 4897 | |
| 3. Verðlagsuppbót | 34571 | |
| | | 57618 |

f. Aðrir starfsmenn ráðuneytanna, laun:

| | | |
|-------------------------|-------|--------|
| 1. Grunnlaun | 32052 | |
| 2. Aukauppbót | 8909 | |
| 3. Verðlagsuppbót | 61443 | |
| | | 102404 |

g. Annar kostnaður ráðuneytanna

185000

1 165 881

72

30. des.

| | | kr. | kr. |
|---|----------------|---------|-----------|
| 3. Ríkisféhirzla og ríkisbókhald: | | | |
| a. Laun: | | | |
| 1. Grunnlaun | 65200 | | |
| 2. Aukauppbót | 17860 | | |
| 3. Verðlagsuppbót | 119160 | | |
| | <u>202220</u> | | |
| b. Annar kostnaður | 30000 | 232 220 | |
| 4. Ýmis kostnaður: | | | |
| a. Pappír, prentun og hefting ríkisreikninga | | 12000 | |
| b. Til þess að gefa út stjórnartíðindi: | | | |
| 1. Þóknun fyrir ritstjórn tíðindanna o. fl. | 1200 | | |
| 2. Til pappírs og prentunar | 70000 | | |
| 3. Til kostnaðar af sendingu með póstum | 4500 | | |
| | <u>75700</u> | | |
| c. Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu | 20000 | | |
| d. Fyrning á stjórnarráðshúsi og ráðherrabústað (sjá 20. gr.) | 2046 | 109 746 | |
| | | | 1 698 982 |
| II. Hagstofan: | | | |
| a. Laun: | | | |
| 1. Grunnlaun | 50030 | | |
| 2. Aukauppbót | 14187 | | |
| 3. Verðlagsuppbót | 95951 | | |
| | <u>160 168</u> | 160 168 | |
| b. Aukavinna | | 4 000 | |
| c. Pappír, prentun og hefting hagskýrslna | | 60 000 | |
| d. Prentun eyðublaða | | 4 500 | |
| e. Húsaleiga, hiti og ljós | | 12 000 | |
| f. Annar kostnaður | | 4 000 | |
| | | | 244 668 |
| III. Utanríkismál: | | | |
| 1. Sendiráðið í Köbenhavn: | | | |
| a. 1. Laun sendifulltrúa | 8000 | | |
| 2. Áætluð staðaruppbót | 12000 | | |
| | <u>20000</u> | | |
| b. Laun annarra starfsmanna | 20000 | | |
| c. Annar kostnaður | 14800 | | |
| | <u>54 800</u> | 54 800 | |
| 2. Sendiráðið í Stockholm: | | | |
| a. 1. Laun sendifulltrúa | 8000 | | |
| 2. Áætluð staðaruppbót | 37000 | | |
| | <u>45000</u> | | |
| b. Laun annarra starfsmanna | 10000 | | |
| c. Annar kostnaður | 31500 | | |
| | <u>86 500</u> | 86 500 | |

| | | 10. gr. | | 72 |
|----|--|--------------|---------|-----------|
| | | kr. | kr. | 30. des. |
| 3. | Sendiráðið í London: | | | |
| a. | 1. Laun sendiherra | 10000 | | |
| | 2. Áætluð staðaruppbót | 60000 | | |
| | | <u>70000</u> | | |
| b. | Laun annarra starfsmanna | 83000 | | |
| c. | Annar kostnaður | 43000 | | |
| | | | 196 000 | |
| 4. | Sendiráðið í Washington: | | | |
| a. | 1. Laun sendiherra | 10000 | | |
| | 2. Áætluð staðaruppbót | 68000 | | |
| | | <u>78000</u> | | |
| b. | Laun annarra starfsmanna | 113000 | | |
| c. | Annar kostnaður | 58500 | | |
| | | | 249 500 | |
| 5. | Sendiráðið í Moskva: | | | |
| a. | 1. Laun sendiherra | 10000 | | |
| | 2. Áætluð staðaruppbót | 53000 | | |
| | | <u>63000</u> | | |
| b. | Laun annarra starfsmanna | 31700 | | |
| c. | Annar kostnaður | 36800 | | |
| | | | 131 500 | |
| 6. | Aðalræðismannsskrifstofan í New York: | | | |
| a. | 1. Laun aðalræðismanns | 8000 | | |
| | 2. Áætluð staðaruppbót | 46500 | | |
| | | <u>54500</u> | | |
| b. | Laun annarra starfsmanna | 13000 | | |
| c. | Annar kostnaður | 18000 | | |
| | | | 85 500 | |
| 7. | Ferðakostnaður | | 20 000 | |
| 8. | Kostnaður vegna samninga við erlend ríki | | 60 000 | |
| | | | | 883 800 |
| | Samtals . . . | . . . | | 2 827 450 |

11. gr.

72

30. des.

Til dómgæzlu, lögreglustjórnar, kostnaðar við opinbert eftirlit, skatta- og tollainnheimtu o. fl. er veitt:

| | kr. | kr. |
|--|---------|---------|
| <i>A. Dómgæzla og lögreglustjórn.</i> | | |
| 1. Hæstiréttur: | | |
| a. Laun hæstaréttardómara og hæstaréttarritara: | | |
| 1. Grunnlaun | 38000 | |
| 2. Aukauppbót | 9480 | |
| 3. Verðlagsuppbót | 55845 | |
| | 103 325 | |
| b. Annar kostnaður | 40 000 | 143 325 |
| 2. Borgardómaraembættið í Reykjavík: | | |
| a. Laun: | | |
| 1. Grunnlaun | 44110 | |
| 2. Aukauppbót | 11340 | |
| 3. Verðlagsuppbót | 77760 | |
| | 133 210 | |
| b. Húsaleiga, ljós og hiti | 4 400 | |
| c. Annar kostnaður | 10 000 | 147 610 |
| 3. Borgarfógetaembættið í Reykjavík: | | |
| a. Laun: | | |
| 1. Grunnlaun | 46400 | |
| 2. Aukauppbót | 12030 | |
| 3. Verðlagsuppbót | 78885 | |
| | 137 315 | |
| b. Húsaleiga, ljós og hiti | 12 480 | |
| c. Annar kostnaður | 12 000 | 161 795 |
| 4. Sakadómaraembættið í Reykjavík: | | |
| a. Laun: | | |
| 1. Grunnlaun | 67700 | |
| 2. Aukauppbót | 17865 | |
| 3. Verðlagsuppbót | 123097 | |
| | 208 662 | |
| b. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting | 36 400 | |
| c. Annar kostnaður | 30 000 | 275 062 |
| 5. Lögreglustjóraembættið í Reykjavík: | | |
| a. Laun: | | |
| 1. Grunnlaun | 36800 | |
| 2. Aukauppbót | 9420 | |
| 3. Verðlagsuppbót | 64080 | |
| | 110 300 | |
| b. Ljós, hiti, ræsting og dyravarzla | 50 000 | |
| c. Annar kostnaður | 37 000 | 197 300 |
| 6. Embætti sýslumanna, bæjarfógeta og lögreglustjóra utan Reykjavíkur: | | |
| a. Laun: | | |
| 1. Grunnlaun | 153096 | |
| 2. Aukauppbót | 30284 | |
| 3. Verðlagsuppbót | 210570 | |
| | 393 950 | |

| | kr. | kr. | 72 30. des. |
|---|---------|-----------|----------------|
| b. Skrifstofukostnaður: | | | |
| 1. Grunnlaun | 230000 | | |
| 2. Aukauppbót | 54000 | | |
| 3. Verðlagsuppbót | 400000 | | |
| | 684 000 | | |
| 7. Laun hreppstjóra: | | 1 077 950 | |
| a. Grunnlaun | 55 000 | | |
| b. Aukauppbót | 16 500 | | |
| c. Verðlagsuppbót | 107 250 | | |
| 8. Lögreglukostnaður: | | 178 750 | |
| a. Ríkislögregla: | | | |
| 1. Laun lögregluþjóna: | | | |
| a. Grunnlaun | 200570 | | |
| b. Aukauppbót | 54838 | | |
| c. Verðlagsuppbót | 383135 | | |
| d. Áhættuþóknun | 49005 | | |
| | 687548 | | |
| 2. Annar kostnaður | 245000 | | |
| | 932 548 | | |
| b. Hluti ríkissjóðs af lögreglukostnaði í Reykjavík .. | 300 000 | | |
| 9. Kostnaður við landhelgisgæzlu | | 1 232 548 | |
| 10. Til hegningarhúsa og vinnuhæla: | | 2 800 000 | |
| a. Hegningarhúsið í Reykjavík: | | | |
| 1. Laun: | | | |
| a. Grunnl. + húsaleigustyrkur | 11248 | | |
| b. Aukauppbót | 2230 | | |
| c. Verðlagsuppbót | 15285 | | |
| | 28763 | | |
| 2. Annar kostnaður | 40000 | | |
| (Þar af fyrning 1770 kr. sjá 20. gr.) | | | |
| 3. Til viðgerðar og endurbóta | 165000 | | |
| | 233 763 | | |
| b. Vinnuhælið á Litla-Hrauni: | | | |
| 1. Laun: | | | |
| a. Grunnlaun | 30900 | | |
| b. Aukauppbót | 8685 | | |
| c. Verðlagsuppbót | 59377 | | |
| | 98962 | | |
| 2. Annar kostnaður (þar með talin fyrning kr. 53000) | 158000 | | |
| | 256962 | | |
| ÷ Tekjur | 70000 | | |
| | 186962 | | |
| 3. Til viðgerðar og endurbóta | 100000 | | |
| | 286 962 | | |
| c. Til byggingar fangahúss í Hafnarfirði | 35 000 | | |
| d. Önnur fangahús | 10 000 | | |
| | | 565 725 | |
| 11. Kostnaður við sakamál og lögreglumál | | 140 000 | |
| 12. Laun sjódomsmanna | | 6 000 | |
| 13. Kostnaður við störf setu- og varadómara | | 15 000 | |

72
30. des.

| | | kr. | kr. |
|-----|------------------------------------|---------|-----------|
| 14. | Kostnaður við félagsdóm: | | |
| a. | Laun félagsdómsmanna: | | |
| 1. | Grunnlaun | 13200 | |
| 2. | Aukauppbót | 3540 | |
| 3. | Verðlagsuppbót | 14703 | |
| | | 31 443 | |
| b. | Annar kostnaður | 2 000 | 33 443 |
| 15. | a. Laun sáttamanna í vinnudeilum: | | |
| 1. | Grunnlaun | 5000 | |
| 2. | Aukauppbót | 750 | |
| 3. | Verðlagsuppbót | 3750 | |
| | | 9 500 | |
| b. | Annar kostnaður | 5 000 | 14 500 |
| | Samtals A. ... | . . . | 6 989 008 |
| | <i>B. Opinbert eftirlit.</i> | | |
| 1. | Skipaskoðun ríkisins: | | |
| a. | Laun: | | |
| 1. | Grunnlaun | 25800 | |
| 2. | Aukauppbót | 7170 | |
| 3. | Verðlagsuppbót | 49455 | |
| | | 82 425 | |
| b. | Ferðakostnaður | 9 000 | |
| c. | Annar kostnaður | 12 900 | 104 325 |
| 2. | Rafmagnseftirlit ríkisins: | | |
| a. | Laun: | | |
| 1. | Grunnlaun | 38820 | |
| 2. | Aukauppbót | 10660 | |
| 3. | Verðlagsuppbót | 74220 | |
| | | 123 700 | |
| b. | Annar kostnaður | 103 400 | |
| | ÷ Tekjur | 227 100 | |
| | | 198 000 | 29 100 |
| 3. | Eftirlit með verksmiðjum og vélum: | | |
| a. | Laun: | | |
| 1. | Grunnlaun | 20200 | |
| 2. | Aukauppbót | 3540 | |
| 3. | Verðlagsuppbót | 25110 | |
| | | 48 850 | |
| b. | Ferðakostnaður | 8 500 | |
| c. | Annar kostnaður | 8 050 | |
| | | 65 400 | |
| | ÷ Tekjur | 65 400 | |

| | | kr. | kr. | 72 30. des. |
|----|---|----------------|--------|----------------|
| 4. | Bifreiðaeftirlit ríkisins: | | | |
| a. | Laun: | | | |
| | 1. Grunnlaun | 33900 | | |
| | 2. Aukauppbót | 9195 | | |
| | 3. Verðlagsuppbót | 64891 | | |
| | | <u>107 986</u> | | |
| b. | Annar kostnaður | 55 000 | | |
| | | <u>162 986</u> | | |
| | ÷ Tekjur | 162 986 | | |
| 5. | Löggildingarstofan: | | | |
| a. | Laun: | | | |
| | 1. Grunnlaun | 22400 | | |
| | 2. Aukauppbót | 6195 | | |
| | 3. Verðlagsuppbót | 42892 | | |
| | | <u>71 487</u> | | |
| b. | Annar kostnaður | 21 500 | | |
| | | <u>92 987</u> | | |
| | ÷ Tekjur | 92 987 | | |
| 6. | Eftirlit með skipulagi bæja og sjávarþorpa: | | | |
| a. | Laun: | | | |
| | 1. Grunnlaun og aukabóknun | 22440 | | |
| | 2. Aukauppbót | 5170 | | |
| | 3. Verðlagsuppbót | 41175 | | |
| | | <u>68 785</u> | | |
| b. | Annar kostnaður | 31 475 | | |
| | | <u>100 260</u> | | |
| | ÷ Tekjur | 75 000 | | |
| | | | 25 260 | |
| 7. | Matvælaeftirlitið: | | | |
| a. | Laun: | | | |
| | 1. Grunnlaun | 5400 | | |
| | 2. Aukauppbót | 1470 | | |
| | 3. Verðlagsuppbót | 10305 | | |
| | | <u>17 175</u> | | |
| b. | Annar kostnaður | 25 000 | | |
| | | <u>42 175</u> | | |
| | ÷ Tekjur | 35 000 | | |
| | | | 7 175 | |
| 8. | Kostnaður við mat á afurðum: | | | |
| a. | Fiskimat: | | | |
| | 1. Laun: | | | |
| | a. Grunnlaun | 43800 | | |
| | b. Aukauppbót | 8570 | | |
| | c. Verðlagsuppbót | 78555 | | |
| | | <u>130925</u> | | |
| | 2. Skrifstofukostnaður | 6000 | | |
| | 3. Ferðakostnaður | 5000 | | |
| | | <u>141 925</u> | | |

72
30. des.

| | | kr. | kr. |
|-----|------------------------------------|--------------|---------|
| b. | Sildarmat: | | |
| | 1. Laun: | | |
| | a. Grunnlaun | 14600 | |
| | b. Aukauppbót | 3930 | |
| | c. Verðlagsuppbót | 27795 | |
| | | <u>46325</u> | |
| | 2. Annar kostnaður | 9600 | |
| | | | 55 925 |
| c. | Laun kjötmatsmanna: | | |
| | 1. Grunnlaun | 5400 | |
| | 2. Aukauppbót | 1500 | |
| | 3. Verðlagsuppbót | 10350 | |
| | | | 17 250 |
| d. | Laun ullarmatsmanna: | | |
| | 1. Grunnlaun | 4500 | |
| | 2. Aukauppbót | 1350 | |
| | 3. Verðlagsuppbót | 8775 | |
| | | | 14 625 |
| e. | Laun lýsismatsmanns: | | |
| | 1. Grunnlaun | 2400 | |
| | 2. Aukauppbót | 600 | |
| | 3. Verðlagsuppbót | 900 | |
| | | | 3 900 |
| f. | Ferðakostnaður matsmanna | 20 000 | |
| | | | 253 625 |
| 9. | Kostnaður við vörumerkjaskráningu: | | |
| | a. Grunnlaun | 1 600 | |
| | b. Aukauppbót | 400 | |
| | c. Verðlagsuppbót | 3 000 | |
| | | | 5 000 |
| 10. | Eftirlit með opinberum sjóðum: | | |
| | a. Grunnlaun | 2 200 | |
| | b. Aukauppbót | 660 | |
| | c. Verðlagsuppbót | 4 290 | |
| | | | 7 150 |
| 11. | Kostnaður við eftirlit á vegum: | | |
| | a. Laun: | | |
| | 1. Grunnlaun | 6000 | |
| | 2. Aukauppbót | 1620 | |
| | 3. Verðlagsuppbót | 11430 | |
| | | | 19 050 |
| | b. Annar kostnaður | 12 950 | |
| | | | 32 000 |
| 12. | Eftirlit með sparisjóðum: | | |
| | a. Laun: | | |
| | 1. Grunnlaun | 5400 | |
| | 2. Aukauppbót | 1470 | |
| | 3. Verðlagsuppbót | 10305 | |
| | | | 17 175 |
| | b. Ferðakostnaður | 2 000 | |
| | | | 19 175 |

13. Eftirlit með viðskiptum og verðlagi:

a. Viðskiptaráð:

1. Laun:

| | |
|-------------------------|--------|
| a. Grunnlaun | 323020 |
| b. Aukauppbót | 73459 |
| c. Verðlagsuppbót | 507158 |

903637

| | |
|---|--------|
| 2. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting | 50000 |
| 3. Innkaupanefndin í New York | 200000 |
